

Kæra lögreglu vegna lélegrar rannsóknar

Lögmaður tveggja stúlkna og móður þeirra hefur lagt fram kærur bæði til ríkis- og héraðssáksóknara vegna meðferðar lögreglu á rannsókn brota föðurins gegn stúlkunum. Málið komst í hámaili í vor vegna afskipta þáverandi forstjóra Barnaverndarstofu.

BARNAVERND Mál hafnifskra systra, sem komst í hámaili í vor vegna afskipta Braga Guðbrandssonar, fyrrverandi forstjóra Barnaverndarstofu, hafa að mati lögmanns þeirra enn ekki fengið eðlilega rannsókn hjá lögreglu. Hann hefur lagt fram kærur fyrir hönd systrana og móður þeirra, bæði til ríkissáksóknara og héraðssáksóknara, þar sem kærðir eru ótilgreindir starfsmenn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, vegna þeirrar málsmeðferðar sem tilkynningar barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar um möguleg kynferðisbrot föður stúlkanna fengu hjá lögreglu.

„Ég tel að lögreglu hafi verið óheimilt að rannsaka ekki málin,“ segir Jóhann Baldursson, lögmaður mæðganna.

Um er að ræða tvær kærur, aðra til héraðssáksóknara og hina til ríkissáksóknara. Kærurnar varða meðferð tveggja mála sem barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar tilkynnti til lögreglu með tæplega tveggja ára millibili, annars vegar í lok árs 2014 og hins vegar í árslok 2016.

Fyrri kærán var send ríkissáksóknara fyrir rúmum tveimur mánuðum og varðar tilkynningu

Ég tel að lögreglu hafi verið óheimilt að rannsaka ekki málin.

Jóhann Baldursson, lögmaður mæðganna

barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar til lögreglu í desember 2016 um sterkar vísbendingar um brot gegn stúlkunum sem fram komu í meðferð og viðtölum hjá meðferðaraðila í Barnahúsi. Engin lögreglurannsókn mun hafa farið fram í kjölfar þeirrar tilkynningar.

Síðari kærán var hins vegar send héraðssáksóknara fyrir rúmum tveimur vikum og varðar meinta óeðlilega meðferð rannsóknarlögreglu í kjölfar fyrri tilkynningar barnaverndarnefndar vegna gruns um brot föðurins í lok árs 2014.

Lögmaður mæðganna segist geta fullt að möguleg refsiverð háttsemi sem lögregla hafði upplýsingar um hafi ekki verið rannsökuð.

Héraðssáksóknari rannsakar meint brot lögreglumanna í starfi og staðfestir Kolbrún Benediktsdóttir að embættið hafi til meðferðar mál um hvort lögreglumenn hafi gerst sekir um refsiverð athæfi við meðferð máls sem var lokið fyrir nokkru. —



Donald Trump Bandaríkjaforseti beið rólegur eftir því að stiga í pontu á allsherjarþingi SP í gær. Hann var einn 35 leiðtoga sem tóku til máls. Ræddi um tolla, Norður-Kóreu, Íran og hnattveðinguna. Sjá síðu 8

NORDICPHOTOS/AFP

Tekist á um veiðigjöldin

SJÁVARÚTVEGUR „Mér sýnist að verið sé að fara í leikfimiæfingar með það markmið að lækka gjöld á útgerðina. Frumvarp sem auðveldar pólitíkinni að krukka í veiðigjöldin,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, um nýtt veiðigjaldafrumvarp sem kynnt var í gær.

Gjaldhlutfall veiðigjalds er óbreytt en viðmiðun álagningar færð nær í tíma með frumvarpinu. Afkoma fiskvinnslu verður undanskilin veiðigjöldum.

— sa / sjá síðu 4



Vildi rannsaka sölu í Bakkavör

VIÐSKIPTI Meirihluti stjórnar Arion banka hafnaði tillögu fulltrúa Bankasýslu ríkisins um að sala bankans á hlut sinum í Bakkavör yrði rannsökuð. Tillaga þáverandi varaformanns stjórnar bankans svipaðs efnis var líka felld. Bankasýslan segir að við sölu hafi vaknað sömu spurningar og í Borgunarmálinu svonefnda.

Þetta er á meðal þess sem fram kemur í minnisblaði frá Bankasýslunni sem Markaðurinn hefur undir höndum. — hae, kj / sjá Markaðinn



FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS

Fleiri myndir er að finna á Plússiú Fréttablaðsins. Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.

Allt sem er frábært

borgarleikhús.is



„Ég get þó fullt eitt að ofarlega á listann minn yfir það sem gerir lífið þess að virði að lifa því er að hafa tekið þátt í sýningunni „Allt sem er frábært“ í Borgarleikhúsinu.“
MK. Viðsjá

★★★★ Fréttablaðið
★★★★ Morgunblaðið

„Það leikur enginn vafi á því að Valur Freyr vann hjórtu áhorfenda með smitandi leikgleði og orku, söng og dansi.“
Kastljós. HA



Veður



Í dag verður fremur hægur vindur á landinu og verður sólríkt á Suðaustur- og Austurlandi. Í öðrum landshlutum má reikna með lítills háttar skúrum. **SJÁ SÍDU 16**

Vill ekki nýjar kosningar

BRETLAND Það þjónar ekki hagsmunum bresku þjóðarinnar að ganga til kosninga á ný nú þegar samningaviðræður um útgöngu úr ESB standa yfir, sagði Theresa May, breski forsætisráðherra, í gær. Erfiður gangur viðræðna hefur orðið til þess að vangaveltur eru uppi um hvort íhaldsflokkurinn steypi leiðtoga sínum af stóli eða að minnihlutastjórn hans falli.

Nýjustu skoðanakannanir benda til að kosningar, sem May vill ekki, yrðu spennandi. Í könnun sem birtist um helgina mældust íhaldsflokkurinn og Verkamannaflokkurinn með jafnmikið fylgi. —þea



Theresa May

Hvassviðri á föstudaginn

VEDUR Útlit er fyrir ágætisveður í dag og á morgun, að því er veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands sagði í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi. „Það er útlit fyrir að það verði róleg vestanátt, frekar hægur vindur. Þrír til átta metrar á sekúndu og lítillsháttar skúrir eða slydduel en léttskýjað á Suðaustur- og Austurlandi.“

Afar lítilli úrkomu er spáð á höfuðborgarsvæðinu. Segir veðurfræðingur að spáin geri ráð fyrir örflaum dropum.

Á föstudaginn er hins vegar spáð hvassviðri og rigningu víða. „Þá fyrst dregur til einhverra tíðinda.“ —þea



Microsoft
Dynamics NAV

Áreiðanlegt kerfi og traust þjónusta

Nánari upplýsingar á advania.is



Afhenti ráðherraum skýrslu um hrúnið



Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor afhenti Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra skýrslu sína um erlenda áhrifaþætti bankahrunsins í gær. Í skýrslunni kemur meðal annars fram að málflutningur Breta í Icesave-deilunni hafi ekki verið á rökum reistur, bresk stjórnvöld skuldi Íslendingum afsökunarbeiðni vegna beitingar hryðjuverkalaga og framgöngu Breta í málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Prestur fullur undir stýri á leið í fermingu

NOREGUR Prestur í Noregi hefur verið dæmdur í 14 daga skilorðsbundnið fangelsi og gert að greiða 20.000 norskar krónur í sekt vegna ölvunaraksturs auk þess sem hann var sviptur ökuréttindum í 12 mánuði. Presturinn hafði að kvöldlagi skálað við kærustu sína sem hann ræddi við á FaceTime. Hann hafði skrúfað frá rauðvinsbelju og var þess vegna ekki með það á hreinu hversu mikið hann hafði drukkið. Þetta var kvöldið fyrir guðsþjónustu þar sem ferma átti fjölda barna.

Presturinn hætti samtalinu við kærustuna fyrir miðnætti þar sem hann ætlaði að leggja snemma af stað morguninn eftir. Á leið í ferminguna var hann stöðvaður af lögreglu og reyndist áfengismagnið vera 0,58 prómill. Hinn dæmði starfar ekki lengur sem prestur. —ibs

Katrín ræður tímanum og getur breytt honum

Starfshópur um leiðréttingu klukkunnar skilaði af sér í upphafi árs. Óvissa var uppi um hvaða ráðuneyti tíminn heyrði undir. Málið er sem stendur í vinnslu í forsætisráðuneytinu. Ícelandair hefur efasemdir um að krukka í tímann.

HEILBRIGÐISMÁL Sem stendur er unnið að könnun á því í forsætisráðuneytinu hvort fýsilegt sé að seinka klukkunni hér á landi um eina klukkustund. Óvissa var um undir hvaða ráðuneyti málefnið heyrði. Klukkan á Íslandi hefur verið óbreytt frá 1968.

Í janúar skilaði starfshópur um leiðréttingu klukkunnar minnisblaði til heilbrigðisráðherra. Niðurstaða hópsins var sú að núverandi fyrirkomulag, að miða við miðtíma Greenwich þótt Ísland sé talsvert vestan miðlínú, hafi ýmis neikvæð áhrif á heilsufar fólks. Neikvæð áhrif felist meðal annars í auknum líkum á ýmsum sjúkdómum, verri námsárangri, aukinni depurð og klukkupreytu. Ekki er lagt til að tekin verði upp sumar- og vetrartími.

Þegar minnisblaðið lá fyrir lagði Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra það fyrir á ríkisstjórnarfundum og tók undir niðurstöðu hópsins. Þá lá hins vegar ekki fyrir hvaða ráðherra stjórnarinnar hefði forráð yfir málum tímans. Að mati forsætisráðuneytisins fellur tíminn samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu málefna Stjórnarráðsins undir „annað“ og þar með forsætisráðuneytið.

„Málið er ekki á þingmálaskrá minni fyrir þetta þing en inni í ráðuneyti stendur yfir vinna þar sem verið er að fara yfir það, meðal annars með tilliti til þeirra umsagna sem fengust þegar málið var lagt fyrir síðast á þingi,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.

Þingsályktunartillögur um breytingu klukkunnar hafa itrekað verið lagðar fram á Alþingi án þess að ná



Margrét eiga erfitt með mesta myrkríð yfir vetrartímann. NORDICPHOTOS/GETTY

Velferðarráðuneytið fjallaði um málið út frá lýðheilsusjónarmiðum en við erum að skoða aðrar hliðar málsins heildstætt.

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra



Nóbelverðlaun í lifeölis- og læknisfræði.

Athugasemdir gegn breytingu hafa á möti flestar komið frá viðskiptalífni og íþróttahreyfingunni. Ícelandair mótmælti breytingu til að mynda á þeim grunni að fyrir-tækið hefði lagt mikla vinnu í að öðlast hefðarrétt á afgreiðslutímum á flugvöllum og að breytingarnar hefðu mikil áhrif á leiðaaætlun félagsins. Íþróttahreyfingin bendir síðan á að minna sólarljós að sumri til myndi þýða að íþróttamannvirki verði verr nýtt en nú er.

„Velferðarráðuneytið fjallaði um málið út frá lýðheilsusjónarmiðum en við erum að skoða aðrar hliðar málsins heildstætt. Það skýrist á næsta þingi [2019-20, innsk. blm.] hvort ég legg málið fram eða ekki,“ segir Katrín. joli@frettabladid.is

fram að ganga. Fylgismenn breytingarinnar fengu byr undir báða vængi fyrir rétt tæpu ári þegar tilkynnt var að rannsóknir tengdar líkamsklukkunni hefðu hlotið

Ed Sheeran

LAUGARDALSVÖLLUR LAUGARDAGINN 10. ÁGÚST 2019



MÍÐASALA HEFST Á

MORGUN KL. 9!

AEG
PRESENTS

MÍÐASALA Á [TIX.IS/ED](https://tix.is/ed) · NÁNARI UPPLÝSINGAR Á [SENALIVE.IS/ED](https://senalive.is/ed)

senalive!



EDSHEERAN.COM

THE ALBUM ÷
OUT NOW

Rúmar 100 milljónir fóru í braggann í Nauthólsvík án útboðs

REYKJAVÍK Stærstur hluti innkaupa borgarinnar á fyrstu sex mánuðum ársins án útboðs var vegna framkvæmda við Nauthólsveg 100, sem er betur þekktur sem bragginn í Nauthólsvík. Mikíð hefur verið fjallað um braggafamkvæmdina sem fór mörghundruð milljónir fram úr áætlun. Kostnaður við hann endaði í 404 milljónum.

Fréttablaðið greindi frá því í gær

að á fyrstu sex mánuðum ársins hefði Reykjavíkurborg keypt sérfræðipjónustu og ýmis önnur vörukaup án útboðs fyrir ríflega 574 milljónir, sem samsvarar ríflega 7 prósentum af heildarinnkaupum á tímabilinu.

Samkvæmt sundurliðuðu yfirliti yfir innkaup borgarinnar yfir 1 milljón króna, sem blaðið hefur undir höndum, má sjá að af þessum 574 milljónum sem keypt var fyrir

án útboðs, voru ríflega 102 milljónir vegna braggans umdeilda við Nauthólsveg; tæpar níu milljónir í kaup á sérfræðipjónustu frá Securitas, verkfræðistofunni Eflu og arkitektastofunni Arkibúllunni.

Mest múnar um greiðslu til verktaka og fyrirtækja vegna svokallaðra „annarra vörukaupa“ sem nema ríflega 93 milljónum. Hæstar greiðslur eru til Smiðsins þins slf. upp á rúm-



Kostnaður við braggann fór yfir 400 milljónir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

lega 31 milljón og Rafrúnar ehf. upp á rúmar 23 milljónir.

Aðrar framkvæmdir sem útheimtu töluverð útgjöld hjá borginni utan útboðs á tímabilinu voru vegna breytinga á Perlunni, alls ríflega 58 milljónir. Hæsta greiðslan vegna kaupa á sérfræðipjónustu þar er til verkfræðistofunnar Verkis hf. upp á tæpar 27 milljónir sem sér um framkvæmdirnar. – smj



Frá opnun Dunkin' á Íslandi.

Bara Dunkin' en ekki Donuts

VIÐSKIPTI Bandaríska kaffihúsaekj-an Dunkin' Donuts greindi frá því í gær að fyrirtækið hygðist fjarlægja orðið Donuts alfarið úr nafni sínu. Verður keðjan því sum sé bara þekkt sem Dunkin' frá og með janúar.

„Ráðist er í þessa nýju mörkun til þess að skerpa á því markmiði fyrirtækisins að bjóða upp á frábært kaffi en halda í okkar þekktu bleiku og appelsínugulu liti og leturgerðina frægu,“ sagði í tilkynningunni.

Samkvæmt Reuters hefur sala á kaffi og morgunmat drifið fyrirtækið áfram á undanförunum fjórðungum. Þessi stefnubreyting komi á sama tíma og fyrirtæki á borð við Starbucks eigi í erfiðleikum með að takast á við staðnandi eftirspurn eftir kaffi á bandarískum markaði.

Dunkin' Donuts rekur staði á Íslandi í Kringlunni, Hagasmára, Fitjun og í Leifstöð. Fyrsta útibúið var opnað á Laugavegi árið 2015 og myndaðist þá mikil og fræg röð fyrir utan staðinn. Útibúinu á Laugavegi var þó lokað fyrir tæpu ári. – þea

FRÉTTABLAÐIÐ Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

Sátt um gjöldin ekki í sjónmáli

SFS gagnrýna veiðigjaldafrumvarpið. Sé ekki í takt við stefnu ríkisstjórnarinnar um að tryggja samkeppnishæfni. Hægt að draga frá fjárfestingarkostnað og lækka þannig veiðigjöld.

SJÁVARÚTVEGUR Skiptar skoðanir eru um veiðigjaldafrumvarp Kristján Þórs Júlíussonar sem kynnt var í gær. Þingmenn og talsmaður samtaka sjávarútvegsfyrirtækja (SFS) lýsa vonbrigðum. Af ólíkum ástæðum.

Frumvarpið á að taka gildi á nýju ári og mun að fullu verða virkt árið 2020. Vinnsla á sjávarafurðum, verður undanskilin veiðigjaldi þannig að afkoma veiðanna sjálfar verður aðeins gjaldskyld. Hið opinbera mun ekki leggja veiðigjald á afkomu fiskvinnslanna í landi. Formaður Viðreisnar undrast að VG ætli að gleypa við þessum breytingum sem að hennar mati séu alfarið í þágu stórtugerðar í landinu.

Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFS, segir frumvarpið valda sér vonbrigðum.

„Fljótt á litid eru þetta nokkur vonbrigði. Verði frumvarpið að lögum verður veiðigjaldið áfram of hátt og ekki í takt við stöðu og horfur í sjávarútvegi. Talað er um í sáttmála ríkisstjórnarinnar að það eigi að tryggja samkeppnishæfni sjávarútvegs. Það er umhugsunarefni að þegar sverfur nú að útlutningsgreinum telji menn leiðina til að tryggja samkeppnishæfni þeirra að viðhalda gjaldtöku úr hófi og langt umfram það sem keppinautar á erlendum mörkuðum búa við. Inni í frumvarpinu eru þó ljósir punktar eins og að færa gjaldtöku nær í tíma, taka mið af rauntölum í rekstri og að hætta að horfa til vinnslu sjávarafurða. Það eru allt sanngirnismál og vonandi hafin yfir pólitískt dægurþras.“

Kristján Þór segir mikilvægt að



Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegsráðherra kynnti nýtt veiðigjaldafrumvarp í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

/// Inga Sæland

„Það stingur í augu að veiðigjald eigi eingöngu að leggja á veiðar. Hagnaður fiskvinnslunnar á ekki að koma til útreikninga eins og nú er. Fiskvinnslan er hluti af auðlindanýtingunni. Öll stærstu félögin, sem greiða sér arð og maka krókin, eiga vinnslurnar og hagnast gríðarlega. Að aðskilja þetta tvennt gefur mönnum færi á að færa hagnað frá veiðum og yfir á vinnslu í landi og kostnaður við vinnslu verði færður á skipin til frádráttar á veiðigjöldum. Þetta er dapurt frumvarp.“

menn greiði aðeins veiðigjald af veiddum afla og að tekið sé tillit til ýmiss kostnaðar við að veiða fiskinn. Einnig sé mikilvægt að taka aðeins gjald af veiðum en ekki vinnslu.

„Við getum sagt að það sé tekið tillit til fjárfestinga í skipum og tækjum við útreikning á gjaldstofninum,“ segir Kristján Þór. „Við höfum ekki verið að velja fyrir okkur fjárhæðum í þessu sambandi heldur að sníða



/// Smári McCarthy

„Það eru ljósir punktar í þessu frumvarpi en aðalmálið er að Sjálfstæðismenn, sem telja sig vera markaðssinnaðan flokk á þingi, vilji ekki með nokkru móti láta markaðinn um að verðleggja aðgang að auðlindinni. Frumvarpið er ekki að laga þann stærsta galla við núverandi kerfi. Einnig er ég hræddur um að menn muni nýta sér fjárfestingar til að lækka veiðigjöld og þar með það sem almenningur á að fá fyrir aðgang að auðlindinni.“



agnuð af núverandi kerfi og það ætti að geta nást góð sátt um aðferðina.“

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar og fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, vill að auðlindagjaldið verði nýtt á þeim stöðum þar sem það verður til. „Ég hefði vilja sjá að gjaldið færi í uppbyggingu innviða þaðan sem gjaldið kemur, að mestu á landsbyggðinni, en það fylgir ekki. Í grunninn eru þetta æfingar

sjávarútvegsráðherra að nýjum tekjuskatti þar sem menn geta dregið frá ýmsar fjárfestingar. Það er ekki sá þjóðarhlutur sem ég hefði viljað sjá,“ segir Þorgerður. „Það sem undrar mig er að VG haldi í þennan leiðangur og kogleppi þessar breytingar sem eru fyrst og fremst í þágu sérhagsmuna. Af hálfu hinna stjórnarflökkanna er þetta frekar fyrrsjáanlegt.“

sveinn@frettabladid.is

RAM 3500. NÝ SENDING VAR AÐ LENDA.

ramisland.is



TRYGGÐU ÞÉR NÝJAN RAM 3500 SLT, LARAMIE EÐA LIMITED.
RAM 3500 VERÐ FRÁ KR. 5.960.000 ÁN VSK.
KR. 7.390.400 MEÐ VSK.

RAM 3500 LIMITED 40" BREYTTUR

ÍSABAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

UMBODSADILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • PVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16



IGNIS

MÍKRÓ JEPPI



Way of Life!

ÞAÐ ER ALLTAF SUZUKI VEÐUR!

SUZUKI IGNIS 4X4

VERÐ FRÁ

2.480.000



ALLGRIP
AUTO

Allrip auto fjórhjóladrifskerfið gerir aksturinn skemmtilegri og tryggir aukið öryggi við allar aðstæður

(HYBRID)

Suzuki Ignis er nýr valkostur fyrir þá sem vilja sparneytinn smábíl með öryggi og notagildi jepplings. Ignis hefur fengið frábæra dóma fyrir aksturseginnleika og einstaklega skemmtilega hönnun, jafnt utan sem innan.

Suzuki Ignis er með sparneytnum 90 hestafla dual Jet mótör en er einnig fánlegur með Hybrid-búnaði sem gerir hann enn kraftmeiri og neysluggrenni.



FLUTT MEÐ
EIMSKIP

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Segir endurtekninguna erfiða fyrir ákærðu í málinu

DOMSMÁL Aðalmeðferð í Aurum-málinu hófst í gær í Landsrétti og heldur áfram í dag. Málið snýst um meint umboðssvik og hlutdeild í tengslum við sex milljarða króna lánveitingu Glitnis til félagsins FS38 ehf. árið 2008, en félagið var í eigu Pálma Haraldssonar.

Þrír eru ákærðir, Lárus Welding, fyrrverandi bankastjóri Glitnis, og Magnús Arnar Arngrímsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri fyrir-

tækjavíðs bankans, fyrir umboðssvik. Jón Ásgeir Jóhannesson, sem var einn aðaleigandi Glitnis, er ákærður fyrir hlutdeild í meintum umboðssvikum Lárusar og Magnúsar. Lárus og Magnús voru sakfelldir í héraði í nóvember 2016 en Jón Ásgeir og Bjarni Jóhannesson, fyrrverandi viðskiptastjóri Glitnis, sýknaðir.

Þetta er í fjórða sinn sem málið er tekið fyrir. Það var fyrst tekið fyrir í

héraði 2014. Allir voru sýknaðir en málinu áfrýjað. Í apríl 2015 óglti Hæstiréttur dóm héraðsdóms vegna ummæla eins meðdómara. Málið var tekið fyrir aftur í nóvember 2016.

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs, segir að vissulega lendi hann í því nú að endurtaka sig. „En það er ekki málið að vorkenna mér eða dómurinum. Þetta er verra fyrir fólkíð sem hefur verið ákært.“

– þea, dfb



Gestur Jónsson flytur Aurum-málið í fjórða sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stjórnin bætir fjölskyldum látinna tjónið

TANSANÍA Ríkisstjórn Tansaníu hefur afhent fjölskyldum þeirra sem förust er ferju hvolfði á Víktoríuvatni í síðustu viku alls um sex milljónir króna. Isaac Kamwele samgöngumálaráðherra afhenti embættismönnum á svæðinu ávísun í gær en fjölskyldur hinna látnu ferðauðust til eyjunnar Ukara, sem ferjunn hvolfdi við, til þess að sækja peninginn. Um er að ræða hluta af þeim 20 milljónum sem íbúar Tansaníu, trúfélög og félagsamtök hafa safnað fyrir fjölskyldurnar.

Tala látinna stóð í gær í 227. Það þýðir að fjármagníð skiptist í fjölmarga hluta. Samkvæmt hinu opinbera eiga fjölskyldur rétt á rúmunum 40.000 krónum fyrir hvern ástvin sem först í slysinu. Björgunarstarfsfólk og þau sem lifðu slysið af eiga rétt á sömu upphæð.

Samkvæmt fjölmöllum í Tansaníu mátti einungis flytja 100 með ferjunn. Ljóst er af tölu látinna að farið var langt fram úr þeim fjölda. – þea

Káfaði á stúlku í Kringlunni

DOMSMÁL Landsréttur staðfesti í gær fjögurra ára skilorðsbundinn fangelsisdóm yfir El Mustapha Bkhibkhi, karlmanni á sextugsaldri, fyrir að áreita fjórtán ára stúlku kynferðislega í mars í fyrra.

Var El Mustapha ákærður fyrir brot gegn barnaverndarlögum en hann kom aftan að stúlkunni á óskudag í fyrra í rúllustiga í Kringlunni. Tók hann utan um hana, sagði henni að hann elskaði hana, kyssi hana, hélt um axlir hennar og snerti brjóst hennar utan klæða.

Bar maðurinn því við að í heimalandi hans þætti eðlilegt að faðma ókunnug börn og sýna þeim væntumþykju.

Var El Mustapha einnig gert að greiða stúlkunni 300 þúsund krónur í miskabætur. – smj

Fyrirhuguð bygging hótels eigi sér rætur í vanþekkingu á sögu

Frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, og þrír aðrir heiðursborgarar Reykjavíkur skora á borgina og byggingaraðila að láta af áformum um byggingu hótels í Vikurgarði. Skipulagið og bygging hótelsins eigi sér rætur í mistökum í skipulagi. Borgarstjóri segist ætla að skoða áskorunina og leggja hana fram í borgarráði.

SKIPULAGSMÁL „Það hlýtur að vera sameiginlegt einkenni heiðursborgara að þykja vænt um borgina og vilja henni allt gott. Ef eitthvað kemur upp á sem okkur list ekki á, held ég að það sé gott að við getum bundist samtökum um að gera eitthvað. Það er sterkara en að standa einn,“ segir Friðrik Ólafsson, fyrsti stórmeistari Íslands í skák og heiðursborgari Reykjavíkur.

Friðrik hefur ásamt þremur öðrum heiðursborgurum, Vigdís Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta, Þorgerði Ingólfsdóttur, tónlistarkennara og kórstjóra, og myndlistarmanninum Erró, sent borginni og byggingaraðilum hótels á Landsímareit áskorun um að láta af áformum um að reisa hótél í Vikurgarði.

Segir í áskoruninni að það sé óverjandi að hótél verði reist í einum elsta kirkjugarði landsins og helgistaði borginni. Ljóst sé að skipulag og bygging hótels á þessum stað eigi sér rætur í vanþekkingu á sögu Vikurgarðs og mistökum við gerð deiliskipulags. Hagnaðarvon og stundarhagsmunir ryðji burt virðingunni og helginni.

Friðrik, Vigdís og Þorgerður áttu í gær fund með Degi B. Eggertssyni borgarstjóra og Þórdísi Lóa Þórhallsdóttur, formanni borgarráðs. „Ég veit ekki hversu miklu við fengum áorkað en við lifum í voninni að borgin sjái að sér. Það eru margir veikir blettir í þessu. Ég er með á hreinu að það hafa verið framdar margar lögleysur í þessu máli af hálfu borgaryfirvalda og fleiri sem að þessu koma,“ segir Friðrik.

Dagur segir fundinn hafa verið góðan. „Ég skil áhyggjur af upp-



Heiðursborgarar afhentu áskorun um að hætt yrði við fyrirhugaða hótélbyggingu í Vikurgarði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

Málið er komið langt. Það liggja fyrir byggingarheimildir og deiliskipulag þannig að við stoppum þetta ekki svo glatt.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs

byggingu á þessum lykilstaði hjarta borgarinnar. Við létum fara vel yfir þetta. Garðurinn var aflagður 1837. Það er með hlíðsón af því sem borgin hefur tekið ákvarðanir.“

Hann segir mikilvægt að hafa í huga að tekist hafi að tryggja endurgerð Nasa-salarins og gömlu húsanna sem snúa út að Ingólfs-torgi. Uppbygging fari ekki inn í gamla kirkjugarðinn. „Við munum fara yfir áskorunina og leggja hana fram í borgarráði.“

Þórdís Lóa segist ánægð með að borgarar láti sig mál varða með þessum hætti. „Málið er komið langt. Það liggja fyrir byggingarheimildir og deiliskipulag þannig að við stoppum þetta ekki svo glatt.“

Þórdís Lóa segir að sitt sýnist hverjum um hvort verið sé að byggja í Vikurgarði. „Borgin metur það sem svo að ekki sé verið að byggja ofan á sjálfum garðinum heldur á bílastæði sem var fyrir áskorunina og leggja hana húsíð.“ sighvatur@frettabladid.is

RÚV vinni að því að framfylgja lögum

FJÖLMIDLAR „Það er mjög skýrt að samkvæmt fjórðu grein laga um Ríkisútvarpið ber RÚV að stofna dótturfélög um samkeppnisrekstur sinn. Ég tel brýnt að hrinda því í framkvæmd og stjórn RÚV og stjórnendur hafa verið að vinna að því. Það er stjórn RÚV að fylgja þessu eftir,“ segir Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra.

Samtök iðnaðarins sendu stjórn RÚV nýverið bréf þar sem hvatt er til þess að allur samkeppnisrekstur RÚV verði settur í dótturfélög. Það sé forsenda heilbrigðs markaðar

og frjálsrar samkeppni að allir aðilar á markaði starfi eftir sömu reglum.

„Mér finnst mikilvægt að tryggja aðskilnað á milli almannahlutverks og samkeppnisreksturs RÚV. Það er í takt við tillögurnar sem ég kynnti nýverið og miða að því að stýðja við einkarekna fjölmöla. Það er ljóst að RÚV er þjóðinni kært og ég vil hafa öflugan miðil í almannaþágu.“

Við þurfum að stuðla að auknu jafnræði á íslenskum fjölmölamarkaði.

Lilja Alfreðsdóttir, menntamálaráðherra

Það sé hagar allra að hér sé öflugur miðil í almannaþágu en líka að það séu öflugir einkareknir fjölmölar. „Við þurfum að stuðla að auknu jafnræði á íslenskum fjölmölamarkaði.“

Lilja segir að í kjölfar umræddra tillagna hafi verið sett af stað vinna í ráðuneytinu sem tengist RÚV. Meðal þess sem verið sé að skoða sé auglýsingamarkaðurinn. – sar

Nýr Landspítali ohf. heldur kynningarfund vegna framkvæmda á Landspítalalóð



Framkvæmdir á Landspítalalóð

Kynningarfundur verður haldinn fimmtudaginn 27. september kl. 17.00 í Víkingasal Icelandair hótel Reykjavík Natura.

Á fundinum verður farið yfir framkvæmdir á lóð Landspítala við Hringbraut vegna byggingar nýs Landspítala.

Allir velkomnir!



MEIRI GÆÐI
MEIRI SNILLD
MEIRI **JAZZ**



TREND

1.3 VTEC TURBO - 102 hestöfl
6-gíra beinskípting
7-gíra sjálfskípting (CVT)

frá kr. **2.540.000**

- ◆ ABS hemlakerfi
- ◆ Rafstýró hemaátaksdreifing
- ◆ Hemlaaðstoð
- ◆ Stöðugleikaaðstoð
- ◆ Brekkuaðstoð
- ◆ ISO festipunktur
- ◆ Neyðarstöðvunarkerki
- ◆ Loftþrýstingsviðvörðunarkerfi
- ◆ Borgarhemlakerfi
- ◆ Stöðugleikakerfi
- ◆ Fjarstýrð samlæsing með tveimur lykllum
- ◆ Uppþýsingaskjór
- ◆ Hraðastíllir með hámarks hraða
- ◆ Sjálfvirkur þurrkur með regnskynjara
- ◆ Sjálfvirk rökkurhljóð með skynjara
- ◆ Rafmagn í rúðum (framan og aftan)
- ◆ Rafstýrðir hurðaspeglar
- ◆ Hæðarstilling í ökuannssæti
- ◆ Hiti í framsætum
- ◆ Hallandi aftursæti
- ◆ Töfrasæti
- ◆ USB tengi (iPod samhæft)
- ◆ 4 hátalarar
- ◆ Bluetooth handfrjálssímabúnaður
- ◆ Samlitir hliðarspeglar
- ◆ Halogen aðalljós
- ◆ LED dagljós og LED hemlaljós
- ◆ 15" stálfelgur

COMFORT

1.3 VTEC TURBO - 102 hestöfl
6-gíra beinskípting
7-gíra sjálfskípting (CVT)

frá kr. **2.990.000**

- ◆ SRS loftþúðar fyrir framsæti með rofa
- ◆ ABS hemlakerfi
- ◆ Rafstýró hemaátaksdreifing
- ◆ Hemlaaðstoð
- ◆ Stöðugleikaaðstoð
- ◆ Brekkuaðstoð
- ◆ ISO festipunktur
- ◆ Neyðarstöðvunarkerki
- ◆ Loftþrýstingsviðvörðunarkerfi
- ◆ Borgarhemlakerfi
- ◆ Árekstursvari
- ◆ Umferðarmerkjagreining
- ◆ Snjallhraðastíllir
- ◆ Akreinavari
- ◆ Fjarstýrð samlæsing með tveimur lykllum
- ◆ Hraðatengt EPS rafmagnsstýri
- ◆ Hraðastíllir með hámarks hraða
- ◆ Fjarlægðarskynjarar (2 að framan og 4 að aftan)
- ◆ Bakkmyndavél
- ◆ Rafmagn í rúðum (framan og aftan)
- ◆ Rafstýrðir og upphitaðir hurðaspeglar
- ◆ Hiti í framsætum
- ◆ Töfrasæti
- ◆ Honda CONNECT með 7" snertiskjór
- ◆ 2x USB tengi / HDMI tengi*
- ◆ Halogen aðalljós
- ◆ LED dagljós og LED hemlaljós
- ◆ 15" álfelgur

ELEGANCE

1.3 VTEC TURBO - 102 hestöfl
6-gíra beinskípting
7-gíra sjálfskípting (CVT)

frá kr. **3.340.000**

- ◆ ABS hemlakerfi
- ◆ Rafstýró hemaátaksdreifing
- ◆ Hemlaaðstoð
- ◆ Stöðugleikaaðstoð
- ◆ Brekkuaðstoð
- ◆ ISO festipunktur
- ◆ Borgarhemlakerfi
- ◆ Árekstursvari
- ◆ Umferðarmerkjagreining
- ◆ Snjallhraðastíllir
- ◆ Akreinavari
- ◆ Snjallöpun og snjallræsing
- ◆ Hraðastíllir með hámarks hraða
- ◆ Fjarlægðarskynjarar (2 að framan og 4 að aftan)
- ◆ Bakkmyndavél
- ◆ Rafmagn í rúðum (framan og aftan)
- ◆ Rafstýrðir og upphitaðir hliðarspeglar
- ◆ Hiti í framsætum
- ◆ Töfrasæti
- ◆ Honda CONNECT með 7" snertiskjór
- ◆ 2x USB tengi / HDMI tengi* / 6 hátalarar
- ◆ Bluetooth™ handfrjálssímabúnaður
- ◆ Skyggt gler í alturrúðu
- ◆ Samlitir hliðarspeglar
- ◆ LED ljósakerfi
- ◆ Þokuljós að framan
- ◆ 16" álfelgur

DYNAMIC

1.5 VTEC - 130 hestöfl
6-gíra beinskípting
7-gíra sjálfskípting (CVT)

frá kr. **3.390.000**

- ◆ SRS loftþúðar fyrir framsæti með rofa
- ◆ ABS hemlakerfi
- ◆ Rafstýró hemaátaksdreifing
- ◆ Hemlaaðstoð
- ◆ Stöðugleikaaðstoð
- ◆ Brekkuaðstoð
- ◆ ISO festipunktur
- ◆ Neyðarstöðvunarkerki
- ◆ Loftþrýstingsviðvörðunarkerfi
- ◆ Borgarhemlakerfi
- ◆ Árekstursvari
- ◆ Umferðarmerkjagreining
- ◆ Snjallhraðastíllir
- ◆ Akreinavari
- ◆ Fjarstýrð samlæsing með 2 lykllum
- ◆ Leðurklædd stýri og girstangarhnúður með appelsínugulum saumi
- ◆ Fjarlægðarskynjarar (2 að framan og 4 að aftan)
- ◆ Rafmagn í rúðum (framan og aftan)
- ◆ Rafstýrðir og upphitaðir hurðaspeglar
- ◆ Hiti í framsætum
- ◆ Töfrasæti
- ◆ Honda CONNECT með 7" snertiskjór
- ◆ 2x USB tengi / HDMI tengi* / 6 hátalarar
- ◆ Bluetooth™ handfrjálssímabúnaður
- ◆ Svartir hliðarspeglar
- ◆ Rauðir borðar á höggdelyfum að framan og aftan
- ◆ Vindskelð að aftan
- ◆ LED aðalljós með innfellidum dagljósum
- ◆ Háljósakerfi
- ◆ Þokuljós að framan
- ◆ LED hemlaljós
- ◆ Aðalljósatímastíllir
- ◆ 16" álfelgur (Berlina Black)

OPIÐ LAUGARDAGA MILLI KL. 12:00 OG 16:00



Honda Jazz
verð frá kr. 2.540.000



Honda Civic
verð frá kr. 2.990.000



Honda HR-V
verð frá kr. 3.870.000



Honda CR-V
verð frá kr. 4.840.000



Bernhard - Honda á Íslandi • Vatnagörðum 24 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.honda.is

Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bilver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

Löfven sparkað

SVÍÞJÓÐ Stefan Löfven nýtur ekki stuðnings meirihluta þingmanna í Svíþjóð og var í gær sparkað úr embætti forsætisráðherra. 204 þingmenn greiðdu atkvæði gegn honum en 142 með honum. Ríkisstjórn Löfvens mun sitja áfram þangað til öðrum tekst að mynda ríkisstjórn, en ljóst er að það verður flókið verkefni.



Stefan Löfven.

Í ræðu sinni eftir atkvæðagreiðsluna sagði Löfven að hann væri tilbúinn til þess að leiða ríkisstjórn sem nýti stuðnings sænska þingsins. Þau ummæli kallast á við málflutning ráðherrans undanfarna daga um að þörf væri á því að fjarlægjast blokkapólitíkina. Löfven er sum sé viljugur til þess að brúa bilið frá vinstri til hægri.

Andreas Norlén, þingmaður hægriflokksins Moderaterna og nýr þingforseti, sagði í yfirlýsingu að hann hefði boðað leiðtoga allra flokka á þingi til fundar á fimmtudaginn.

Tveir menn eru líklegastir til að leiða næstu ríkisstjórn. Fyrirnefndur Löfven, sem er leiðtogi Jafnaðarmannaflokksins og þar með vinstri-blokkarinnar, og svo Ulf Kristersson, formaður Moderaterna og þar með hægriblokkarinnar er kallast Bandalagið. Ljóst er þó að stjórnarmyndun verður erfið. — þea

Trump stal senunni enn á ný

Forseti Bandaríkjanna ræddi um Íran, Norður-Kóreu, hnattvæðingarhyggju og ýmislegt fleira á allsherjarþingi SP.

BANDARÍKIN Leiðtogar 35 ríkja stigu í pontu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í gær og fluttu ræður. Óhætt er að segja að kynjahlutfallið á mælendaskránni hafi verið örlítið þjagað. Að þingforsetanum undanskildum tók aðeins ein kona til máls. Það var Hilda Heine, forseti Marshallleyja.

Það var Donald Trump Bandaríkjaforseti sem vakti mesta athygli, eins og hann á til að gera. Trump fór um víðan völl í ræðu sinni á þinginu. Talaði um þróun mála á Kóreuskaga, kallaði Íran „spillt einræðisríki“, varði tollastríðin sem Bandaríkin standa nú í og gagnrýndi Þýskaland fyrir að reiða sig á rússneskt jarðgas til að svara orkupörf sinni.

Meginstef ræðu Bandaríkjaforseta var það að Bandaríkin ættu rétt á því að marka eigin stefnu, fullveldi þeirra ætti að virða og að ríki heimsins gætu ekki lengur „notfært sér Bandaríkin í eigin þágu“.

Visaði hann til að mynda til viðskiptastríðsins við Kína, sagðist kunna vel við Xi Jinping forseta en viðskiptahalli á milli ríkjanna gengi ekki lengur.

Trump sagði stefnu ríkis síns grundvallast á föðurlandsást, ekki hnattvæðingarhyggju, Bandaríkin höfðuðu alfarið „hnattræni stjórn-



Donald Trump Bandaríkjaforseti er hann steig úr pontu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ÉPA

un og drottun“. Höfnun leiðtogans á hnattvæðingarhyggju vakti misjöfn viðbrögð viðstaddra, í rými sem fréttastofa AP kallaði holdgerving stefunnar. Alþjóðlega sakamáladómstólinn og mannréttindaráð SP gagnrýndi Trump í þessu samhengi.

Að mati Trumps bera leiðtogar Írans ábyrgð á glundroða, mann-

falli og eyðileggingu í Mið-Austurlöndum. „Þeir virða ekki nágranna sína, landamæri né fullveldi annarra ríkja. Þess í stað hafa leiðtogar Írans hagnast persónulega á auðlindum ríkisins og valdið störfellnum skaða í Mið-Austurlöndum og víðar.“

Hassan Rouhani, forseti Írans, svaraði Trump fullum hálsi. Sagði

hann Bandaríkin skorast undan alþjóðlegri ábyrgð og gagnrýndi harðlega ákvörðun forsetans um að draga ríki sitt út úr kjarnorkusamningnum. Sagði Rouhani að viðskiptaþvinganir Bandaríkjanna gagnvart Íran jafngiltu „efnahagslegum hryðjuverkum“ gegn írönsku þjóðinni. thorgnyr@frettabladid.is

ÓSKALÍFEYRISSJÓÐUR ÍSLENDINGA

Opinn fundur á Grand Hótel Reykjavík
fimmtudaginn 27. september kl. 12 til 13



Sigurður B. Stefánsson
Hagfræðingur

Lífeyrissjóðirnir á alþjóðlegum
markaði 2018-2050



Svana Helen Björnsdóttir
Frankvæmdastjóri Stika

Lífeyrisfé eftir höft og áhættugreining

Kristrún Heimisdóttir stýrir fundinum



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIÐEILD

Samtök
sparifjäreigenda

ALDREI AFTUR! - FUNDARÖÐ SAMTAKA SPARIFJÁREIGENDA



Kynferðisbrotamaðurinn Cosby er hann mætti í dómsal. NORDICPHOTOS/AFP

Þrjú til tíu ár fyrir Cosby

BANDARÍKIN Nauðgarinn og leikarinn Bill Cosby var í gær dæmdur til þriggja til tíu ára fangelsisvistar fyrir að hafa byrjað Andreu Constand ólýfjan og nauðgað henni á heimili leikarans í Philadelphia.

Fréttastofa AP greindi frá því að saksóknarar í málinu hefðu krafist fimm til tíu ára fangelsisdóms. Verjendur kröfðust þess hins vegar að Cosby yrði dæmdur í stofufangelsi, en hann var sakfelldur í apríl. Grundvalladist sú krafa á því að Cosby er 81 árs, lögblindur og því væru „ótrúlega litlar“ líkur á því að hann gæti brotið af sér á ný.

Steven O'Neill dómari sagði Cosby hafa tekið „fallegan, heilbrigðan og æskufullan anda“ polandans og kramið hann. O'Neill sagði Constand að hann hefði heyrð á henni að brotið hafi haft greinileg áhrif á líf hennar.

Dómarinn ákvað jafnframt að Cosby yrði færður á skrá yfir kynferðisbrotamenn. Það þýðir að

Ásakanir gegn Cosby

60 konur hafa sakað Cosby um kynferðisofbeldi. Flest málanna eru fyrnr.

81 árs er Bill Cosby.

8 hafa höfðað einkamál gegn Cosby.

33 konur hafa ráðið Gloríu Allred lögmann vegna meintra brota.

hann mun þurfa að skrá sig hjá lögreglu, láta nágranna sína vita af skráningu sinni og sækja mánaðarlega sálfræðitíma þar til hann deyr. — þea

4 TITLAR, GEGGJAFÐ VERÐ!



Norrænu goðin

VILDARVERÐ:
4.899.-
Verð:
6.999.-




Óboðinn gestur

VILDARVERÐ:
2.799.-
Verð:
3.999.-



Samningatækni

VILDARVERÐ:
3.499.-
Verð:
4.999.-



Rof

VILDARVERÐ:
2.799.-
Verð:
3.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Ísafirði - Hafnarstræti 2

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvalldagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáratind
Húsavík - Garðarsbraut 9



Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vörurval mismunandi eftir vörslunum. Gildistími vildarverða er til og með 27. september eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

+PLÚS



„Við ítrekum ákall okkar um að farið sé eftir ályktunum öryggisráðsins um kjarnorkuafvopnun á Kóreuskaga,“ sagði Enrique Peña Nieto, forseti Mexíkó.

Leiðtogar undir sama þaki

Fjöldi leiðtoga ríkja heimsins tók til máls á allsherjarþingi SP í gær. Til dæmis var rætt um flóttamenn, Ísrael og Palestínu, kjarnorkuvopn og hnattvæðingu.



„Ekkert annað ríki hefur tekið á sig jafnmikla ábyrgð og Tyrkír vegna flóttamannakrisunnar í Sýrlandi,“ sagði Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands.



„Hvernig er hægt að leysa deilu Ísraela og Palestínuranna? Ekki með einhliða aðgerðum né því að traðka á réttindum Palestínuranna. Það er enginn annar úrkostur en tveggja ríkja lausnin,“ sagði Emmanuel Macron, forseti Frakklands.



„Við munum bara veita fjárhagslega aðstoð til þeirra ríkja sem sýna okkur virðingu, þeirra ríkja sem við teljum vini okkar,“ sagði Donald Trump, forseti Bandaríkjanna.
MYNDIR/NORDIC-
PHOTOS/AFP



„Það að vera andvígur gerð fjöhlíða samninga er ekki merki um styrk, heldur greindarskort,“ sagði Hassan Rouhani íransforseti þegar hann ræddi um ákvörðun forseta Bandaríkjanna um að segja sig frá kjarnorkusamningnum svokallaða.

SKOÐUN

FRÉTTABLAÐIÐ

Sparnaðarráð



Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is

Nú liggur fyrir þinginu í annað sinn tillaga þingflokks Samfylkingarinnar um að einn sálfræðingur í það minnsta starfi í hverju fangelsi á Íslandi.

Eins og sakir standa starfa þrjár sálfræðingar hjá Fangelsismálastofnun, meðan fangar, skjólstaðingur stofnunarinnar, eru um 600. Einn sálfræðingur hefur fasta starfsstöð á Litla-Hrauni, hinir dreifa kröftum sínum um kerfið. Sinna þarf öðrum fangelsum og fongum sem afplána utan múranna – eru í rafrænu eftirliti, á áfangahemilum, í samfélagsþjónustu, á biólistum og þar fram eftir götum.

Fangelsismálastjórnir hefur í viðtölum látið hafa eftir sér að það blasi við öllum þeim sem þekkja til í fangelsunum að flestir, ef ekki allir, sem sitja í fangelsi glími við einhvers konar fíknivanda. „Að sama skapi blasir það við okkur að það þarf að hjálpa öllu því fólki sem glímir við slíkan vanda. Menn eru að fremja langflestu glæpi undir áhrifum fíkniefna og ef fólk er hjálpað að takast á við slíkt, þá getum við fækkað afbrotum og þar af leiðandi endurkomum inn í fangelsin. Í mínum huga er þetta svo einfalt, að minnsta kosti hjá stórum hluta minna skjólstaðinga,“ sagði fangelsismálastjórnin.

Fyrir liggur að fangar glíma oftar en ekki við áföll sem mikilvægt er að vinna úr, hvort sem þau tengjast uppveiti, neyslu, fangelsisvistinni sjálfri eða öðru.

Sú sjálfsgöða krafa að fongum sé tryggð heilbrigðisþjónusta, þar með talin aðstoð sálfræðinga, er ekki einungis spurning um mannúð og virðingu, heldur hefur margsinns verið sýnt fram á að þannig má spara ríkinu háar fjárhæðir. Nærri helmingur fanga sem eru í afplánu í íslenskum fangelsum hefur áður mátt dúsa í fangelsi – er að koma í annað, þriðja eða fjórða sinn. Beininn kostnaður ríkissjóðs við hvern fanga er á bilinu níu til tíu milljónir á ári.


Fagfólk kann aðferðir sem stuðla að því að fólk haldi sig á beinu brautinni. Þannig má afstýra mikilli óhamingju fanganna sjálfra og allra sem þeim tengjast – barna og fulloröðna.

Frelistvæðing er afar íþyngjandi hverjum þeim sem fyrir henni verður. Að sama skapi fylgir mikil ábyrgð því opinbera valdi að svipta einstakling frelsi sínu. Stjórnvöld þurfa að gangast við þeirri ábyrgð og markmiðið hlýtur að vera að fá út úr fangelsi betra fólk en fór þangað inn.

Raunveruleg betrun á sér oft stað ef einstaklingi eru færð tækni og tól til þess að takast á við lífið. Fólk getur óðlast trú á lífið og tilveruna og orðið virkir samfélagsþegnar. Fangavistin verður að hafa innihald en ekki vera skammarkrókur fyrir niðurlægt fólk sem við vitum ekkert hvernig við eignum að koma fram við. Fangar þurfa að fá tækifæri til að breyta lífsýn sinni – koma með eitthvað í farteskúinu út í samfélagið að nýju.

Tillaga Samfylkingarinnar er sparnaðarráð sem dregur úr óhamingju.

Halldór



Frá degi til dags

Opinberun Hannesar
Hannes Hólmsteinn Gissurarson skilaði í gær skýrslu sinni um bankahrunið. Skýrslunnar hefur verið beðið í þrúgandi ofvæni. Pólitískir andstaðingjar professorsins hafa brynt klærnar á meðan skuttilsveinar hans og Davíðs Oddssonar þéttu varnirnar. Jón Trausti Reynisson, ritstjóri Stundarinnar, var snögur að greina kjarna skýrslunnar og segir „margyfirlýstan aðdáanda“ Davíðs þar skella sökinni á hrununu á vonda útlendinga. Og Björn Valur Gíslason, fyrrverandi varaformaður VG, bregður sér í gervi fávita Dostojevskis og spyr hver þessi Davíð Oddsson „hvers nafn er nefnt 163 sinnum í þessari finu skýrslu?“ sé.

Íslandsskýrslan
Sú var tíð, segir í bókum, að íslenska þjóðin átti aðeins eina sameign sem metin varð til fjár. Það var skýrsla og þessi mun verða þjóðinni drjúgt þrautlepi í það minnsta út vikuna. Steyrfræðiprófessorinn Einar Steingrímsson hefur þegar fundið villu í jöfnunni sem skýrslan byggir á. X og Y í því reikningsdæmi eru að sögn Hannesar að megintilgangur hans hafi verið að útskýra fyrir útlendingum að Íslendingar séu ekki flón. „Já, Hannes er réttu eintakið í þá sýningu,“ veltir stærðfræðingurinn fyrir sér eftir snögga yfirferð á reikningsdæmi Hannesar. thorarinn@frettabladid.is

Milljónir ferðamanna og Reykjanesbrautin bíður



Margrét Þórarinsdóttir bæjarfulltrúi Miðflokksins í Reykjanesbæ



Sigurður Þ. Ragnarsson bæjarfulltrúi Miðflokksins í Hafnarfirði



Þetta er því sem köld vatnsgusa framán í vegfarendum sem aka um brautina.

Á næstu dögum verður ný vegaáætlan lögð fyrir Alþingi sem gildir til ársins 2033. Ljóst er að forgangsráða verður verkefnum á grundvelli umferðaröryggis og umferðarþunga.

Fordæmalaus fjölgun ferðamanna til landsins hefur valdið því að umferðarþungi um Reykjanesbraut hefur vaxið gríðarlega. Raunar hefur umferðarþunginn aukist svo mikið að umferðarþungi er óvída meiri á þjóðvegakerfi landsins.

Í dag fara um 55.000 bílar á sólarhring í gegnum Hafnarfjörð og þeim hluta sem er einbreiður er umferðin um 27.000 bílar á sólarhring. Vestan við Straumsvík aka um 19.000 bílar á sólarhring. Til samanburðar aka 15.000 bílar á sólarhring um Suðurlandsveg austan við Rauðavatn og 11.000 bílar um Vesturlandsveg við Kollafjörð. Umferðin um Reykjanesbraut við Straumsvík er 27% meiri en á Suðurlandsvegi og 73% meiri en á Vesturlandsvegi.

Fréttir berast nú af því að ráðast eigi á næsta ári í tvöföldun kaflans í Hafnarfirði, frá Kirkjugarði vestur að Krisuvíkuvægi, það er lofsvert. Þar á að hætta og bíða í 15 ár eftir að ljúka við verkið, þ.e. frá Krisuvíkuvægi að Hvassahrauni. Þetta er mikill skamm-sýni. Gleytum ekki edli þeirrar umferðar sem fer um Reykjanesbraut frá Leifsstöð til höfuðborgarinnar. Þetta er jú lang fjölfarnasti innangangur ferðamanna í landið. Þetta er því sem köld vatnsgusa framán í vegfarendum sem aka um brautina að nú eigi að bíða til ársins 2033 eftir tvöföldun. Að einn fjölfarnasti þjóðvegur landsins eigi að vera einbreiður á þessum kafla næstu 15 árin er óhugsandi vegna umferðarþunga og ekki síður umferðaröryggis. Skv. þessari áætlun mun það koma í hlut annarra ríkisstjórna að ljúka við þetta nauðsynlega verk verði ekki breyting gerð á.

Bæjarfulltrúar Miðflokksins í Reykjanesbæ og Hafnarfirði gera þá skýru kröfu við afgreiðslu vegaáætlunar á Alþingi að ráðist verði í tvöföldun allrar brautarinnar strax á næsta ári.



Fangavistin verður að hafa innihald en ekki vera skammarkrókur fyrir niðurlægt fólk.

30% AFSLÁTTUR
HAUSTVEISLA
Rekkjunnar er hafin
Frábært heilsurím með tvöföldu pokagómakkerfi, fimmsvæða skiptu, mjúkkum topp ásamt botni og fötum.
Aðeins 12.615 kr. (Stærð 160x200cm) Fullt verð 199.935 kr.
Aðeins 16.034 kr. (Stærð 180x200cm) Fullt verð 225.741 kr.
Aðeins 16.645 kr. (Stærð 200x200cm) Fullt verð 269.051 kr.
TAKMARKAD MAGN

Langar þig í betri svefn, vakna últhöldur og tilbúin í daginn?
*12 mánaða varðveisla kredittlíftótt** Ernj hæg á gjafi með hlöð.
**Gjafi á 12 mánaða varðveislu aðgæfðakomping með 3% læturgjafi og 60% gjafgjafi
Rekkjan Heilsurím | Árnúla 404 108 Reykjavík | 588-1955
rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGFÁFÉLAG: Torgelth, STJÓRNARFORMADUR: Einar Þór Sveinsson. FOSTJÓRN: Ingibjörg Stefania Palmadóttir. ÚTGFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is. RITSTJÓRNAR: Kjaran Hrein Njálsson kjaran@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKADURINN: Hörður Ágústsson horður@frettabladid.is. FRÉTTABLAÐIÐ: Sunna Karen Sigurðsdóttir sunnaka@frettabladid.is. Frettablaðið kemur út í 185.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Frettablaðið áskilur sér rétt til að birta allri efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum en endurgjalds. ÍSN 3670-3873. FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800, ritstjorna@frettabladid.is. HELGARBLAD: Kristjana Björg Guðbránsdóttir kristjana@frettabladid.is. MENNING: Kolbrunn Bergþorsdóttir kolbrunn@frettabladid.is. LIJOSMYNDIR: Anton Binik anton@frettabladid.is. FRAMLEIÐSLUSTJÓRN: Samundur Freyr Árnason sfreyr@frettabladid.is.

Æi, mig langar að komast heim!



Ásrún Matthíasdóttir
lektor við Háskólann í Reykjavík

Mér finnst ekki boðlegt að vera allt að klukkutíma að keyra um 10 kílómetra á höfuðborgarsvæðinu til að komast í og úr vinnu. Ef ég legg af stað úr Hafnarfirði á tímabilinu 7.45–9.00 þá er þetta oft ferðatíminn, það þarf ekki að hafa orðið slys á leiðinni til að tefja, þetta er venjan núna.

Það er jafnvel verra að komast heim seinnipartinn, bíðröðin byrjar á bílastæðinu hér í Háskólanum í Reykjavík (HR) og nefni ég sem dæmi að um daginn þegar ég var búin að bíða í nærri 10 mínútur eftir að komast út af stæðinu lagði ég aftur og fór inn og beið þar í nærri 2 klukkutíma eftir að komast heim. Í annað skipti var ég 40 mínútur að komast frá HR út að Bústaðavegi sem er líklega um 2 kílómetra leið.

Oft er bent á að það sé líka hægt að labba, hjóla eða taka strætó en það hentar einfaldlega ekki öllum af margvíslegum ástæðum. Mér datt í hug að skoða hvernig væri að taka strætó og fór á góðan vef fyrirtækisins. Niðurstöðurnar eru að ef ég vil fara að heiman 8.30 á virkum degi þá tekur ferðin 47 til 52 mínútur eftir því hvort ég næði

vagni 8.40 eða 8.50 og þar af væri ég á gangi í 15 mínútur. Líklega er ekki gert ráð fyrir að strætó sé fastur í röð eins og aðrir á þessum tíma og því gæti tíminn verið enn lengri. Ekki fýsilegur kostur finnst mér því miður.

Það er eflaust gott og gaman að hjóla í vinnuna en einhvern veginn hugnast mér það ekki, list ekki á að koma veðurbarin og sveitt í vinnuna fyrir utan að önnur verkfæri í morgunarsárið gera það næstum ómögulegt að fara nógu snemma af stað til að mæta um kl. 9.00. Ég veit að það eru til rafmagnshjól og alls konar hlífðarfatnaður en einhvern veginn leiðist mér veðrið hér á landi og langar ekkert að hjóla svona langa vegalengd í íslensku veðri.

Kannski eru einhverjir sem geta farið fyrr af stað bæði í og úr vinnu eða mætt seinna og farið seinna heim en flestir hafa ekki þann sveigjanleika og þurfa að fara af stað á svipuðum tíma. Einhverjir geta líka unnið heima oft eða stundum og kannski er það lausnin að fleiri fengju tækifæri til að gera það.

En eitt er þó gott við þetta ástand, þetta getur sparad mér pening. Mér dettur ekki í hug að fara að versla í Reykjavík eftir vinnu nema lífið liggji við. Ef mig vantar eitthvað þá athuga ég fyrst á netinu og í minni heimabyggð hvort það fæst þar. Ef ekki þá bíð ég eftir næstu utanlandsferð eða bara sleppi að kaupa það sem vantar. Vona að aukinn bensín/rafmagnskostnaður við að bíða og bíða vegi ekki upp á móti sparnaðinum við að sleppa að kaupa.



Það er jafnvel verra að komast heim seinnipartinn, bíðröðin byrjar á bílastæðinu hér í Háskólanum í Reykjavík (HR) og nefni ég sem dæmi að um daginn þegar ég var búin að bíða í nærri 10 mínútur eftir að komast út af stæðinu lagði ég aftur og fór inn og beið þar í nærri 2 klukkutíma eftir að komast heim. Í annað skipti var ég 40 mínútur að komast frá HR út að Bústaðavegi sem er líklega um 2 kílómetra leið.

Gengur ekki lengur

Í könnun sem Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðin létu gera 2017 má sjá þessar niðurstöður. „Samkvæmt könnuninni voru 76% allra ferða á höfuðborgarsvæðinu farnar með einkabíl og 4% með strætisvagnum, breyttist lítið frá 2011 og 2014. Áhugavert er að sjá að skv. könnuninni haustið 2017 jókst hlutféð hljóræiða úr 4% í 6% frá könnun 2014.“ Það eru greinilegar flestir sem velja að nota bílinn og þarf þá ekki reyna að liðka fyrir umferðinni?

Þegar ég er að skrifa þennan pistil



þá les ég á netinu að það hafi því miður orðið árekstur á gatnamótum Bústaðavegar og Flugvallarvegur í Reykjavík og út um gluggann sést að bíðröðin er strax komin frá bílastæðunum í HR klukkan rúmlega tvö. Ekki bætir úr skák að það kviknar í bíl á Miklubrautinni skömmu seinna. Og ég sem ætlaði snemma heim til að losna við bíðröðina, það endar með að ég verð hér til kl. 18 einu sinni enn. Kannski ég ætti að hringja í Vinnu-

eftirlitið eða neyðarlinuna því ég er fóst á vinnustað.

Það er ósköp gott að það skuli vera fjölbreyttar samgöngur til umræðu og einhver stefna til 2030 en þegar ég sit og bíð og bíð í bílnum tvisvar á dag þá hjálpar það mér lítið. Ég hef ekki lausn á þessum vanda en ætlast til að þeir sem eru kosnir til að stýra bæjum, borgum og þjóðinni allri finni lausnina fljótt og vel, þetta gengur ekki lengur.



RENAULT
Passion for life

Renault **KADJAR** & **CAPTUR**

Sparneytnir sportjeppar



250.000 kr. vetrarpakki
fylgir í september!

Renault Captur, verð frá: **2.890.000 kr.**
Renault Kadjar, verð frá: **3.790.000 kr.**

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bilasalán Bilás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bilasalá Akureyrar
Akureyri
www.bilas.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Wolfsburg ekki enn fengið á sig mark

Bór/KA ræðst á ansi háan garð þegar liðið mætir þýska stórliðinu Wolfsburg í seinni leik liðanna í 32 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í Þýskalandi síðdegis í dag. Wolfsburg hefur leikið fjóra leiki í öllum keppnum á leiktíðinni án þess að fá á sig mark. Það verður því við ramman reip að draga hjá norðankonum.

FÓTBOLTI Þór/KA sækir Wolfsburg heim í seinni leik liðanna í 32 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu kvenna síðdegis í dag, en leikið verður á AOK Stadion, heimavelli þýska liðsins.

Norðankonur fara með ágætis veganesti í leikinn, en fyrri leik liðanna, sem leikinn var á Þórsvellinum fyrir tveimur vikur, lyktaði með 1-0 sigri Wolfsburg. Þar var það danski landsliðsframherjinn Pernille Harder sem skoraði sigurmark Wolfsburg.



Sara Björk Gunnarsdóttir, leikmaður Wolfsburg, einbeitti í fyrri leiknum gegn Þór/KA á Akureyri. Liðin mætast að nýju í Wolfsburg í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

Slakaðu á með Slökun

Einkenni magnesíum-skorts

- Lítil orka
- Þröttleysi
- Velik bein
- Hormóna ójafnvægi
- Svefntruflanir
- Vöðvakrampar, kippir og spenna
- Kólkun líffæra
- Óreglulegur hjartsláttur
- Kvíði
- Streita
- Pirringur



www.mammaveitbest.is

Það var hins vegar ekki gott veganesti fyrir Þór/KA að mexíkósku landsliðskonurnar Ariana Calderon, Bianca Sierra og Sandra Stephany Mayor geta ekki ferðast með liðinu og spilað þennan leik vegna verkefna sinna með landsliði Mexíkó.

Leikmannahópur Þórs/KA er fámennur en góðmennur, en einngöngu 14 leikmenn munu skipa hópin í leiknum í dag. Það er hins vegar feikinóg þar sem 11 leikmenn hefja leik og aðeins er heimilt að skipta þremur leikmönnum inn á í leiknum. Það má hins vegar lítið sem ekkert út af bregða í undirbúningi liðsins fram að leik.

„Undirbúningur hefur bara gengið vel og þær fjórtán sem eru til staðar eru allar leikfærar. Við værum vissulega í vöndum málum ef við yrðum fyrir skakkaföllum. Það hefur hins vegar ekki gerst þannig að við mætum til þessa leiks af fullum krafti. Við gerum okkur fulla grein fyrir því að þetta verður mjög erfið, en við erum fyrst og fremst mjög spennantar fyrir því að mæta einu sterkasta liði heims. Þetta verður

Við gerum okkur fulla grein fyrir því að þetta verður mjög erfið, en við erum fyrst og fremst mjög spennantar fyrir því að mæta einu sterkasta liði heims.

Sandra María Jessen

mjög lærdómsríkt fyrir leikmannahópinn og það væri geggjáð að ná að slá þær út.“ segir Sandra María Jessen, fyrirlíði Þórs/KA, í samtali við Fréttablaðið umkomandi verkefni.

„Við höfum aðallega verið að fara yfir varnarfærslurnar hérna úti og ætlum að hafa það alveg á hreinu. Það má búast við því að þær verði mun meira með boltann eins og í leiknum á Akureyri, en við náðum að komast í fin færi þar eftir skyndisóknir og stefnan er að gera slíkt hið sama í þessum leik. Við förum inn í þennan leik eins og alla aðra með það að markmiði að vinna.“ segir hún enn fremur um stöðu mála

hjá liðinu og nálgun liðsins að þeirri miklu áskorun sem það tekst á við.

Wolfsburg sem fór alla leið í úrslit keppinnar á síðustu leiktíð, þar sem liðið laut í lægra haldi fyrir Lyon, kemur að öllum líkindum fullt sjálfstrausts inn í þennan leik. Þýska liðið vann 5-0 stórsigur á Essen í síðasta leik sínum, en það var annar deildarleikur liðsins á yfirstandandi leiktíð og spilaði Sara Björk Gunnarsdóttir, fyrirlíði íslenska kvinnalandsliðsins í knattspyrnu, allan tíman í þeim leik.

Wolfsburg hefur haft betur í fyrstu fjórum leikjum sínum í öllum keppnum á þessari leiktíð, en liðið hefur aukin heldur ekki fengið á sig mark í þessum leikjum og skorað 20 mörk á andstöðinga sína. Það er því ljóst að verkefni Þórs/KA er ærði og það verður erfið að snúa taflinu við. Lið hafa hins vegar margt ósýnt fram á það að David geti lagt Goliát að velli í fótboltanum. En ef allt er eðlilegt mun Sara Björk vera með farseðil í 16 liða úrslitin í farteskinu um sexvæðing að íslenskum tíma.

hiorvaro@frettabladid.is

Var alltaf með augastað á Ástralíu

FÓTBOLTI Landsliðskonurnar Fanndis Friðriksdóttir og Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir eru á leiðinni í afar spennandi verkefni en þær eru búnar að samþykka að ganga til liðs við Adelaide United í áströlsku kvennadeildinni á láni fyrir komandi tímabil.

Tæpur mánuður er í að deildin hefjist í Ástralíu og lýkur deildarkeppninni í febrúar. Verða þær því báðar komnar aftur til liða sinna, Vals og Utah Royals, áður en tímabilin hefjast.

Kemur þetta því í staðinn fyrir langt undirbúningstímabil, eitt-hvað sem þekktist í bandarísku NWSL-deildinni sem Gunnhildur leikur í. Stýjða liðin þar við bakið á leikmönnum sem kjósa að leika í Ástralíu yfir vetrartímann þegar bandaríska deildin er ekki í gangi.

„Það eru fimm mánuðir á milli

Í staðinn fyrir undirbúningstímabil fæ ég að æfa og spila í sterkri deild í fimm mánuði.

tímabila í Bandaríkjunum og ég var alltaf með það í hausnum að fara til Ástralíu eins og margar í deildinni kjósa að gera. Ég ræddi það við þjálfarann þegar ég skrifaði undir og hann studdi þá ákvörðun en ég vildi ekki taka neina ákvörðun fyrr en það væri allt komið á hreint hvort það væru leikir með landsliðinu á þessum tíma. Ég hefði ekki farið ef þetta hefði komið í veg fyrir landsliðsverkefni,“ segir Gunnhildur.

Gunnhildur fékk tilboð frá nokkrum liðum í Ástralíu.

„Auðvitað er þetta að einhverju leyti ávintýraþrá og það hefði verið

erfið að segja nei við þessu tækifæri. Þetta er sterk deild og í staðinn fyrir undirbúningstímabil fæ ég að æfa og spila leiki í sterkri deild.“

Hún verður ekki eini Íslendingurinn í liðinu og það list henni vel á.

„Það er mikill kostur að hafa Fanndis, við vorum saman í liði í Noregi en náðum aldrei leik saman því ég var meidd. Ég var mjög ánægð að heyra að hún væri tilbúin að stökkva á þetta tækifæri. Liðið vantaði framherja og ég stak upp á Fanndis og þeir vissu hver hún er og voru strax spennntir,“ segir Gunnhildur og heldur áfram:

„Ég á ekki von á fleiri Íslendingum, það hefði verið flott að fá fleiri en það er búið að semja við fjóra erlenda leikmenn sem er hámarkið,“ segir hún létt í lund aðspurð hvort von sé á fleiri Íslendingum í liðið. – kpt



VIÐ SÉRHFÆM OKKUR Í ASÍSKRI MATARGERÐ.

HOLLUR OG LJÚFFENGUR MATUR.

Vietnamese restaurant
Laugavegi 27 og
Suðurlandsbraut 8
sími: 588 6868



pho.is

SAMSUNG

20%
afsláttur

20% afsláttur
af soundbar
þegar keypt
er Samsung
sjónvarp

HW-MS660
(sjá MS661 hér að neðan)

H L J Ó M G Æ Ð I

Soundbar og Multi-Room hátalarar



SAMSUNG SOUNDBAR
MS661 GRÁR
vrn. SAHW-MS661/XE

Kerfi: 3.0 - 9 hátalarar / Tengimöguleikar: Wi-Fi, Bluetooth, USB 2.0, 2 x HDMI (inn og út, Optical, AUX in) / Anynet+ (HDMI-CEC) Já / Multiroom Link: Já / Dolby Digital: Já / DTS: Já / Fjöldi tónstillinga: 5

Kr. 69.900,-



SAMSUNG SOUNDBAR
MS761 GRÁR
vrn. SAHW-MS761/XE

Kerfi: 5 Ch - 11 hátalarar / Hægt að tengja SWA-W700 / Tengimöguleikar: Wi-Fi, Bluetooth, USB 2.0, 2 x HDMI (inn og út, Optical, AUX in) / Anynet+ (HDMI-CEC) Já / Multiroom Link: Já / Dolby Digital: Já / DTS: Já / Fjöldi tónstillinga: 5 / Stærð - 1150 x 80 x 130.4 / Þyngd - 6.3 Kg

Kr. 109.900,-



SAMSUNG
SUBWOOFER W700
vrn. SASWA-W700/XE

Frábær bassahátalari sem hægt er að tengja við nýjustu gerðir af Samsung heimabíókerfum.

Kr. 64.900,-

10" Hátalari / Tíðnisvið: 27-120Hz / Stærð: 320x338.3x320 mm / Þyngd: 14.6 kg



SAMSUNG SOUNDBAR
K860 SVARTUR
vrn. SAHW-K860/XE

Kr. 139.900,-

Kerfi: 3.1.2 / Heildarkraftur: 350 W / Bassabox Þráðlaust / Tengimöguleikar: Bluetooth, USB 2.0, 2 x HDMI (inn og út, Optical, AUX in) / Anynet+ (HDMI-CEC) Já / Multiroom Link: Já / Dolby Digital: Já / DTS: Já

Netverslun Ormsson:
Ormsson.is

ORMSSON

SAMSUNG

SETRIÐ

LÁGMÚLA 8 - 530 2800



Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15



ormsson

Tímamót

1580 Francis Drake lýkur hnattsiglingu sinni þegar Gullna hindin kemur til hafnar í Plymouth.

1915 Við Stjórnarráðshúsið í Reykjavík er afhjúpaður minnisvarði um Kristján 9. konung á afmælisdegi Kristjáns 10. Styttan, sem er eftir Einar Jónsson, sýnir konung með stjórnarskrána í framréttri hendi.

1939 Við Rauфарhöfn neyðist bresk Catalina-sjóflugvél til að lenda vegna þoku.

1942 Ríkið leggur niður einkasólu sína á bifreiðum, sem það hefur haft í sjö ár.

1950 Vegna mengunar í lofti er dimmt fram eftir degi á landinu og vírðist sólin vera bláleit. Talið er að þetta stafi frá eldgosi á Filippseyjum eða af skögareldum í Norður-Ameríku.

1960 Á leið sinni vestur um haf kemur Harold Macmillan, forsætisráðherra Breta, við á Keflavíkurflugvelli og ræðir við starfsbróður sinn, Ólaf Thors, um landhelgismálið.

1969 Ellefta breiðskífa Bitlanna, Abbey Road, kemur út í London.

1970 Íslensk flugvél ferst á Mykinesi í Færeyjum. Þetta var Fokker Friendship farþegavél frá Flugfélagi Íslands og voru 30 farþegar um borð auk fjögurra manna áhafnar. Átta manns fórust, þar af einn Íslendingur.

2006 Á bilinu 10-15 þúsund manns ganga mótmælagöngu niður Laugaveg til að mótmæla stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar. Þetta eru talin vera fjölmennustu mótmæli á Íslandi frá 24. maí 1973.

2008 Gengisvísitala íslensku krónunnar fer upp í 183,91 stig og hefur þá aldrei verið hærra. Krónan hafði aldrei verið lægri gagnvart evrunni (1/140,96) og ekki lægri gagnvart Bandaríkjadal síðan árið 2002 (1/96,80).



Á tónleikum mun Einar Bårdarson fara yfir sögurnar á bak við sín vinsælustu lög. MYNDR/ARNOLD BJÖRNSSON

Sækir orku í gamla slagara

Tuttugu ár eru frá því lagið „Farin“ fór í fyrsta sæti. Einar Bårdarson athafnaskáld ætlar að fagna því á 20 ára höfundartónleikum í Bæjarbíói með sögustund og sing-along. Í miðri skipulagningu stendur kappinn svo í stórræðum við að styðja við bakið á konu sinni.

Einar Bårdarson athafnaskáld fagnar um þessar mundir 20 ára höfundarafmæli en í apríl voru 20 ár frá því lagið „Farin“ með hljómsveitinni Skítamóral kom út. Það var fyrsta lagið sem Einar samdi og gefið var út og vinsældir lagsins urðu slíkar að það varð aldrei aftur snúið. Lögin urðu nokkur í kjölfarið en það var svo ekki fyrr en lagið Birta eftir Einar vann forkeppni Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva að Einar varð „heimsþekktur“ á Íslandi en í framhaldi af því upphöfust mikil og dramatísk deila við Útvarpsráð um það á hvaða máli yrði sungið í keppninni erlendis.



5. janúar 1996; hin vinsæla hljómsveit Skítamóral með tónleika á Gauki á Stöng.

Um og upp úr síðustu aldamótum var Einar Bårdarson fyrirferðarmikill laga- og textahöfundur. Hann samdi mörg af vinsælustu lögum Skítamóral. Á móti sól og Nylon flokksins. Þá samdi hann vinsæl lög fyrir flytjendur á borð við Stjórnina, Björgvin Halldórssón, Jóhönnu Guðrúnu, Ingó og Veðurguðina, Hvanndalsbræður, Garðar Thór Cortes, og fleiri.

Í tilefni áfangans er verið að vinna hljómplötu með vinsælustu lögum Einars þar sem hann mun taka þátt í flutningnum. Þá verða útgáfutónleikar í tengslum við útgáfu plötunnar sem fara fram í nóvember en þar mun Einar koma fram ásamt völdu tónlistarfólki og nokkrum valinkunnum söngvurum sem bæði hafa unnið með Einari áður og öðrum sem aldrei hafa tekist á við efni höfundar áður. Á tónleikum mun Einar fara yfir sögurnar á bak við sín vinsælustu lög og flytja þau með sínu nefi ásamt vinum og félögum. benediktbos@frettabladid.is

Í ár fagnar Einar Bårdarson 20 ára höfundarafmæli en núna í júní eru 20 ár frá því að lagið Farin með Skítamóral kom út, fyrst laga hans. Farin náði 1. sæti íslenska vinsældalistans í sama mánuði og sat þar í þrjár vikur. Svo komu lögin

Einar stendur í fleiri stórræðum því hann stendur í miðjum stormi með konu sinni gegn Orkuveitunni. Þar hefur hann verið ótull talsmaður konu sinnar og staðið sem klettur henni við hlið.

+

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,

Svövu Sjafnar Kristjánsdóttur
Ásvegi 1, Hvanneyri.

Pétur Jónsson
Íris Björg Sigmarsdóttir
Anna Sigríður Hauksdóttir
Óyvind Kulseng og barnabörn.

Ómar Pétursson
Kristján Ingi Pétursson
Kristín Pétursdóttir

+

Hugheilar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, mómmu, tengdamómmu, ömmu og langömmu,

Lucindu Gígyu Möller

Sérstakar þakkir flytjum við starfsfólki og íbúum Skógarhlíðar á Akureyri fyrir alla alúð og hlýju í hennar garð. Guð blessi ykkur öll.

Halldór Hallgrímsson
Helga Halldórsdóttir
Halla Halldórsdóttir
og fjölskylda.

+

Ástkæri maðurinn minn, pabbi okkar, tengdapabbi og afi,

Ární Guðmundsson
Lyngprýði 2, Garðabæ,

lést á krabbameinsdeild LSH að kvöldi fimmtudagsins 20. september umkringdur ástvinum sínum.

Útförin fer fram frá Digraneskirkju miðvikudaginn 3. október kl. 13.00. Sérstakar þakkir færum við öllu því frábæra starfsfólki sem annaðist hann af alúð.

Sigríður Huld Konráðsdóttir

Guðmundur Örn Arnason
Erla María Arnadóttir
Íris Björk Arnadóttir
Unnur Svanborg Arnadóttir
Sigríður Hulda Arnadóttir
Ární Konráð Arnason

Elisabet Mary Arnaldsdóttir
Róbert Karl Hlíðversson
Kristján Jón Jónatansson

Sveinbjörn Claessen
Birgitta Björt Garðarsdóttir
og barnabörn.

+

Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

Kristrún Ellertsdóttir
Eyjabakka 14, Reykjavík,

lést á kvenlækningadeild Landspítalans laugardaginn 22. september. Útför hennar verður frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 2. október kl. 13.00. Peim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

Kolbrún Þorsteinsdóttir
Þorsteinn R. Kjartansson
Lilja Björg Kjartansdóttir
og langömmubörn.

Matthías Loftsson
Erlendur Ingi Jónsson

+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, dóttir og systir,

Jóhanna Rós F. Hjaltalín
Stekkjartúni 28, Akureyri,

lést sunnudaginn 23. september á heimili sínu. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 28. september kl. 13.30.

Dagur Magnússon
Fannar Magnússon
Friðgeir V. Hjaltalín
Eydis F. Hjaltalín
Jófríður Friðgeirsdóttir

Helga Margrét Ólafsdóttir
Salbjörg S. Nóadóttir
Steinar Þór Alfreðsson
og fjölskylda.

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 26. september 2018

35. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL




ROLEX

OYSTER PERPETUAL 39




MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

Planið gekk upp

Jón Björnsson leiddi vel heppnaða umbreytingu á rekstri Festar sem meðal annars rekur Krónuna. Fjárfestar fengu góða ávöxtun þegar félagið var selt til N1. Best heppnuðu umbreytingarverkefni eru oft yfirtekin af keppinaut fyrirtækjanna því þeir sjá tækifæri á að styrkja sinn rekstur. »6

 Ég vissi nákvæmlega hvað ég vildi gera með Krónuna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



»2

ÍV missir 15 milljarða úr stýringu til Kviku

Lifeyrissjóður verkfræðinga hefur fært allar eignir sem hann var með í virkri stýringu hjá Íslenskum verðbréfum yfir til Kviku banka. Sjóðurinn er hluthafi í báðum fjármála-fyrirtækjunum.

»4

Vildi rannsaka sölu Arion banka í Bakkavör

Meirihluti stjórnar Arion banka hafnaði tillögu fulltrúa Bankasýslu ríkisins um að sala bankans á hlut sínum í Bakkavör yrði rannsókuð. Tillaga þáverandi varaformanns stjórnar bankans svipaðs efnis var einnig felld.

»10

Vaxtahækkun vekur athygli

„En erlendir fjárfestar hafa hins vegar í Danmörku og víðar þar sem hægkerfi standa traustum fótum með litlar skuldir og hátt láns hæfi, líkt og á litla Íslandi, átt þátt í að lækka vaxtakostnað heimila og fyrirtækja enn frekar,“ segir Agnar Tómas Möller, framkvæmdastjóri sjóða hjá GAMMA, í aðsendri grein.

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímamantanir í síma:

Optical Studio í Smáralind, 5288500

Optical Studio í Keflavík, 4213811

Optical Studio í Leifsstöð, 4250500

Optical Studio
SMÁRALIND | LEIFSSTÖÐ | KEFLAVÍK



Kristín Pétursdóttir, stjórnarformaður Kviku. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

190 milljóna króna söluhagnaður Kristínar

Fjárfestingarfélag í eigu Kristínar Pétursdóttur, stjórnarformanns Kviku banka, hagnaðist um 220 milljónir króna á síðasta ári, samkvæmt nýbirtum ársreikningi félagsins, KP Capital.

Stærstur hluti hagnaðarinn kemur til vegna söluhagnaðar upp á 189 milljónir króna vegna sameiningar Kviku og Virðingar, sem gekk endanlega í gegn í nóvember í fyrra, en Kristín átti um níu prósent hlut í Virðingu og var stjórnarformaður verðbréfafyrirtækisins. Aróstekjur félagsins voru jafnframt rúmlega 22

milljónir króna á árinu.

Félag Kristínar átti eignir upp á ríflega 290 milljónir króna í lok síðasta árs og var eigið fé þess á sama tíma um 257 milljónir króna. Til samanburðar voru eignir félagsins 159 milljónir og eigið fé 52 milljónir í lok árs 2016.

Kristín tók við formennsku í stjórn Kviku af Þorsteini Pálssyni á aðalfundi fjárfestingarbankans í mars síðastliðnum en Þorsteinn hafði verið stjórnarformaður bankans og forvera hans, MP banka, frá árinu 2011. – kj

Félag Gísla Haukssonar hagnast um 84 milljónir

Hagnaður fjárfestingarfélags Gísla Haukssonar, annars stofnenda GAMMA, jókst um 66 milljónir króna á milli ára og var 84 milljónir króna árið 2017. Mestu skiptir að arógreiðslur til Ægis Invest jókst úr 34 milljónum í 99 milljónir króna. GAMMA, sem Gísli á Þríðungshlut 1, greiddi hluthöfum 300 milljónir króna í aró fyrir rekstrarárið 2016 en mun ekki greiða aró fyrir árið 2017.

Listmunir í eigu Ægis Invest voru metnir á 98 milljónir króna í bókum félagsins við árslok og eru bókfærðir á kostnaðarvirði. Eiginfjárlutfall fjárfestingarfélagsins jókst úr 27 prósentum árið 2016 í 37 prósent árið 2017. Eigið fé fyrirtækisins jókst um 84 milljónir króna á milli ára og



Gísli Hauksson, annar stofnenda GAMMA.

nam 148 milljónum króna við árslok. Eignir Ægis Invest námu 428 milljónum króna í fyrra og jókst um 156 milljónir króna. Fjárfestingarfélagið keypti hlutabréf fyrir 75 milljónir króna í fyrra og jókst bókfært virði hlutabréfa sem því nemur í 131 milljón króna. Um er að ræða fjögur félög, þar á meðal eignarhlut í GAMMA. Kvika vinnur að kaupum á GAMMA fyrir allt að 3,75 milljarða króna. – hvj



Kvika og rekstrarfélög bankans verða með yfir 400 milljarða í stýringu eftir kaupin á GAMMA. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÍV missir 15 milljarða úr stýringu til Kviku

Lífeyrissjóður verkfræðinga hefur fært allar eignir sem hann var með í virkri stýringu hjá Íslenskum verðbréfum yfir til Kviku. Sjóðurinn er hluthafi í báðum fjármálafyrirtækjunum. Eignastýring Kviku stækkað mjög síðustu misseri.

Lífeyrissjóður verkfræðinga (Lífsverk) hefur fært eignir að andvirði í kringum 15 milljarða króna, sem hafa verið í virkri stýringu hjá Íslenskum verðbréfum (ÍV), yfir til eignastýringar Kviku banka. Gengið var frá samkomulagi þess efnis undir lok síðustu viku, samkvæmt heimildum Markaðarins. Ármann Þorvaldsson, forstjóri Kviku banka, sagðist í samtali við Markaðinn ekki geta tjáð sig um málið.

Lífsverk, en hrein eign lífeyrissjóðsins nam samtals rúmlega 80 milljörðum króna í árslok 2017, er á meðal hluthafa í báðum fjármálafyrirtækjunum og fer sjóðurinn með um 3,2 prósent hlut í Íslenskum verðbréfum. Þá er Lífsverk sjöundi stærsti einstaki eigandi Kviku banka með tæplega þriggja prósent eignarhlut en sjóðurinn kom fyrst inn í hluthafahóp fjárfestingarbankans fyrir liðlega ári.

Eignir í stýringu hjá Íslenskum verðbréfum voru um 117 milljarðar í árslok 2017, að því er fram kemur í síðasta birta ársreikningi félagsins. Þær eignir sem Lífeyrissjóður verkfræðinga hefur nú flutt yfir í eignastýringu til Kviku banka voru því talsverður hluti af heildareignum sem ÍV er með í stýringu. Þá hefur



Ármann Þorvaldsson, forstjóri Kviku banka.

117

milljörðum námu eignir í stýringu hjá ÍV í árslok 2017.

Lífsverk einnig verið með nokkra milljarða í sjóðum í stýringu hjá Íslenskum verðbréfum.

Heildartekjur Íslenskra verðbréfa námu rúmlega 700 milljónum í fyrra og drögust litillega saman á milli ára. Þá var tæplega 36 milljóna króna tap á rekstrinum borið saman við hagnað upp á 116 milljónir á árinu 2016. Stærstu hluthafar ÍV, hver um sig með 9,99 prósent hlut, eru Stapi lífeyrissjóður, Brú lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar, Kaldbakur, sem er í eigu Samherja, KEA, og eignarhaldsfélagið Maritimus Investors, sem er í eigu Sigurðar Arngrímssonar fjárfests.

Félagið hefur á síðustu mánuðum,

samkvæmt heimildum Markaðarins, átt í óformlegum samskiptum við hluthafa og stjórnendur ýmissa verðbréfa- og sjóðastýringarfyrirtækja í því skyni að kanna áhuga á mögulegri sameiningu. Þær viðræður hafa hins vegar enn engu skilað.

Með 400 milljarða í stýringu

Heildareignir í stýringu hjá Kviku hafa aukist mjög á síðustu misserum í kjölfar kaupa bankans á Virðingu og Öldu sjóðum og voru um mitt þetta ár um 270 milljarðar. Gangi fyrirhuguð kaup fjárfestingarbankans á GAMMA eftir, sem tilkynnt var um í júní síðastliðnum, verða eignir í stýringu Kviku og rekstrarfélaga í eigu bankans samtals yfir 400 milljarðar króna. Getur kaupverðið numið allt að 3,75 milljörðum miðað við fjárhagsstöðu GAMMA í árslok 2017 og stóðu árangurstengdra þóknana sem á eftir að tekjufæra.

Hagnaður Kviku banka á fyrri árshefningu nam 1.056 milljónum króna fyrir skatta og var arósemi eiginfjár um 18,5 prósent á sngrundvelli. Stærstu hluthafar bankans eru VÍS, Lífeyrissjóður verslunarmanna, Sigurður Bolla-son fjárfestir og hjónin Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir og Guðmundur Örn Þórðarson. hordur@frettabladid.is

Nitur hagnaðist um 1,6 milljarða króna við sölu á fasteign til Ölgerðarinnar

Nitur, sem seldi Ölgerðinni höfuðstöðvar sínar að Grjót-háls 7-10 í fyrra, bókfærði 1,6 milljarða króna söluhagnað það ár. Miðað við sjóðstreymisýfirlit má ætla að söluverðið hafi verið í kringum 1,9 milljarða króna. Félagið er í eigu Hilmars Þórs Kristinssonar og Hollendingins Bernhards Jakobs Stickers.

Fasteignakaupin voru greidd með reiðufé og 5,75 prósent hlut í Ölgerðinni sem bókfærður var á 565 milljónir króna hjá Nitri. Fram hefur komið í fjölmiðlum að samhlíða kaupnum hafi Ölgerðin hækkað hlutafé um 1,6 milljarða króna og lækkað skuldir.

Ölgerðin missti húsnæði sitt í uppgjöri við viðskiptabanka sinn árið 2010. Auður I, framtakssjóður sem þá var í rekstri Virðingar og nú Kviku, átti kauprétt að húsnæðinu og áframseldi það til Hilmars Þórs og Stickers.

Nitur kom með 661 milljón króna



Ölgerðin missti húsnæðið 2010 í fjármálahrununni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

til landsins í gegnum fjárfestingaleið Seðlabankans, eins og fram hefur komið í Markaðnum. Fyrirtækið hefur einkum fjárfest í fasteignum.

Eignir Niturs námu þremur milljörðum króna árið 2017 og jókst um

1,3 milljarða króna á milli ára. Eigið fé var 1,5 milljarðar króna við árslok en árið 2016 var það neikvætt um 79 milljónir króna. Fyrirtækið hagnaðist um 1,6 milljarða í fyrra en tapaði 63 milljónum króna árið áður. – hvj

FRÉTTABLAÐIÐ IS

Stendur undir nafni



FRÉTTABLAÐIÐ



FRÉTTABLAÐIÐ APP



FRÉTTABLAÐIÐ IS

„ÞESSI ÞJÓNUSTA ER BYLTING“



segir Guðmundur Kr. Jónsson, framkvæmdastjóri Bako Ísbergs sem hefur nýtt sér **Flotaleigu Lykils í 4 ár.**

Bako Ísberg ehf er eitt stærsta þjónustufyrirtæki á Íslandi fyrir veitingahús, hótél, bakarí og mötuneyti. Til þess að geta veitt viðskiptavinum sínum úrvalsþjónustu, er Bakó Ísberg með fjölbreyttan flota bíla frá Lykill; allt frá litlum skutlum fyrir sölumennina upp í stóran kassabíl til að flytja tæki í stóreldhús.

FLOTALEIGA

Lágmarkaðu kostnað við rekstur bílaflota fyrirtækisins

- 1** Við finnum saman bíla sem henta þínum rekstri.
- 2** Lykill sér um kaup og rekstur bílanna.
- 3** Þú leigir bílana og nýtur stærðarhagkvæmni Lykils.

Lykill býður fyrirtækjum hagkvæmari leið til að reka bíl en flotaleigan einfaldar allan rekstur og kemur í veg fyrir sveiflur í útgjöldum. Einungis þarf að huga að einni fastri mánaðarlegri greiðslu þar sem dekk, dekkjaskipti, þjónustuskoðanir, smurning, bifreiðagjöld, tryggingar og viðhald er innifalið. Þá losnar þú við alla áhættu og umstang sem fylgir því að selja bíl.

Þjónustuver Lykils minnir viðskiptavini á þegar fara skal með bílinn í þjónustuskoðanir, dekkja- og oliuskipti en allan þann kostnað greiðir Lykill.



Skoðaðu bíla allra bílalnflytjenda á Íslandi í stærsta sýningarsal landsins á lykill.is/syningarsalurinn.

Ármúla 1 | 108 Reykjavík | lykill.is | lykill@lykill.is | 540 1700

 **Lykill**
fjármögnun



NÝR VOLVO XC40

ALLT SEM ÞÚ ÞARFT. ENGU OFAUKIÐ.

Það eru breyttir tímar. Meira er ekki lengur allt.
Volvo XC40 hefur allt sem þú þarft. Engu er ofaukið.
Framúrstefnuleg hönnunin og nýstárleg tæknin gera þennan jeppa alveg einstakan.
Hann hefur verið valinn Bíll ársins í Evrópu 2018 og fengið fimm stjörnur
í árekstraprófunum Euro NCAP.

Komdu og sjáðu hann í glænýjum sýningarsal Volvo að Bíldshöfða 6.

Volvo XC40 D4 190 hestöfl AWD sjálfskiptur
Verð frá 5.990.000 kr.

MADE BY SWEDEN



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

volvocars.is

Helgi Vífill
Júliússon
helgivi@frettabladid.is



Ég var með hugmyndina mótaða þegar starfsmaður Stefnis hringdi í mig sama dag og gengið var frá kaupum á Festi. Hann vildi athuga hvort ég hefði áhuga á að vinna að þessu verkefni með þeim. Ég vissi nákvæmlega hvað ég vildi gera með Krónuna, ELKO, Intersport og fasteignafélagið og fékk hluthafana með mér til að fara þá leið,“ segir Jón Björnsson sem var forstjóri Festar á árunum 2014 til 2018 en gegnir nú stjórnarformennsku í Krónunni.

Sjóður á vegum Stefnis, sjóðsstýringar í eigu Arion banka, og einkafjarfestar keyptu Festi árið 2013 af Norvik, eignarhaldsfélagi í eigu fjölskyldu Jóns Helga Guðmundssonar, sem rekur meðal annars BYKO. Samkvæmt ársreikningi sjóðsins SFV var kaupverðið 8,8 milljarðar króna. Fimm árum seinna var það selt fyrir 23,2 milljarða króna til N1 eftir að hafa greitt hluthöfum 1,5 milljarða króna í arð. Þeir fengu því fjárfestinguna 2,8 sinnum til baka. Á meðal einkafjarfesta voru Hreggviður Jónsson, aðaleigandi Veritas Capital, Þórður Már Jóhannesson fjárfestir og Guðmundur Asgeirsson í Nesskipum.

„Fæðingin var ógnarlöng. Areiðanleikakönnun var framkvæmd sumarið 2013. Því næst tekur Samkeppniseftirlitið kaupin til skoðunar og lýkur sinni vinnu í nóvember. Þá voru að koma jól og það er óæskilegt að taka við rekstri smásölu fyrirtækis um það leyti því stjórnendur og starfsfólk þurfa þá að einblína á söluna um hátíðarnar. Nýir eigendur hefðu trúlað þá vinnu. Við tókum því við fyrirtækinu í mars 2014.“

Fjárfestarnir fengu býsna góða ávöxtun á sitt fé.

„Engu að síður töldu ýmsir á þeim tíma að seljandinn hefði fengið ansi gott verð fyrir fyrirtækið. Það sem kemur saman er að tímasetning kaupanna var góð, planið gott og fyrirtækin sterk.“

Trúir ekki á miðstýringu

Hvaða sýn hafðir þú á rekstur fyrirtækjanna?

„Fyrirtækið var vel rekið með góðum gildum. Ég trúir hins vegar ekki á miðstýringu í rekstri fyrirtækja. Sparnaðurinn sem af henni hlýst nær ekki að vega upp á móti tapinu sem skapast þegar það skortir dýnamík. Ég vildi að fyrirtækin fengju meira sjálfstæði til að geta blómstrað. Vörur, mannaúður og viðskiptavinir verða að mynda



Jón Björnsson segir að það hafi verið mikilvægt í umskiptum á rekstri Festar að þátttakendur voru meðvitaðir um að breytingar taka tíma. Þær gerast ekki á hálfu

Vissi nákvæmlega hvað gera skyldi

Jón Björnsson leiddi vel heppnaða umbreytingu á rekstri Festar sem meðal annars rekur Krónuna. Fjarfestar fengu góða ávöxtun þegar félagið var selt til N1. Í umbreytingunni skiptu fjórir þættir sköpum en meðal annars var fjárfest fyrir 700-800 milljónir í rekstrinum á hverju ári. Matvöruverslanir eiga í harðri samkeppni við veitingahús. Ferðamenn versluðu lítið hjá Festi árin 2014 og 2015.

eina heild og það er ekki hægt að slita neinn þessara þátta frá hinum. Það er leikskipulag sem ég trúi á og við innleiddum.

Í öðru lagi var ákveðið að gera vel það sem við kunnum og hætta því sem við kunnum ekki. Við hættum að reka íþróttavöruverslanina Intersport og auglýsingastofuna Expo. Í fasteignasafninu voru fasteignir sem ekki tengdust smásölu og þær voru seldar. Eftir stóð móðurfélag sem var sérhæft á þremur mörkuðum; dagvöruarkaði, raftækja- og heimilisvöruarkaði og rekstri fasteigna í smásölu.

Hafin var vinna við að einfalda reksturinn í dagvörunni. Öllum nema einni Nótatúnsverslun var



„Við gerum okkar plön með bankanum“



LEIÐ

MIDVIKUDAGUR 26. SEPTEMBER 2018

Heimili



Það tók sautján klukkustundir að matbúa og grilla stærsta grillborgara Íslandssögunnar. Útkoman var tæplega átján kílóa hamborgari sem grindviski grillkóngurinn Alfreð Fannar Björnsson segir þann besta sem hann hefur smakkað. ➔4



IKEA hefur bætt við alls kyns vörum undanfarið sem geta gert lífið í eldhúsinu auðveldara, einfaldara og þægilegra. MYND/EYÞÓR

Allir geta skapað sér draumaeldhús

IKEA vill að allir geti skapað sér sitt eigið draumaeldhús, sama hvernig fólk býr eða hversu mikið það hefur á milli handanna. Á morgun kemur út nýr og glæsilegur eldhúsbæklingur, stútfullur af spennandi möguleikum. ➔2

GLAMOUR

Komið í allar
helstu verslanir



Íslenskt tískutímarit



KUNGSFORS línan nýtir hvern kima í eldhúsinu án þess að taka dýrmætt borðpláss og hentar í öll eldhús.



KUNGSBACKA eldhúsframhliðin hlaut hin virtu alþjóðlegu hönnunarverðlaun Red Dot í flokki vöruhönnunar.



Smáatriði geta gjörbreytt húsgögnum. Leðurhöldur gefa þessum skáp óhefðbundið yfirbragð.



Gott skipulag gerir lífið auðveldara og er mikilvægt á öllu heimilinu, ekki síst í eldhúsinu.

Þegar kemur að þróun vöruúrvals lætur IKEA ekki sitt eftir liggja. Von er á nýjum og glæsilegum eldhúsbæklingi á morgun þar sem hægt er að fá sýnishorn af nýjungum og fjölbreyttu úrvali af eldhússkápum, framhliðum, blöndunar- og heimilistækjum, svo eitthvað sé nefnt," segir Birna Magnea Bogadóttir, sölustjóri í eldhúsideil IKEA. „Í bæklingnum má glögglega sjá að mikil áhersla er lögð á gæði, skipulag og nýtingu á plássi.“

Úrvalið byggt á óskum viðskiptavina

Birna útskýrir að hugmyndafræði IKEA sé að gera daglegt líf þægilegra fyrir sem flesta og því sé úrvalið byggt á kröfum viðskiptavina. „Hvort sem fólk heillast meira af sigildum og rómantískum stíl eða nútímalegu og stílhreinu útliti geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi – og á verði sem hentar flestum,“ segir hún. „Eldhús eru ólík og kröfur fólks misjafnar.“ Birna nefnir sem dæmi að bakaraofnar séu ekki sjálf-sagðir í ýmsum löndum, en íslensk matarhefð krefjist þess að eldhúsið sé útbúið góðum ofni. Þess vegna leggi IKEA á Íslandi mikla áherslu á hágæða ofna og fleiri heimilistæki sem fylgi nútímakröfum viðskiptavina. „Þessa dagana bætast einmitt ofnar, örbylgjuofnar og háfar í stíl við eldhúsúrval IKEA,“ segir Birna.



VADHOLMA eldhúshirslurnar færa heimilinu náttúrulegan hlýleika og hefðbundið útlit með hillum úr bæsuðum askspæni og eldhúseyju með viðarborðplötu.

Sniðið að rýminu

„Heimilin eru að breytast, fólk býr í smærri rými og deilir jafnvel plássi, svo að gott skipulag er nauðsynlegt á öllu heimilinu, ekki síst í eldhúsinu,“ segir Birna. „METHOD eldhúslínan er grunnurinn í eldhúsinu og er hönnuð til að passa í hvaða eldhús sem er. Bodið er upp á skápa í öllum stærðum, sem gera fólk kleift að sniða eldhúsið að arkitektúr heimilisins.“

Línan passar bæði í litil og stór eldhús og jafnvel óvenjuga eldhús, eins og þau sem eru byggð undir súð. METHOD línan nýtir ekki bara rýmið vel heldur geta viðskiptavinir valið úr fjölbreyttu úrvali af hurðum og framhliðum, ásamt höldum og hnúðum, til að innrétta eldhúsið fullkomlega eftir sínum smekk,“ segir Birna. „Möguleikarnir eru í raun endalausir og ef fólk vill breyta til síðar þá má einfaldlega skipta um framhliðar á METHOD skápnum eða höldur á framhliðum. Smáatriði geta gjörbreytt eldhúsinu.“

Betra flæði í eldhúsinu

„Í eldhúsbæklingnum má finna snjallar nýjar línur sem færa eldhúsinu betra vinnuflæði, til dæmis opnar hirsleucingar frá TORNVÍKEN, sem veita góða yfirsyn og auðveldu aðgengi. Það bætist líka í úrvali af skipulagsvörum sem eru í anda stóreldhúsa á veitingastöðum,“ segir Birna. „Línan heitir KUNGSFORS“

Hvort sem fólk heillast meira af sigildum og rómantískum stíl eða nútímalegu og stílhreinu útliti geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi.

og nýtir hvern kima í eldhúsinu, án þess að taka dýrmætt borðpláss. Hún hentar í eldhús af öllum stærðum og einfaldar eldamennskuna til muna.“

Gott fyrir umhverfið og veskið

Fólk er sífellt meðvitaðra um umhverfi sitt og IKEA tekur virkan þátt í að stuðla að sjálfbærara heimilislífi. „IKEA hefur til dæmis byrjað að nota endurniðrið hráefni til að hafa jákvæð áhrif á jörðina,“ segir Birna. „Til að mynda eru KUNGSBACKA eldhúsframhliðar úr endurnum við sem er klæddur plastfilmu úr endurnum plastflöskum en KUNGSBACKA hlaut á dögnum hin virtu alþjóðlegu hönnunarverðlaun Red Dot. Annað dæmi um vistvænar eldhúsvörur IKEA er fjölbreytt úrval af blöndunartækjum, en öll blöndunartækin eru með búaði sem dregur úr vatnsnotkun um allt að 40% án þess að draga úr þrýstingi,“ segir Birna að lokum. „Það er bæði umhverfisvænna og sparar peninga.“



SÉRVALIÐ GULLAUGA Í UMHVERFISVÆNUM UMBÚÐUM

— KORNAR Í VERSLANIR —



Grilluðu 18 kílóa hamburgara

Það tók 17 tíma að matbúa stærsta grillborgara Íslands. Útkoman var 17,545 kílóa hamburgari sem grindvíski grillkóngurinn Alfreð Fannar Björnsson segir þann besta sem hann hefur smakkað.

Pórdís Lilja
Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Við Atli Kolbeinn Atlason, vinur minn og matreiðslu- maður, fengum þessa hugmynd á þriðjudegi og þar sem Atli lætur verkin tala var strax drifið í að útvega kjöt, hamburgarbrauð og annað hráefni í þennan stærsta grillaða hamburgara landsins," segir Alfreð sem fékk einnig lánað aukagrill frá Weber til verksins.

Hamburgarann var öllu því finasta tjaldað til enda átti útkoman að verða sú girnilegasta og bragðbesta hingað til.

„Við fengum átta kíló af nautahakki með 20 prósentu fituinnihaldi frá Kjötkompani, bættum út í það átta eggjum og 100 grömmum af hveiti til að binda það saman og hnoðuðum í höndum. Við ákváðum að hafa borgarann þrefaldan og krydduðum kjötið með tveimur staukum af kryddinu Grillmeistarinn frá Prima, en alls tók um klukkutíma að grilla buffin á kolagrillunum," útskýrir Alfreð og tveggja manna tak var að snúa



Alfreð og Atli skiptu átta kílóum nautahakks í þrjú risastór buff sem þeir grilluðu á kolagrillum. Tvo stauka af kryddi þurfti á borgarana sem voru tveggja manna tak að snúa við á grillinu, eins og sjá má á umfanginu. Tilbúinn hefði hamburgarinn dugað til að seðja sextiu svanga munna.

stærsta borgara landsins á grillinu.

„Sósan var heimatilbúið lostæti og undir töfrasprotann fóru 1.800 grömm af Hellman's mæjónesi, stór krukka af pikkles, hálfur hótellaukur og hálf krukka af Dijon-sinnepi, allt smakkað til með salti og pipar.“

Þeir Alfreð og Atli grilluðu einnig 3.150 grömm af þykku beikoni, skáru niður tuttugu tómata, fjóra hótellauka, þrjár dósir af súrum gúrkum og sex potta af Lambhagsalati til að hafa sem meðlæti á þennan tröllaukna grillborgara.

„Gæðabakstur hljóp undir bagga með risastór hamburgabrauðin sem voru bókðu þannig að neðsta brauðið var þyngst og stærst til að bera þyngdina, en svo urðu brauðin léttari eftir því sem þau náguðust toppinn," útskýrir Alfreð, himinsæll með árangurinn.

„Þetta var einn sá allra besta hamburgari sem við Atli höfum smakkað enda var allt hráefni í hæsta gæðaflokki.“

Áhugasamur um eld og grill

Til að tryggja að grillborgarinn yrði örugglega sá stærsti leituðu Alfreð og Atli logandi ljósi að stærsta hamburgara Íslands hingað til og fundu einn staðilegan sem Tommaborgarar steiktu á Kótillettunni árið 2013.

„Af myndum að dæma var okkar borgari miklu stærri enda notuðum við átta kíló af kjöti á móti þremur hjá Tommaborgurum," segir Alfreð sem er menntaður bílamálari en með brennandi áhuga á grillmennsku.

„Mér hefur reyndar verið boðin vinna í eldhúsi en held að ég njóti eldamennskunnar betur sem áhugamáls. Eg hef alltaf haft mikinn áhuga á eldi og fannst alltaf svo gaman í ferðalögum æskunnar með mömmu og pabba þar sem útlegmaturinn var grillaður. Eg keypti mér því reykofn fyrir þremur árum og fór að grúska við að reykja nautarífi, rífið svinakjöt og fleira góðgæti, en þá er allt hægeldað í djúpu grilli," segir Alfreð sem er með fjögur grilli á pallinum og tvö í skúrnum.

„Safnið samanstendur af reykofni, kolagrilli, gasgrilli og rafmagnsgrilli, sem er svipað og gasgrill en gengur fyrir rafmagni. Eg bauð fólk í mat eitt kvöldið og gerði blinda tilraun á bragðmun af þessum mismunandi grillum.



Alfreð er bílamálari og Atli yfirkokkur hjá Dögum á Reykjanesi. Hér halda þeir á gæstum stærsta grillborgara landsins.

Kolagrillið bar af á meðan litill sem enginn munur var á gas- og rafmagnsgrillinu. Sjálfur er ég hrifnastur af kolagrilluðum mat. Það er mikil stemning að grilla á kolum og bragðið er ómótstæðilegt," segir Alfreð sem hefur gert tilraunir með súpur, pottreiti og vöffur á grillinu með góðum árangri.

Sextíu manna hamburgari

Stærsti grillborgari landsins vó 17 kíló og 545 grömm.

„Við settum okkur tuttugu kílóa

viðmið og hefði vel verið hægt að troða í hann meiru en við vildum að hann liti girnilega út, væri ferskur og undur bragðgóður. Ef miðað er við að hver maður borði 300 grömm af hamburgara hefði þessi dugað fyrir sextíu manns, en við vorum einir sem settumst að borði og vorum þó hálsaddir af spenningsi við matreiðsluna. Borgarinn fór þó ekki til spillis, við átum strax þriggja kílóa sneið, okkar skerf daginn eftir og enn eru til afgangar," segir Alfreð sem hefur

trú á að risavaxinn borgarinn eigi eftir að espa menn upp í að toppa þá Atla.

„Sjálfr ætlum við að gera enn betur næsta sumar og toppa okkur sjálfa, ef ekki aðra, með skemmtilegum matarútfærslum. Þetta er svo gaman!“

Hægt er að fylgjast með meistara- tókum Alfreðs á Snapchat undir Allí-tralli og á Instagram undir BBQKongurinn.

BÍLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Mest lesna bílablað landsins kemur næst út þriðjudaginn 2. október næstkomandi.

Ritstjóri blaðsins er Finnur Thorlacius sem er bílaáhugamaður af lífi og sál.

Umsjón auglýsinga:

Atli Bergmann • atlib@frettabladid.is • sími 512 5457



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Endurskoðun & bókhald

MIÐVIKUDAGUR 26. SEPTEMBER 2018

Kynningar: Stólpi, dk hugbúnaður, Múlalundur



Áreiðanlegt bókhalds- og upplýsingakerfi

Stólpi er sveigjanlegt og traust bókhalds- og upplýsingakerfi. Það veitir gott, heildstætt yfirlit um rekstur og fjárhag fyrirtækja, og heldur vel utan um allt frá daglegri verkefnastöðu starfsmanna yfir í árlegt yfirlit um fjárhagsstöðu rekstrarins. →2

Framhald af forsiðu →

S tólpi samanstandur af fjölmörgum einingum sem vinna saman sem ein heild,“ útskýrir Guðmundur Ingi Hauksson, framkvæmdastjóri Stólpa. „Því er auðvelt að velja kerfiseiningar sem henta flestum atvinnugreinum en vinna saman sem ein heildstæð lausn. Með því hafa stjórnendur tillegt yfirlit á einum stað yfir allan sinn rekstur.“

Grunnþarfir og sérlausnir

„Grunnkerfi Stólpa uppfylla einföldustu þarfir fyrirtækja,“ upplýsir Guðmundur um grunnkerfin sem samanstanda af fullblúnu fjárhagskerfi, lánardrottna- og skuldunautakerfi, og sölukerfi. „Sérstaða og styrkleiki Stólpa felst í því að kerfið getur bætt við sig fjölda aukakerfa sem vinna öll saman með grunnkerfunum og er heildarlausn fyrir flestar gerðir fyrirtækja.“

Dæmi um einfaldleika ólíkra kerfiseininga Stólpa er öflugt samspil verkþókhalds, stimpilklukkku, launakerfis og sölukerfis sem vinna saman sem ein heild og gefa nákvæmt yfirlit yfir hvert einasta verk og starfsmann.

„Starfsmenn skrá sína daglegu mætingu í Stólpa og í hvaða verkefnum þeir unnu í yfir daginn. Á sama tíma er skráð hvaða tæki eða efni voru notuð í verkið, þar sem það á við. Framkvæmdastjóri hefur því á hverjum tíma heildstætt yfirlit yfir hversu mikið hefur verið skráð í hvert verkefni, ásamt yfirliti yfir kostnað, útsöluverð og framlegð verkisins á hverjum tíma,“ útskýrir Guðmundur.

Þegar kemur að því að reikningsfæra verkið útbýr kerfi Stólpa sölureikning sem senda má viðskiptavinum, með hefðbundnum eða rafrænum hætti.

„Tímaskráningar starfsmanna færast sjálfkrafa í launakerfið sem reiknar laun þeirra í samræmi við vinnuframlag og mætingarreglur. Þannig heldur kerfið utan um hvern starfsmann vinnur dagvinnu eða yfirvinnu en einnig hvort verkkaupi greiði fyrir dagvinnu eða yfirvinnu, þótt slíkt þurfi ekki endilega að fara saman,“ segir Guðmundur um sveigjanlegt kerfi Stólpa sem hentar jafnt stórum sem smáum aðilum.

„Tíma- og verkskráningar starfsmanna geta farið fram eftir fjölmörgum leiðum, allt eftir því hvað passar hverju og einu fyrirtæki. Þær geta til dæmis farið fram með beinni skráningu úr snjallsíma eða með því að skanna stríka-merki á verkbeidni. Möguleikarnir eru margvislegir, enda eru þarfir fyrirtækja ólíkar og kalla á ólíkra skráningarleiðir. Allt skilar það sér þó að lokum í einu heildstæðu yfirliti yfir reksturinn á hverjum tíma.“

Ódyrt en öflugt kerfi í skýnu

Grunnpakki Stólpa kostar 7.320 krónur á mánuði og er virðisauka-skattur innifalinn. Í grunnpakkanum er þjálfun starfsmanna, hýsing kerfisins, dagleg afritun gagna og sjálfvirkar uppfærslur.

„Við erum stolt af því að þótt kerfið sé öflugt og góður kostur fyrir kröfuharða viðskiptavinum er það ódyrt í samanburði við sambærileg kerfi,“ segir Guðmundur um Stólpa sem er eitt vinsælasta bókhalds- og upplýsingakerfi landsins og hefur verið í daglegri þróun í yfir þrjátíu ár. „Það gefur okkur kost á að lækka verðið til notenda.“

Greining á daglegum rekstri

Stólpi er Windows-kerfi sem býður notendum upp á fjölmarga möguleika. Einfalt er að færa gögn yfir í Excel til frekari úrvinnslu eða nýta þær fjölmörgu skýrslur sem kerfið býður upp á.


„Sem dæmi um öflugra greining á rekstri má nefna ABC-greiningu Stólpa á viðskiptavinum eða



Hjá Stólpa starfa reyndir forritarar, kerfisfræðingar, viðurkenndir bókarar, rekstrarverkfræðingar og viðskiptasérfræðingar. MYNDIR/SIGTRYGGUR ARI



Hér má sjá sýnishorn af möguleikum með að tengja Stólpa við Power BI.



Öflugt og þrautreynt starfslið á þjónustuborði Stólpa leysir langflest viðfangsefni viðskiptavina í einu samtali.

vörum. Með henni er einfalt að sjá hvaða viðskiptavinir eða vörur skila mestri framlegð til fyrirtækisins á hverjum tíma,“ útskýrir Guðmundur.

Stólpi býður einnig upp á lifandi tengingar við Power BI, sem er mjög öflugur hugbúnaður frá Microsoft.

„Það gefur hvaða stjórnanda sem er ótæmandi möguleika á að fylgjast myndrænt með daglegum rekstri, hvort sem gögn eru tekin saman í tölulega eða myndræna samantekt. Stjórnandi getur þannig komið sér upp sjálfvirkum stjórn-

borði sem sýnir með einföldum og sjálfvirkum hætti hvernig rekstur hans þróast á hverjum tíma.“

Hróð þróun

Hugbúnaðurinn Stólpi kom fyrst út fyrir rúmum þrjátíu árum. Kerfið hefur verið í stöðugri þróun síðan og er fært líkt með núverandi útgáfu og þeirri sem kom fyrst á markað 1984.

„Stólpi hefur tekið út mikinn þroska sem nýttist ólíkum og sibreytilegum þörfum notenda. Á síðustu árum hefur þróun kerfisins aukist talsvert enda er margt að

Við erum stolt af því að þótt kerfi Stólpa sé öflugt og góður kostur fyrir kröfuharða viðskiptavinum er það ódyrt í samanburði við sambærileg kerfi.

Guðmundur Ingi Hauksson

Helstu kerfiseiningar Stólpa viðskiptahugbúnaðar

- Fjárhagskerfi
- Skuldunautar
- Lánardrottinnar
- Sölukerfi og innheimtukerfi
- Birgðakerfi og pöntunarkerfi
- Tollakerfi
- Verkþókhald og vinnuskýrslur
- Stimpilklukkukerfi
- Launakerfi
- Timabókunarkerfi
- Rafræn innkaup
- Félagakerfi
- Bifreiðakerfi
- Skipakerfi
- Dýralæknakerfi
- Framleiðslukerfi

fyrir að flest sem snýr að bókhalds- og upplýsingakerfum verði með öllu orðið rafrænt og að pappírreikningur í gluggaumsögum heyrir sögunni til.

„Við finnum fyrir því að viðskiptavinir nýta sér í auknum mæli þau rafræna samskipti sem kerfið býður upp á og sjálfvirkni kerfisins er alltaf að aukast. Á næstu dögum gefum við út nýja dagbók í fjárhagskerfi Stólpa og með henni verður allur innlestur og sjálfvirkar afstemmingar með mun öflugri og sjálfvirkari hætti en áður, sem er gríðarlegur tímarsparnaður fyrir bókará.“

Hátt þjónustugig

Öflug og skilvirk þjónusta er lykilatriði fyrir viðskiptavinum Stólpa.

„Því höfum við markvisst eftir þjónustu okkar og erum með öflugt starfslið á þjónustuborði sem leysir langflest viðfangsefni í einu samtali. Við höfum verið einstaklega heppin með starfsfólk enda er valinn maður í hverju sæti og hjá félaginu starfa meðal annars reyndir forritarar, kerfisfræðingar, viðurkenndir bókarar, rekstrarverkfræðingar og viðskiptafræðingar,“ segir Guðmundur um velgengi og góðan árangur Stólpa.

Stólpi er í Borgartúni 28, 4. hæð. Sími 512 4400. Nánari upplýsingar á stolpi.is.



nav í áskrift

Viðskiptalausnir 1

- ✓ Fjárhagsbókhald
- ✓ Viðskiptavina- og lánardrottakerfi
- ✓ Innkaupakerfi
- ✓ Sölu- og birgðakerfi
- ✓ Eignakerfi
- ✓ Verkbókhald

Ótakmarkaður fjöldi fyrirtækja
Reglulegar uppfærslur
Enginn stofnkostnaður

Wise sérlausnir:

- ✓ Rafræn VSK skil
- ✓ Rafræn sending reikninga
- ✓ Þjóðskrártenging

kr. **9.900** pr. mán.
án vsk.

Viðskiptalausnir 2

Wise sérlausnir að viðbætti leið 1:

- ✓ Launakerfi
- ✓ Innheimtakerfi
- ✓ Bankasamskiptakerfi
- ✓ Rafræn móttaka reikninga

kr. **17.900** pr. mán.
án vsk.

 Microsoft Azure

 Office 365

Bókhaldskerfi í áskrift

Microsoft Dynamics NAV
er eitt mest selda bókhaldskerfi
landsins og fæst í
mánaðarlegri áskrift.

Fullbúin viðskiptalausn, hýsing og afritun
í Azure skýjaþjónustu Microsoft
ásamt vottuðum sérlausnum Wise
frá kr. 9.900 á mánuði.

Kynntu þér málið á navaskrift.is

Þjóðum einnig Office 365 í áskrift.



wise

Borgartún 26, Reykjavík » Hafnarstræti 93-95, Akureyri
Sími: 545 3200 » wise@wise.is » wise.is

Talnaspekingar hvíta tjaldsins

Kvikmyndin Ghostbusters og sjónvarpsþættirnir Staupasteinn og Breaking Bad eiga það sameiginlegt að þar koma við sögu hnífskarpar talnahetjur sem eru í miklu uppáhaldi hjá áhorfendum.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Endurskoðendur eru oft á tíðum mest spennandi og skemmtilegustu persónurnar í sjónvarpi og kvikmyndum. Þeir eru oft útsjónarsamir og klárir að finna óvenjulegar lausnir, hafa þurra og beitta kinnigáfu og sjá það sem öðrum er hulið með því að lesa rétt í aðstæður ekki síður en tölur á blaði. Og nota krafta sína bæði til góðs og illis. Þessir taumlausu talnaspekingar krydda tilveruna svo um munar, þó einkum eftirtaldir.

Í kvikmyndinni Endurskoðandinn (The Accountant) leikur Ben Affleck stærðfræðisnillinginn Christian Wolff sem lætur síðferðis-kennndina ekki stöðva sig í því að sökkva sér í undirheima glæpa og spillingar.

Framleiðendurnir (The Producers) er kvikmynd frá 1968 sem fjallar um óhæfa leikhúsfraðisnillinginn Max Bialystock og félag hans, hinn stressaða og fjölkæfa bókhaldara Leo Bloom, sem óvart leggur fram snilldaráætlun um hvernig væri best að græða á því að setja upp versta söngleik í heimi sem kallast „Springtime for Hitler“ eða „Vorar hjá Hitler“. Söngleikur samnefndur myndinni vann flest

» Endurskoðendur eru oft útsjónarsamir og finna óvenjulegar lausnir auk þess að hafa þurra og beitta kinnigáfu.

Tony-verðlaun sem hafa verið veitt sama verki árið 2001.

Hver man ekki eftir fastasta fastagestinum á Staupasteini, honum Norm sem var heilsað svo fagnandi þegar hann kom enda hrókur alls fagnaðar? Hann var endurskoðandi að atvinnu og hlýtur að hafa verið afskaplega góður í sínu starfi því annars hefði hann verið rekinn fyrir löngu fyrir að hanga svona mikið á barnum.

Rick Moranis fór eftirminnilega með hlutverk endurskoðandans Louis Tully í fyrstu Ghostbusters-myndinni. Hann afrekaði að læsa sig út úr íbúðinni sinni, halda ömurlega leiðinleg parti þar sem hann bauð viðskiptavinum frekar en vinum sínum til að geta skrifað á sig kostnað. Og svo verður hann andsetinn af hyrnum djöflahundi frá annarri vidd sem fleiri endurskoðendur gætu mögulega stáað af þegar einhver kemur korter í miðnætti á skattaskiladag með fullan poka af krumpuðum kvittunum.



Norm, einum ástsælasta endurskoðanda sjónvarpssögunnar, var fagnað eins og þjóðhetju þegar hann steig fæti inn á hverfisbarinn Staupastein.



Endurskoðandinn Louis Tully (Rick Moranis) og sellóleikarinn Dana Barrett (Sigourney Weaver) um það bil sem heljarhundar taka yfir líkama þeirra.

Þó persóna efnafræðikennarans Walters White sé mörgum áhorfendum sjónvarpsþáttanna Breaking Bad minnisstæð eru einnig margir sem telja ferðalag konu hans, Skyler White, gegnum þættina ennþá áhugaverðara. Þessi verndandi móðir, sem er í fyrstu stórlega misboðið vegna hegðunar mannsins síns, sýnir mikið hugvit og útsjónarsemi í að koma illa fengnum gróðanum í farveg.



Skyler White í sjónvarpsþáttaröðinni Breaking Bad beitti ýmsum bókhaldsbrögðum til að hylma yfir ólöglega gjörninga eiginmannsins.

Einblíndu á það sem skiptir máli

Láttu fagfólk vinna verkið á meðan þú sinnir öðru

Við hjá KPMG tökum að okkur að reikna út laun þinna starfsmanna, því launavinnsla er oft viðkvæmur og flókinn þáttur í rekstrinum. Með því að úthýsa launavinnslunni til okkar geta þínir lykilstarfsmenn einbeitt sér að kjarnastarfsemi fyrirtækisins.

Færsla bókhalds, gerð ársreikninga og skattframtala fyrir einstaklinga, einstaklinga með rekstur og fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum er einnig hluti af okkar þjónustu.

Kynntu þér málið á kpmg.is eða hafðu samband við Birnu Rannversdóttur í síma 545 6082.

KPMG



Áreiðanlegur þjónustuaðili í 20 ár


Bókhaldskerfið frá dk hugbúnaði er sveigjanlegt og býður upp á lausnir fyrir ótal gerðir reksturs. Kerfið er áreiðanlegt og fjölbreytt, þúsundir fyrirtækja nýta það og viðskiptavinum fjölga hratt.

Fyrirtækið dk hugbúnaður er leiðandi á sviði viðskipta-hugbúnaðar hér á landi fyrir allar stærðir og gerðir fyrirtækja. Fyrirtækið verður 20 ára í nóvember og starfsemin hefur farið ört vaxandi undanfarin ár. Í dag vinna 59 starfsmenn hjá fyrirtækinu.

„Rúmlega 6.000 fyrirtæki nýta sér viðskiptahugbúnað dk og þeim fjölga um 500 á hverju ári,“ segir Dagbjartur Pálsson, en hann er framkvæmdastjóri dk hugbúnaðar ásamt bróður sínum, Magnúsi Pálssyni.

Margar sérlausnir

„Kerfið okkar er mjög sveigjanlegt, en takmarkaðir notkunarmöguleikar eru veikleiki margra bókhaldskerfa á íslenska markaðnum og oft er ekki hægt að laga hugbúnaðinn að sérþörfum fyrirtækja,“ segir Dagbjartur. „Við höfum þróað fjölda sérlausna fyrir bæði íslenskan og erlendan markað. Við erum með framtalskerfi fyrir aðila sem eru í framtalsgerð, lausnir fyrir almenn þjónustufyrirtæki eins og bókhaldsstofur, endurskoðunarstofur, lögfræðistofur og verkfræðistofur. Lausnir fyrir verslanir og veitingahús, þar sem við bjóðum margar greiðslulausnir. Hótelbókunarkerfi, veitingahúsakerfi og verslunarkerfi fyrir hótél og gististaði. Við erum líka með töluvert mikið af sérlausnum fyrir stéttarfélag,



Spennandi afmælisútgáfa er væntanleg með nýju andliti og viðmóti á bókhaldshugbúnaði dk. MYNDIR/ANTON BRINK

en þau eru nánast öll með dk hugbúnað,“ útskýrir Dagbjartur.

dk hugbúnaður býður einnig upp á sérlausnir fyrir bændur og alla aðila í búrekstri sem heitir dkBúbot.

„Hún gerir bændum kleift að vera með margvíslegan rekstur,

ferðaþjónustu og alls konar auka-búskap eins og sölu veiðileyfa, grófuverkstú, skólaakstur og leigu á vélum og tækjum, í viðbót við hefðbundinn búskap. Svo höfum við líka sérlausnir fyrir útgerðir varðandi aflauppgjör og sjómannaalaun,“ segir Dagbjartur.

Afmælisútgáfa væntanleg

„Það er ymislegt að breytast í bókhaldskerfinu,“ segir Dagbjartur. „Stefnan er að koma með veglega afmælisútgáfu seinnipartinn á árinu. Þá kynnum við betur þessar nýjungar í kringum snjalltækin og veflausnir. Það verður líka nýtt

“Rúmlega 6.000 fyrirtæki nýta sér viðskiptahugbúnað dk og þeim fjölga um 500 á hverju ári.

Dagbjartur Pálsson

andlit á hugbúnaðinum. Viðmótið breytist örlítið og einhverjar vinnslur færast í nýrri búning, en margar vinnslur hafa verið að færast í nýrri búning hjá okkur nýlega og við ætlum að klára það endanlega í þessari afmælisútgáfu.“

Nánari upplýsingar má finna á dk.is.



dk iPos snjalltækjalausn Fyrir verslun og þjónustu Einfalt, fljótlegt og beintengt dk fjárhagsbókhaldi

dk iPos er hluti af snjalltækjalínu dk hugbúnaðar. Líttu við og fáðu kynningu á þeim fjölbreyttu lausnum sem dk hugbúnaður hefur fyrir verslun og þjónustu.



Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri
510 5800 | dk@dk.is | www.dk.is
dk hugbúnaður 20 ára | 1998-2018



Hoppað út í djúpu laugina

Lára Óskarsdóttir, sérfræðingur hjá Deloitte á Íslandi, vann í tíu mánaði að spennandi verkefni með dönskum kollegum sínum hjá Deloitte í Kaupmannahöfn í Danmörku. Hún segir verkefnið hafa verið skemmtilega reynslu sem þróaði hana í starfi og stækkaði tengslanetið töluvert.

Íslenskir starfsmenn alþjóðlegra endurskoðunarfyrirtækja taka reglulega þátt í fjölbreyttum verkefnum erlendis og þá gjarnan í samvinnu við systurstofur sínar í Evrópu. Einn þeirra starfsmanna er Lára Óskarsdóttir, sérfræðingur á sviði endurskoðunar og reikningskila hjá Deloitte á Íslandi. Hún tók þátt, ásamt öðrum íslenskum starfsmönnum, í verkefni sem var unnið í samvinnu við Deloitte í Danmörku á bilinu apríl 2017 til janúar 2018. Hún segir verkefnið og reynsluna hafa verið mjög skemmtilega og lærdómsríka. „Þetta byrjaði allt saman þegar Sunna Dóra Einarisdóttir, fjármálastjóri hjá Deloitte á Íslandi, hafði samband við mig í mars 2017 til að kanna áhuga minn á að taka þátt í verkefni á vegum Deloitte í Danmörku. Ég vann við endurskoðun og reikningshald á Íslandi en þetta verkefni var á sviði Viðskiptalausna Deloitte. Við hjá Deloitte á Íslandi höfum unnið mikið með Deloitte skrifstofum á hinum Norðurlöndunum en þetta er í fyrsta skipti sem ég hef tekið þátt í slíku samstarfi. Mér finnst sjálfri mjög nytsamlegt að við höfum möguleikann á því að nýta sérhæfða þekkingu frá samstarfsfólki annars staðar í heiminum.“

„Þetta var mjög skemmtileg reynsla sem þróaði mig í starfi og stækkaði tengslanetið mitt töluvert.“



Lára Óskarsdóttir, sérfræðingur á sviði endurskoðunar og reikningskila hjá Deloitte á Íslandi, lærði mikið á þessu tíu mánaðar tímabili. MYND/DELOITTE

Vann mest frá Íslandi

Lára vann stærstan hluta tímabilsins heima á Íslandi en fór þó þrisvar sinnum til Kaupmannahafnar í nokkra daga í senn. „Því var vinna mín frábrugðin því hvernig sviðuð verkefni fara fram en danskir samstarfsmenn sem unnu fyrir sama viðskiptavinunni mest á skrifstofu viðskiptavinarins í Kaupmannahöfn.“

Þau skipti sem hún heimsótti Kaupmannahöfn vann hún hjá viðskiptavini og fundaði með eigendum verkefnisins og öðrum starfsmönnum sem voru bæði frá Deloitte í Kaupmannahöfn og Malmö í Svíþjóð. „Í þessu verkefni vann ég að viðskiptamanna- og lánardrottubókhalði viðskiptavinar okkar og vann einnig að ferlavinnu tengdri þeim liðum. Nýtt fjárhagskerfi var tekið í notkun á meðan á verkefninu stóð og fékk ég að taka þátt í innleiðingunni á því. Ég var í fullu starfi í verkefninu og var í daglegum samskiptum við starfsmenn viðskiptavinarins í gegnum Skype og önnur samskiptaforrit. Þar sem ég vann ekki á skrifstofunni sjálfri var tíminn vel nýttur í vinnu og fundi þegar ég fór til Kaupmannahafnar.“

Skemmtileg borg

Þótt Lára hafi bara stoppað nokkra daga í senn meðan hún dvaldi þrisvar sinnum í Kaupmannahöfn á þessu tímabili var sá tími mjög lærdómsríkur. „Mér



Höfuðstöðvar Deloitte í Kaupmannahöfn eru sérlega glæsilegar.

fannst lítið mál að aðlagast vinnu- menningunni en hún var alls ekki ólík því sem maður kynnist á Íslandi. Helsti munurinn sem ég upplifði var meira skipulag og tíðari fundir en ég er vön á Íslandi. Ég er ekki nógu sterk í dönskunni en var heppin að enska var mikið töluð á skrifstofunni sem ég vann á. Það var helst erfitt að lifa úr ferðatösku á hóteli í þeim ferðum sem ég fór til Kaupmannahafnar. Ég var mest í Kaupmannahöfn um vorið og haustið og fannst æðislegt að geta labbað í vinnuna í góðu veðri og rölt aðeins um bæinn eftir vinnu. Mér var boðið að starfa í Kaupmannahöfn á meðan á verkefninu stóð en ég var nýbyrjuð í mastersnámi í reikningshaldi og endurskoðun þannig að það hentaði ekki á þeim tíma. Ef mér býðst tækifæri í framtíðinni gæti ég alveg hugsað mér að dvelja erlendis í nokkra mánuði.“

Skemmtileg reynsla

Hún segir tímarn fara í reynslubankann. „Þetta var skemmtileg reynsla sem þróaði mig í starfi og stækkaði tengslanetið mitt víða, einnig á Íslandi þar sem ég fékk tækifæri til að vinna með fjármálastjóranum heima sem var helsti tengiliður minn við eiganda verkefnisins.“

Það er ákveðin þróun að hoppa svona út í djúpu laugina og vinna með nýju fólki sem vinnur öðruvísi en ég er vön. Ég bætti enskukunnáttuna og lærði margt nýtt um viðskiptalausnir og tækni sem ég var övön að nota frá samstarfsfólki í Deloitte í Danmörku.“

„Við framleiðum einnig plastkápur utan um ferðabækur og landakort bókaforlaganna, plóstum bækur og timarit og öllum þessum verkefnum, pökkun, merkingum, gyllingum og meira til, er sinnt af nákvæmni og natni af starfsfólki Múlalundar.“



„Hver einasta króna skiptir Múlalund máli, ávinningurinn er samfélagsins í heild og við hjálpum fleirum sem glíma við fötlun eða veikindi að komast á vinnumarkað.“



Sigurður Viktor Úlfarsson, framkvæmdastjóri Múlalundar vinnustofu SÍBS. MYNDIR EYÞÓR

Góðvild og gæði á skrifstofuna

Múlalundur vinnustofa SÍBS býður fyrirtækjum og einstaklingum allt fyrir skrifstofuna og skapar tækifæri fyrir fólk með skerta starfsorku til að leggja sitt af mörkum til atvinnulífsins. Úrval og verð kemur þægilega á óvart.

Á Múlalundi fást allar almennar skrifstofuvörur á einum stað, pappír og ritföng. Við segjum stundum að þetta sé einfaldasta samfélagsverkefnið, bara að panta og fá vörurnar sendar daginn eftir,“ segir Sigurður Viktor Úlfarsson, framkvæmdastjóri Múlalundar vinnustofu SÍBS. Þar starfa dugmiklir einstaklingar sem þurft hafa að takast á við fötlun og veikindi, bæði andleg og líkamleg, í kjölfar slyss eða heilsuþrestra. Sigurður segir ánægjulegt að sjá starfsfólk Múlalundar byggja upp sjálfstraust og þrótt með þátttöku á vinnumarkaði. „Fólki er mjög mikilvægt að fá að mæta til vinnu, eiga vinnufélaga og vera virkt í samfélaginu.“

Röð og regla með Egla

Múlalundur selur allt sem hugsast getur fyrir skrifstofuna og verðin eru vel samkeppnishæf. „Oftar en ekki erum við ódyrari en aðrir,“ segir Sigurður sem á Múlalundi selur til dæmis gatapoka, plastvasa og klemmubækur framleiddar á Múlalundi auk viðbótarþjónustu eins og gyllingar merkis eða nafns á vörur. Þá má fá allar almennar skrifstofuvörur á einum stað. „Egla möppurnar hafa fyrir löngu fest sig í sessi og hér innan-húss segjum við gjarnan „Röð og regla með Egla“,“ segir Sigurður. „Þá seljum við einnig timaritabox, sem líta eins út og Egla möpp-



Múlalundur selur allt sem hugsast getur fyrir skrifstofuna

urnar, fyrir gögn sem ekki er hægt að gata. Þá er snýrtilegt að horfa yfir skrifstofuhillurnar. Fyrirtæki geyma gjarnan gögn um ákveðinn tíma í möppum en færa þau svo yfir í skjalakassa til að endurnýta möppurnar. Við bjóðum upp á allar þessar lausnir. „Máltækið „Það þarf heilt þorp til að ala upp barn“ á vel við. Múlalundur stendur og fellur með stuðningi samfélagsins og því einstaklingar, fyrirtæki og stjófnir kaupir vörur af okkur,“ segir Sigurður og eiga viðskiptavinir ekki að þurfa að fara annað eftir almennum skrifstofuvörum. „Að kaupa skrifstofuvörur af

Múlalundi er einföld leið til að flétta saman samfélagslega ábyrgð og daglega starfsemi. Hver einasta króna skiptir Múlalund máli, ávinningurinn er samfélagsins í heild og við hjálpum fleirum sem glíma við fötlun eða veikindi að komast á vinnumarkað,“ segir Sigurður.

Vefverslunin vinsæl

Á heimasíðunni mulalundur.is, er rekin stór vefverslun. „Þar geta viðskiptavinir valið úr glæsilegu úrvali og bæði verð og úrval kemur flestum á óvart. Það er einfalt að versla á netinu og við sendum vörurnar strax daginn eftir,“ útskýrir

Sigurður, en fari póntun yfir 16 þúsund krónur er fri heimsending um allt land. Fyrir lægri pantanir er sendingargjald 2.150 krónur.

Á Múlalundi er sífellt leitað nýrra verkefna svo skjóta megi fleiri og styrkari stöðum undir rekturinn.

„Langtímaværkenni eru þjóðingarmikil fyrir starfsemi Múlalundar og dæmi um slíkt er að setja saman fylgigögn með greiðslukortum, að líma strikamerki og leiðbeiningar á umbúðir fyrir innflytjendur. Ávaxtaþökkun fyrir Ávaxtabíllinn og fleiri verkefni sem starfsfólk Múlalundar hefur sinnt um langt skeið,“ upplýsir Sigurður.

„Við erum opin fyrir því að taka að okkur hluta úr framleiðslu fyrirtækja, jafnt rótróinnna sem sprotafyrirtækja sem eru að stiga sín fyrstu skref, og allt sem kallar á mikla handavinnu. Með því tókum við að okkur fjölbreytt verkefni til lengri og skemmrí tíma,“ upplýsir Sigurður og nefnir ýmis dæmi úr framleiðslu Múlalundar.

„Við framleiðum fallegar kápur utan um prófskrifteini útskriftar-nema framhalds- og háskólanna, sem gera útskriftargögnin eigulegri og útskriftina að meiri viðburði. Þá hefur ferðaþjónustan komið sterk inn með framleiðslu á upplýsingamöppum fyrir hótélherbergi og flottum kápum utan um matseöla, þar sem merki veitingastaðarins er gjarnan letrað á eða þrykkt í kápuna. Við framleiðum einnig plastkápur utan um ferðabækur og landakort bókaforlaganna, plóstum bækur og timarit og öllum þessum verkefnum, pökkun, merkingum, gyllingum og meira til, er sinnt af nákvæmni og natni af starfsfólki Múlalundar.“

Öllum er mikilvægt að vinna

Frá árinu 1959 hefur Múlalundur verið rekinn af SÍBS, með stuðningi Happraðttis SÍBS. Þar hafa þúsundir einstaklinga með skerta starfsorku fengið annað tækifæri og blómstrað á ný. „Árið 2017 greiddi Múlalundur yfir 100 milljónir í laun og skapaði varanleg störf fyrir meira en fjórtíu manns með skerta starfsorku. Að auki fengu árir fjórtíu tækifæri til að spreya sig í fjögurra vikna vinnuþrúfum sem hjálpar fólki að

„Egla möppurnar hafa fyrir löngu fest sig í sessi og hér innan-húss segjum við gjarnan „Röð og regla með Egla!“

Sigurður Viktor Úlfarsson

komast af stað eftir langvarandi fjarveru frá vinnumarkaði,“ upplýsir Sigurður. Múlalundur stendur sjálfur undir stærstum hluta tekna sinna, sem er allt að því einsdæmi á vinnustofum fólks með skerta starfsorku. „Starfsemi stendur því og fellur með viðskiptavinum okkar og í dag eru mörg fyrirtæki að standa sig vel á sviði samfélagslegrar ábyrgðar,“ segir Sigurður.

Virkir á vinnumarkaði

Góð samvinna er á milli Múlalundar og Reykjalundar, sem er einnig rekinn af SÍBS. „Múlalundur er einnig í góðu samstarfi við Vinnuálastofun og ræður fólk til vinnu af biðlistum, en umsækjendur geta þurft að biða lengi á biðlista áður en þeir komast að,“ útskýrir Sigurður. Sigurður kallar eftir aukinni meðvitund fyrirtækja um samfélagsmál fólks með skerta starfsorku. „Markmiðið er að sem flestir séu virkir á vinnumarkaði. Hjá Vinnuálastofnun eru til hvetjandi úrræði sem styðja fyrirtæki í að taka við fólki með fötlun eftir starfsdúrhæfingu hjá Múlalundi og víðar. Stórf á Múlalundi gefa þeim, sem annars sætu heima aðgerðarlausir, tækifæri til að spreya sig og taka þátt í verðmætasköpun samfélagsins.“ Á Múlalundi er aðstaða til að taka á móti mun fleira starfsfólki en forsenda fjölgunar er aukin viðskipti og verkefni. „Þetta er hörkudaglegt fólk og það þarf að hafa nóg að gera, þótt vinnudagurinn sé lagaður að getu hvers og eins.“

Múlalundur vinnustofa SÍBS er við Reykjalund í Mosfellsbæ. Sími 562 8500. Sjá nánar á mulalundur.is.



Ungt fólk í Danmörku er ekki nægilega meðvitað um fjármál sín.

Læra um fjármál og bókhald

Danir hafa áhyggjur af því að ungt fólk kunni ekki að spara peninga og þurfi að læra meira um bókhald og hvernig hagkerfi virka. Kaffihúsaheimsóknir, tiskuföt og ferðalög eru ofarlega á lista unga fólksins og það neitar sér ekki um neitt. Ungt fólk á aldrinum 18-30 ára þarf þess vegna í auknum mæli að leita til fjölskyldu sinnar til að fá hjálp vegna peningavandamála, að því er segir á vefsíðu Jyllands-Posten. Um ellefu prósent 600 ungmenna sem spurð voru í könnun viðurkenndu að hafa enga stjórn á fjármálum sínum. Það er skelfilegt þar sem fjármálavandræði geta skapað mikla streitu og svefnleysi.

Danir hafa ákveðið að fara í einhvers konar herferð til að kenna ungu fólk um bankamál, bókhald og fjármál. Ef tekin eru lán með háum vöxtum getur ungt fólk fljótlega komið sér í mikil fjárhagsvanddræði sem það ræður ekki við. Það þorir ekki að ræða við aðra um vanddræði sín vegna þess að því finnst þetta vanddræðaleg staða. Fyrirtækið TrygFonden og Neytendaráðið Tænk býður þess vegna ungu fólk upp á námskeið í reikningshaldi sem nefnist „Tölum um fjármálin áður en það verður of seint“, til að forðast fjárhagsvandamál.

Vilja reikna með sjálfbærni

Karl Bretapríns trúir því að bókhaldarar geti breytt heiminum. Hann segir að bókhaldarar og aðrir sem starfa í fjármálalífinu séu í einstakri aðstöðu til að hafa áhrif á viðskiptalífið og stýra því á sjálfbæra braut.



Karl Bretaprinns telur að bókhaldarar geti breytt heiminum. PHOTOS/GETTY

Árið 2004 hóf hann verkefni sem kallast „Accounting for Sustainability Project“, sem snýst um að fá leiðtoga í fjármálalífinu til að horfa ekki bara á fjárhagslegan gróða, heldur reikna líka með félagslegum áhrifum og umhverfisáhrifum fyrirtekja sinna og miða að sjálfbærni.

Verkefnið hefur þrjú meginmarkmið sem eru undirstaða alls starfsins. Það fyrsta er að fá leiðtoga í fjármálalífinu til að tileinka sér ný viðskiptamódel sem geta enst og eru sjálfbær. Markmið númer tvö er að fá viðskiptalífið til að taka umhverfis- og félagslega þætti með í reikninginn og þriðja markmiðið er að auka umfang verkefna og aðgerða sem styðja þetta starf til að yta undir þessa þróun.

Verkefnið var sett á laggirnar af því að fjármálakerfi nútímans einblína á fjárhagslegan gróða til skemmri tíma lítið og endurspeglar ekki hvernig þessi gróði er háður heilbrigðum og stöðugum samfélögum og náttúru. Verkefnið á að breyta þessu, með náinni samvinnu við fólk á ýmsum stigum og stöðum í fjármálalífinu.

Helstu bókhaldsmistök eru yfirleitt að:


- reikna með að hagnaður þyði alltaf flæði peninga. Það er freistandi að skrá samninga um verkefni inn sem gróða strax við undirritun. Það er þó ekki skynsamlegt þar sem margt getur komið upp á meðan verkið er í vinnslu sem seinkar greiðslum.
- taka endurskoðun ekki nógu alvarlega. Leiðin að farsælu bókhaldi er að skrá allt samvissamsamlega. Engar færslur er það litlar að það taki því ekki að skrá þær inn.
- skilgreina ekki fastráða starfs-

menn og verktaka. Það er stór munur á að vera með fast fólk á launaskrá og að ráða inn verktaka í stöku verkefni.

- græja allt bókhald innanhúss. Það er freistandi að sjá um reikningshaldið sjálf, sérstaklega ef fyrirtækið er lítið. Það getur þó margþorgað sig að fá utanaðkomandi fagaðila til verksins, glögg og gestsaugað!
- stemma ekki bókhaldið við bankareikningana. Þetta er nauðsynlegt að gera reglulega svo strax

verði vart við einhverjar misfellingur. Til dæmis ef gleymst hefur að færa inn smáar færslur.

- gleyma að færa inn smáar færslur. Fylgist vel með minnstu færslum, þær vinda hratt upp á sig ef engin er yfirsýnin.
- hafa of lítil samskipti við bókarann. Endurskoðandinn þarf að vera inni í öllum þínum rekstrarmálum. Ekki gleyma að upplýsa hann um smávægileg viðskipti, kaup og sölu, það gæti dregið dilk á eftir sér síðar.



HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni liðandi stundar.

Fylgstu með á frettabladid.is



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

FRÉTTABLAÐIÐ.IS



Bylting í hreinlæti!

i-mop XL - Gólfþvottavél sem auðveldar þrif, sparar tíma og léttir lífið.

Hafðu samband og pantaðu kynningu fyrir þitt fyrirtæki
Sjá nánar á: i-teamglobal.com

Framsækkin lýsingarlistaverk

Í einum áfanga sem nemendur við Hönnunar- og nýsköpunarbraut Tækniskólans sækja fá þeir kennslu í lýsingu, lampagerð og raffhönnun. Af rakstur áfangans er afskaplega litfögur og fjölbreytt flóra ljósa og lampna.

Starri Freyr
Jónsson

starri@frettabladid.is



Nemendur við Hönnunar- og nýsköpunarbraut Tækniskólans sækja átta verkstæðisáfangana í námi sínu og er áfanginn Rafmagn einn þeirra. Þar fá þeir m.a. kennslu í lýsingu, lampagerð og raffhönnun og er af rakstur áfangans afskaplega litfögur og fjölbreytt flóra ljósa og lampna sem vekja jafnan nokkra athygli að sögn Tómasar Jónssonar, kennara í Raftækniskólanum sem er einn átta skóla Tækniskólans. „Það hefur tekist nokkuð vel að efla og styrkja sköpunarhæfileika nemenda. Þeir fá hugmyndir og koma stundum sjálfir með eigin hráefni í lampana, t.d. plast, gler, textíl og margt fleira. Þetta er síðan litað til þess að fá fram skemmtileg og fjölbreytt áhrif af lýsingunni. Við reynum

einnig að endurnýta sem mest, þar má nefna plastumbúðir, bæði litaðar og ólitaðar, gler, málma, afskrifaðan tölvubúnað, afklippur og afgangna af rafmagnsvírur og margt fleira sem nýstist til þess að skapa framsækkin lýsingarlistaverk.“

Ýmsar áherslur

Hann segir áherslurnar í rafmagnsáfanganum vera þrenns konar. „Í fyrsta lagi að kynna nemendum grunneiginleika rafmagns, einfaldar tengingar, kló, perustæði og fjöltengi, ásamt notkun helstu verkfæra. Í öðru lagi að kynna mismunandi lýsingarmöguleika hinna ýmsu ljósgjafa, hitamyndun og varuóarráðstafanir í þröngum líkönum. Hér hefur LED-lýsing komið mjög sterkt inn, byltingarkennend nýjung sem býður upp á ótal möguleika. Í þriðja lagi er það hugmyndavinna, hönnun og sköpun fullblúns ljósgjafa eða líkans.“



Tómas Jónsson er kennari við Raftækniskólann sem er einn af átta skólum Tækniskólans. MYND/ANTON BRINK

Mikilvæg kynning

Auk rafmagnsáfangans sækja nemendur áfanga í silfursmíði, fatasaumi, trésmíði, prenti, tækni-teikningu og ljósmyndun og grafískri miðlun. „Hver áfangi stendur yfir í fimm vikur og þeir dreifast

yfir tveggja ára tímabil. Þeim er ætlað að kynna nemendum faglega vinnu sem kennd er innan Tækniskólans enda mikilvægt að nemendur sem eru á hönnunar- og nýsköpunarbraut kynnist af eigin raun hvernig unnið er í faginu.“

Hönnunar- og nýsköpunarbraut Tækniskólans er sex anna braut til stúdentsprófs og líka tveggja anna nám sem kallast Fornám og er fyrir þá nemendur sem hyggja á áframhaldandi háskólanám í skapandi greinum.



SMART FÖT,
FYRIR SMART KONUR

Stærðir 38-52

My
Style

tiskuhús



myStyle f

Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464



FLOTT FÖT,
FYRIR FLOTTAR KONUR

Stærðir 38-58

belladonna

Verslunin Belladonna



Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Eins og sjá má á sýnishornum af verkefnum nemenda eru ljósín og lamparnir litfögur og falleg. MYNDIR: ÞÓRDÍS ZOEGA

Bílar & Farartæki



Suzuki mótórhjól Komdu og kitku við í sýningarsal Suzuki. Ymislegt spennandi til, sjón er sögu ríkar.

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

Bílar til sölu

Toyota Yaris árg 06 ek 172 þús 5 dyra bíll í góðu standi skoðaður verð 450 þús 8927852.

Viðgerðir

Almennar bilviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diskur og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

Hjólhýsi



HOBBY HJÓLHÝSI 2019

STÓRSPARNADUR!

Nú er rétti tíminn til að panta Hobby hjólhýsi fyrir voríð beint frá Evrópu. Við aðstoðum þig.

Allar fyrirspurnir sendist á:

kriben@simnet.is

s. 863 4449

Varahlutir

VAKA
BÍLAPARTAR ERU PARTUR AF OKKUR!
MIKIÐ ÚRVAL VARAHLUTA Í FLESTA BÍLA
Sími: 567 6700 | vakahf.is

Startarar & alternatorar í bíla, báta og vinnuvélur



Bílaraf

Flatahrauni 25 - Hafnarfirði

Sími 564 0400

www.bilaraf.is

Þjónusta

VANTAR ÞIG STARFSFÓLK

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum stór og smá fyrirtæki.



Suðurlandsbraut 6, Rvk. | SÍMI 419 9000

info@handafi.is | handafi.is

Bílar á staðnum
Komið og reynsluakið

MITSUBISHI OUTLANDER

PHEV Hybrid Instyle

Nýir bílar árgerð 2018

VERÐ
4.990
ÞÚSUND

Nú heilsársdekk fylgja

Hlaðnir aukabúnaði

- ✓ Leðursæti
- ✓ 360 gráðu myndavélakerfi
- ✓ Akreinavari
- ✓ Árekstrarvari
- ✓ Outlander stafir á húddi
- ✓ Þokuljósasett að framan
- ✓ Leiðsögukerfi
- ✓ Rafdrifin afturhleri
- ✓ Blindhornsviðvörðun
- ✓ Fjarlægðartengdur hraðastillir og margt fleira...

Getum útvegað aukahluti á frábæru verði.*

- ✓ Hleðslustöð 85.000 kr.
- ✓ Krókur 90.000 kr.

* Gildir eingöngu með nýjum Outlander frá Stóra Bílasalan.

Bílar í ábyrgð - Allt að 90% fjármögnun - Til í úmsum litum - Skoðum með uppistöku á öllum gerðum bifreiða

586 1414

stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík



kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18
lau 12-15



STÓRA BÍLASALAN
...á verði fyrir þig!

Við skildum eina Nóatúnsbúð eftir af þeirri ástæðu að Nóatún er sterkt og þekkt vörumerki sem hefur verið lengi á Íslandi.

breytt í Krónubúðir. Við skildum eina Nóatúnsbúð eftir af þeirri ástæðu að Nóatún er sterkt og þekkt vörumerki sem hefur verið lengi á Íslandi. Mér þótti ekki rétt að fjarlægja vörumerkið af markaðnum heldur var ákveðið að vernda það með þessum hætti.

Við færðum rekstur Kjarvals, sem rak verslanir á landsbyggðinni, undir Krónuna og breyttum vörumerkinu í Kr., sem er skammstöfun á Krónunni, enda eru þær verslanir í raun Krónan aðlöguð að minna markaðssvæði.

Í þriðja lagi vorum við meðvituð um að breytingar taka tíma. Þær gerast ekki á hálfu ári eða einu ári. Þetta var tveggja, þriggja ára verkefni. Það er teiknuð sýn og sagt að þangað ætlum við að fara. Því næst þarf að átta sig á hver kjarninn í fyrirtækinu er; hvar styrkleikar og veikleikar liggja og ráða starfsfólk sem passar vel inn í teymið.

Í fjórða lagi hefur skipt sköpum að við fjárfestum ríkulega í innviðum eins og verslunum, tækjum, tölvukerfum og húsnæði. Um það hefur ríkt einhugur á meðal hluthafa og stjórnar. Það hefur gefið fyrirtækinu vind í seglin.

Fjárfest fyrir 700-800 milljónir á ári

Hve mikið var fjárfest í Festi?

„Það voru 700-800 milljónir króna á ári fyrir utan beinar fjárfestingar í fasteignum. Allt til að styrkja undirstöður fyrirtækisins. Um er að ræða hátt hlutfall af hagnaði eða um helming hvers árs. Fyrirtækið greiddi ekki arð fyrir en árið 2017 og það var vegna sölu á stærstu byggingu fyrirtækisins.“

Til hve langs tíma er fjárfesting hluthafa Festar hugsuð?

„Við höfðum ekki teiknað upp hvernig best væri að selja eignina við kaupin. Best heppnuðu umbreytingarverkefni eru oft yfirtekin af keppinaut fyrirtækjanna því þeir sjá tækifæri á að styrkja sinn rekstur. Að sjálfsögðu kom til greina að skrá fyrirtækið á hlutabréfamarkað. En það er ekkert annað fyrirtæki á markaði sem er samanburðarhæft sem flækir málin.“

Væru Hagar ekki samanburðar-fyrirtæki?

„Nei. Festi á langstærstan hluta af því húsnæði sem það nýtir og er raunar eitt stærsta fasteignafélag landsins. Mun herra hlutfall af veltu Festar má rekja til sérvöru en hjá Högum eða 25 prósent í okkar tilvik. Rekstur fyrirtækisins er því annars eðlis.“

Halda ekki óhollustu

Hvert er samkeppnisforskot Krónunnar?

„Við höfum lagt áherslu á fersk-

Situr í stjórnum þriggja umsvifamikilla fyrirtækja á Norðurlöndum

Jón situr í stjórnum þriggja fyrirtækja sem staðsett eru á hinum Norðurlöndunum og tveimur á Íslandi. „Ég er hluthafi í Joe & the Juice á Íslandi með Bigga vini mínum, Birgi Þór Bieltdvedt, og sit í stjórn þess,“ segir hann. Jón tók nýverið sæti stjórnarformanns Krónunnar eftir að hann sagði starfi sínu lausu sem forstjóri Festar.

„Ég hef setið í stjórn Boozt.com frá árinu 2012. Það er nú stærsti skandinavíski smásali með tiskufatnað á netinu og veltir nálægt 60 milljörðum króna. Ég hef starfað með félaginu frá því það velti einum milljarði króna. Fyrirtækið var í fyrra skráð á hlutabréfamarkaði í Svíþjóð en selur alþjóðlega,“ segir hann. Forstjóri Boozt.com er Íslendingurinn Hermann Haraldsson sem ólst upp í Danmörku.

„Ég sit jafnframt í stjórn IC Group, móðurfélags fjögurra tiskuvörumerkja, þar á meðal sænska herrafatamerkisins Tiger of Sweden.“

Enn fremur sit ég í stjórn sænska fyrirtækisins Ahléns sem rekur 65 deildarskiptar verslanir í Svíþjóð. Það er yfir 100 ára gamalt fyrirtæki og framleiðir mikið af eigin vörum.

Ég var einfaldlega fenginn til að sitja í þessum stjórnum vegna þekkingar minnar á smásölu-rekstri í Skandinavíu. Ég var í sjö ár forstjóri umsvifamikils smásala,

Magasin du Nord. Ég flýg alltaf einu sinni í mánuði út til að sinna stjórnarstörfunum. Nú eftir að ég hætti sem forstjóri Festar hefur skapast meiri tími til að sinna þeim störfum betur eins og mig hefur lengi langað.“

Freistar að reka eigið fyrirtæki?

„Já. Mjög. Sérstaklega ef það gæti starfað í alþjóðlegu umhverfi.“

Ertu með hugmyndir á teikni-borðinu?

„Já, ég er alltaf með einhverjar hugmyndir.“

Hvort er líklegra að þú takir við öðrum forstjórastóli eða farir í eigin rekstur?

„Þetta er erfið spurning. Það sem mestu skiptir er að vinna að einhverju áhugaverðu, hvort ég á meira í minna fyrirtæki eða minna í stærra fyrirtæki, skiptir ekki sköpum. Almennt séð þykja mér umbreytingarverkefni mest spennandi. Þau geta bæði kallað á uppbyggingu eða endurhugsun á hlutverki og stefnu. Hluthafarnir verða einnig að stýðja dyggilega við verkefnið og stjórnin þarf að vera traust, vel skipuð og taka virkan þátt í vegferðinni. Séu þessir þættir fyrir hendi er hægt að skapa stöðugleika til að ráðast í umbreytingu. Ef hluthafar hafa ólíka sýn og stjórnin vinnur ekki sem teymi er líklegt að það skapist ekki andrými fyrir breytingar til langs tíma.“

ári eða einu ári. Þetta var tveggja, þriggja ára verkefni.“ FRÉTTAHLAÐIÐ/ERNIR

Álagning á matvöru jafn há eða lægri en í Evrópu

Jón segir að álagning á matvöru á Íslandi sé jafn há eða lægri en í öðrum löndum í Vestur-Evrópu. „Ég rýni í ársreikninga vesturevrópskra matvörfyrirtækja því mér þykir það gaman. Þar má sjá að þeirra álagning, launahlutföll og arðsemi er álíka og hjá okkur. Verðmunurinn í matvöruverslunum á Íslandi og erlendis liggur í innaupsverðinu. Í flestum tilvikum er innaupsverðið sem erlendir birgjar bjóða okkur hærra en annars staðar. Það helgast af því að þeir þurfa jú jafn mikinn mannskap til að þjónusta Ísland

og önnur lönd. Ef íslensk fyrirtæki keyptu í jafn miklu magni og erlendis væri vöruúrvalið af skornum skammti. Það væri einungis ein hvít skyrta á boðstólum og ein blá. Munurinn á stærð markaðanna er það mikill.“

Flutningar hafa alla jafna ekki mikil áhrif á verðlag; yfirleitt um 5-15 prósent. Það fer eftir eðli vörunnar, ef hún er lítil og verðhá hefur flutningur lítill áhrif á verðið en ef hún er stór í sniðum, eins og klósettappir eða ísskápur, hefur hann vissulega töluvert að segja.“

360° samtal fyrirtækja er tækifæri til að fara yfir reksturinn og framtíðaráætlanir hjá þínu fyrirtæki. Að auki færðu yfirsýn yfir öflugar og sérsníðnar lausnir Landsbankans fyrir fyrirtæki af öllum stærðum. Kynntu þér 360° samtal hjá fyrirtækjaþjónustu Landsbankans.



X-LÍNA OPEL ER FULLKOMNUÐ

Nýr Grandland X fullkomnar flokk sportjeplinga frá Opel. Hver þeirra þriggja hentar þér best?



Opel Grandland X

Grandland X er flaggskip sportjeplinga Opel og á frábæru verði. Hér eru þægindi, hátækni og lúxus staðalbúnaður.

Verð frá: **3.990.000 kr.**

Frumskýningartilboð:

Verð frá: **3.790.000 kr.**

UPPELDUR!

Ný sending væntanleg

Opel Mokka X

Mokka X er flottur fjórhjóladrifinn sportjeplingur sem sameinar lipurð og styrk.

Verð: **4.990.000 kr.**

Tilboðsverð:
4.490.000 kr.



Opel Crossland X er öruggasti bíllinn árið 2017 í sínum flokki, samkvæmt EURO NCAP.



Aðeins örfá eintök eftir á þessu frábæra tilboði!

Opel Crossland X

Crossland X kemur þér hvert á land sem er, allt í senn öruggur, rúmgóður, sparsamur og þægilegur.

Verð frá: **3.090.000 kr.**

Tilboðsverð frá: **2.890.000 kr.**

Bíll með fyrirvara um mynd- og textabreytingar.



REYNSLUAKTU OPEL

Komdu og reynsluaktu Opel fyrir **30. september**. Þá ferð þú í pottinn og átt möguleika á að vinna Opel Karl til afnota í heilt ár.



Þýsk gæði
Þýsk hönnun
Þýsk hagkvæmni



THE FUTURE IS EVERYONE'S

Kynntu þér Opel og bókaðu reynsluakstur á grandland.opel.is

Sýningarsalir
Krókháls 9, Reykjavík, 590 2000
Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ, 420 3330

Opunartímar
Virka daga 9-18
Laugardaga 12-16

Bíll til
Benna

Skotsilfur



Guðjón Karl hlutskarpastur

Guðjón Karl Reyndsson, fyrrverandi forstjóri bresku leikfangakeðjunnar Hamley's, hlaut afgerandi kosningu í stjórn Festar, móðurfélags N1 og Krónunnar, og flest atkvæði á hluthafafundi í gær, samkvæmt heimildum Markaðarins. Næst á eftir kom Kristín Guðmundsdóttir, fyrrverandi forstjóri Skipta; svo Margrét Guðmundsdóttir, stjórnarformaður N1 frá 2012; þá Björgólfur Jóhannsson, fyrrverandi forstjóri Icelandair Group, og Ioks Þórður Már Jóhannesson, fyrrverandi forstjóri Straums og fjárfestir. Engu að síður er hann eini stjórnarmaðurinn sem á eitthvað undir í Festi með um 1,6 prósentu hlut. Helga Hlín Hákonardóttir, sem var í stjórn Festar fyrir samrunann, naut hins vegar afar lítills stuðnings hluthafa.



LSR studdi Bubba

Framboð Björgólfs í stjórn N1 kom mörgum á óvart en sagt er að forsvarsmenn LSR og Almenna lifeyrissjóðsins hafi stutt hann til stjórnarsetu. Áður hafði LSR stutt Þórarín V. Þórarinnsson sem bauð sig ekki fram að nýju því hann er stjórnarformaður Reita en Festi rekur eitt stærsta fasteignafélag landsins. Björgólfur er eini stjórnarmaðurinn sem ekki tengdist N1 eða Krónunni fyrir sameiningu á meðan Guðjón Karl og Þórður Már komu úr matvörunni en Kristín og Margrét úr olíunni.



Fara til Íslenskra fjárfesta

Þeir Þorbjörn Atli Sveinsson og Gunnar Freyr Gunnarsson taka til starfa hjá Íslenskum fjárfestum um næstu mánaðamót en þeir létu af störfum hjá Fossum mörkuðum fyrr á þessu ári. Þorbjörn Atli og Gunnar Freyr hitta þar fyrir Hannes Árdal, sem einnig starfaði um skeið hjá Fossum, og þá Sigurð Hreiðar Jónsson og Tómas Karl Aðalsteinsson.



Tollaveislan mikla



Björn Berg Gunnarsson fræðslustjóri Íslandsbanka

Hvenær ætlum við Íslendingar að hætta að notfæra okkur Frakka og Spánverja í viðskiptum? Á síðasta ári var vöruútlutningur okkar til þessara landa

Hnútukast á milli franskra smásölurisa



Kastast hefur í kekkri á milli stjórnenda frönsku smásölukeðjanna Carrefour og Casino eftir að stjórnendur síðarnefndu keðjunnar sögðust hafa hafnað boði þeirrar fyrrnefndu um að ganga til víðræðna um samruna. Yfirlýsingin kom flutt upp á Carrefour sem sagði hana dylgjur einar. „Við erum undrandi á því að samrunatilboð sem við höfum aldrei séð hafi borist á borð stjórnar Casino,“ sagði Alexandre Bompard, forstjóri Carrefour. (NORDICPHOTOS/GETTY)

Vaxtahækkun vekur athygli



Agnar Tómas Möller framkvæmdastjóri sjóða hjá GAMMA

I nýlegu viðtali tjáði Gylfi Zoega, prófessor í hagfræði við Háskóla Ísland, sig um hækkun fastra óverðtryggðra vaxta á íbúðalánum hjá innlánsstofnunum og lifeyrissjóðum, sem hafa hækkað nokkuð undanfarið. Í því samhengi benti Gylfi á að launahækkanir langt umfram framleiðnivöxt muni að öðru óbreyttu leiða til hærri verðbólgu og vaxta og að skýringar á vaxtahækkunum undanfarið megi rekja til ótta um niðurstöðu komandi kjarasamninga. Undir það má taka, en þegar nánar er gætt eru fleiri kraftar að verki.

Vextir á íbúðalánum bankanna eru ákvarðaðir í skuldabréfaútböðum á svokölluðum sértrygðum skuldabréfum, en vextir lifeyrissjóða taka mið af ríkisbrefum eða eru ákvarðaðir af stjórnum þeirra. Sértrygð skuldabréf eru bæði með veði í húsnæðislánnum og á ábyrgð bankanna

og fylgja auk þess stífum skilyrðum. Í Evrópu og víðar eru sértrygð skuldabréf talin vera svo gott sem jafnörugg og ríkisskuldabréf og algengt að þau beri einungis á bilinu 0,1-0,25% hærri vexti en sambærileg ríkisbréf.

Á Íslandi er vaxtaalag þeirra nokkuð hærra, um 0,5% á óverðtrygð skuldabréf og um 0,8% ofan á verðtrygð. Ástæðan fyrir því er ekki sú að hér séu bréfin hlutfallslega áhættusamari heldur vegna þess sem oft hefur verið bent á: mikið útlæði innlendra fjárfesta eftir haftafléttingu, stórukin skuldabréfaútgáfa á markaði, einkum fyrirtekja, mikil aukning í veitingu fasteignalána banka og lifeyrissjóða vegna aukinnar íbúðafjárfestingar, og síðast en ekki síst vegna stífra útlæðisshafna sem hefur stöðvað allar skuldabréfafjárfestingar erlendra aðila hér á landi.

Vextir skiljast að
Frá ágúst 2016 hefur Seðlabankinn lækkað styrivexti úr 5,75% í 4,25%. Áður en vaxtalækkunarferlið hófst voru 4 ára óverðtryggðir ríkisbréfavextir 5,8% en lækkuðu svo hratt næstu misseri. Sú þróun hefur svo snúist við og eru sömu vextir um 5,6% í dag – talsverðar vaxtalækkanir Seðlabankans hafa því lítt skilað sér

inn á skuldabréfamarkað fyrir óverðtryggða vexti sem mynda grunn að vöxtum óverðtryggðra fastavaxta íbúðalána.

Framvirkir vextir 4 ára ríkisbréfa (þ.e. spá markaðarins um framtíðar skammtimavexti) gera ráð fyrir 1,25% hækkun vaxta næstu 12 mánuði, og um 0,5% árið 2020, þ.e. að skammtimavextir hækki úr 4,25% í 6,00% næstu 2 ár. Jafnframt er 4 ára verðbólguálag á skuldabréfamarkaði um 3,8% þegar þetta er skrifað. Þetta er í nokkru ósamræmi við niðurstöður síðustu könnunar Seðlabankans frá því í ágúst á væntingum markaðsaðila, sem að jafnaði vænta óbreyttra vaxta næsta árið og að verðbólga verði um 2,8% að jafnaði næstu 10 ár. Einnig í ljósi þess að áhyggjur markaðarins af WOW air víðast vera fyrir bí í bili sem og fréttir af kjaramálum benda til minni hættu á að launaliðurinn muni fara út fyrir öll mörk, einkum í ljósi versandi stöðu ferðaþjónustunnar og þungis reksturs innlendra fyrirtækja.

Fá óvænta aðstoð
Í Danmörku hefur átt sér stað merki- leg þróun undanfarið – japanskir fjárfestar hafa keypt dönsk sértrygð skuldabréf af miklum móð, í heildina

yfir 8 milljarða dollara frá árinu 2016 og danskir húsnæðis kaupendur geta í dag fest óverðtryggða vexti til 30 ára í 1,5%, meðal annars með hjálp japanskra sparifjäreigenda. Líkt og Seðlabankinn hefur bent réttilega á, eru svo lágir vextir ekki æskilegir til lengri tíma og eru „sjúkdómseinkenni“ fyrir hagkerfi (eða réttara sagt myntbandalög) sem búa við lágan hagvöxt og verðbólgu. En erlendir fjárfestar hafa hins vegar í Danmörku og víðar þar sem hagkerfi standa traustum fótum með litlar skuldir og hátt láns hæfi, líkt og í litla Íslandi, átt þátt í að lækka vaxtakostnað heimila og fyrirtækja enn frekar. Slíkt ætti alltaf að vera eftirsótt fagnaðarefni, sama hvert vaxtastig viðkomandi lands er.

En hér á landi höfum við annan hátt á, og sjáum merki þess undanfarið í hækkun óverðtryggðra fastvaxta húsnæðislána, sem víðast í litlu samræmi við traustar undirstöður hagkerfisins og vænta þróun skammtimavaxta. En yfirlýstur tilgangur hins svokallaða „fjárfrestymistækis“ Seðlabankans hefur meðal annars verið fölginn í því að auka aðhald peningastöðunnar. Það hefur nú tekið svo vel, að tekið hefur verið eftir af fræðimönnum í Háskóla Íslands.

þó orðræðan vestanhafs þessa dagana og gengur forseti Bandaríkjanna svo langt að segja Kinverja ræna bandarísku þjóðina í formi viðskiptahallans og ræðst á nágranna sína í Kanada vegna vöruskiptahalla þó viðskiptajöfnuðurnir sé í heild nálægt núllinu. Til að verja innlenda framleiðslu er tollum útdelt eins og þennum á Framadögum og á endanum tapa allir.

Er það nú viðurkennt að frjáls alþjóðaviðskipti, sem rífu stóran hluta mannkyns upp úr sárrí fátækt, hafi eftir á að hyggja verið mistök?

Er Vesturlöndum betur borgið með verndarstefnu og viðskiptaatriðum? Á hvaða fundi var það ákveðið? Ekki var ég boðaður á þann fund.

Þó að við fylgjumst með þessum farsa úr fjarska er ekki ósennilegt að við Íslendingar förum fljótlega að finna fyrir áhrifum hans. Ísland hefur einmitt notið ávaxtanna af frelsi í utanríkisviðskiptum í ríku mæli síðustu áratugi. Útflýjendur hafa notið tiltölulega óhefts aðgangs að erlendum mörkuðum á sama tíma og lífskjör íslenskra fjölskyldna hafa batnað vegna afnáms

tolla og aukinnar samkeppni á alþjóðavísu. Við eigum því talstvert mikið undir því að ekki verði afturför í þeim efnum.

Á þessu tilefni verður Duane Layton, sem komið hefur að fjölda milliríkjasamninga fyrir hönd bandaríska viðskiptaraduneytisins, gestur Fjármálaþings Íslandsbanka í dag. Hann mun ræða um þær breytingar sem orðið hafa á viðskiptastefnu Bandaríkjanna í forsetatíð Donald Trump og í hvað stefnir með sama áframhaldi sem mun án efa hafa áhrif á okkur öll.



Heilbrigð starfsemi í traustri langtímaleigu!

Rekstraraðilum með heilsutengda þjónustu, verslun eða aðra starfsemi býðst nú til leigu bjart og rúmgott rými á jarðhæð glæsilegrar byggingar í Álftamýri 1-5. Séríngangur er að framan og aftan og næg bílastæði eru við húsið.

Starfsmannaaðstaða er til fyrirmyndar og endurbætur eða breytingar koma til greina eftir þörfum.

Í húsinu er nú þegar starfandi fjöldi lækna og tannlækna auk þess sem þar er að finna ýmsa aðra heilsutengda starfsemi.

Myndir, teikningar og nánari upplýsingar má nálgast á www.reitir.is og hjá Halldóri Jenssyni sölustjóra í 840 2100 eða halldor@reitir.is.

Stjórnar- maðurinn



@stjornarmadur

Á sama báti

Íslensku ferðamannsprengringunni virðist lokið í bili ef marka má spá greiningardeildar Arion banka sem gerir ráð fyrir 4,5% fjölgun ferðamanna á þessu ári, og einungis 1,4% á næsta ári. Auðvitað var það ekki sjálfbært ástand að ferðamönnum héldi áfram að fjölga um 20 til 30% á ári hverju. Einhvern tíma hlaut að koma að því að jafnvægi myndi nást. En athyglisvert er að velta fyrir sér hvers vegna við komum að þeim punkti nú. Sennilegt er að gjaldmiðillinn eigi þar stærstan hlut að máli. Styrkur krónunnar er einfaldlega slíkur að Ísland er á meðal dýrustu áfangastaða í heiminum. Gleymum því heldur ekki að íslenska ferðamannsprengringin hófst þegar krónan var veik í sögulegu samhengi.

Mikil samkeppni hefur verið í flugi til Íslands sem hefur valdið því að hingað hefur fólk getað ferðast til-tölulega ódýrt. Að einhverju leyti hefur það vegið upp á móti því hversu dýrt er að dvelja á Íslandi þegar hingað er komið. Nú eru hins vegar teikn á lofti. Augljós samdráttur er í þeim geirum sem treysta á tekjur af ferðamönnum.

Eins og allir vita hafa bæði flugfélögin átt í miklum vandræðum. WOW bjargaði sér fyrir horn á dögnum og Icelandair hefur birt þrjár afkomuviðvaranir á síðustu mánuðum. Ljóst er að síðarnefnda félagið þarf verulega að taka til í eigin rekstri ef vel á að fara, og enn er óvist um framtíð WOW til langs tíma. Fram kom á fundi Arion banka að eins og staðan væri nú væru flugfélögin að borga um þúsund krónur með hverjum farþega. Slíkt gengur ekki til lengdar.

WOW mun vafalaust bjóða ódýra flugmiða nú meðan félagið freistar þess að ná upp þeim bókunum sem töpuðust kringum skuldafjárútboðið. En til langs tíma er ekki annað að sjá en að báðum flugfélögum sé nauðugur einn kostur að hækka fargjöldin. Verði sú raunin verður bæði orðið dýrt að koma og vera á Íslandi. Ferðamönnum gæti þá farið fækkandi. Hér er því kominn upp gamalkunnug staða. Krónan er orðin of sterk og farin að hamlar samkeppnishæfni landsins. Útflutningsgreinarnar finna mest fyrir því. Ferðaþjónustan og útgerðin eru þar á sama báti. Nú heyrir ekki bara harmakvein frá útgerðinni heldur líka ferðaþjónustunni.

Samt er það þannig að einungis í síðarnefndu greininni heyrir raddir um að taka eigi upp annan gjaldmiðil. Utgerðin er hins vegar söm við sig enda von því að stjórnvöld bjargi málum og felli gengið áður en í öfni er komið. Plástrar frekar en varanlegar skurðaðgerðir.



Fossar markaðir í samstarf við Redington

Fossar markaðir hafa undirritað samstarfs-samning við breska fjárfestingaráðgjafar-fyrirtækið Redington. Samstarfið felur í sér að starfsfólk fagfjárfestabjónustu Fossa og viðskiptavinir félagsins hafa nú aðgang að greiningum Redington á eignastýringarhúsum á heimsvísu. Í tilkynningu segir að sérfræðikunnátt Redington nái yfir 45 eignaflokka um allan heim og byggir á sérniðinni nálgun þar sem greind séu 5-10% þeirra eignastýringarhúsa sem hafa náð bestum árangri í hverjum eignaflokki fyrir sig.



David Witzer.


Með samstarfinu fæst aðgangur að upplýsingum og gögnum sem gefa Fossum og viðskiptavinum félagsins gott yfirlit yfir þá fjárfestingarkosti og sjóði sem stýrt er af fjárfestingastjórum Redington í helstu eignaflokkum.

David Witzer, framkvæmdastjóri fagfjárfestabjónustu Fossa, segist ánægður með samstarfið. „Um er að ræða spennandi samstarf sem gerir okkur kleift að bjóða íslensk-um stofnanafjárfestum sem vilja auka erlenda eignadreifingu einstakt tækifæri á sviði fjárfestinga.“ – hae

21.09.2018

Með þessu vill stjórn N1 skapa fordæmi í íslensku atvinnulífi með því að sýna högvæð og breytilegum launagreiðslum til áæstu stjórnenda.

Margrét Guðmundsdóttir, stjórnarfor-
maður N1



Hámarkaðu árangurinn þinn og verðmæti með því að nýta þér fjölbreytta þekkingu og viðtæka reynslu PwC á öllum sviðum rekstrar

Hafðu samband því þinn árangur er mikils virði.

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framskið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðibjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvalsvíöllur





HAUSTTILBOÐ!

FULLKOMIN MYND · FULLKOMIÐ HLJÓÐ
FULLKOMIN UPPLIFUN!

50.000
AFSLÁTTUR



LG OLED TV

SJÓNVARP OG SOUNDBAR SAMAN Á TILBOÐI!

OLED Ultra HD Premium sjónvarp með Perfect Black, Active HDR myndtækni, Dolby Vision, webOS 4.0 netviðmóti og Magic Remote fjarstýringu með Netflix 4K hnappi ásamt 320w Soundbar með þráðlausum bassahátalara, Spotify Connect, Google Chromecast og Bluetooth tengingu.

OLED55B8 ALPHA 7 + SJ6

LG 55" OLED OG SOUNDBAR

~~329.980 KR.~~ **TILBOÐ 279.980 KR.**

OLED55C8 ALPHA 9 + SJ6

LG 55" OLED OG SOUNDBAR

~~349.980 KR.~~ **TILBOÐ 299.980 KR.**

OLED65B8 ALPHA 7 + SJ6

LG 65" OLED OG SOUNDBAR

~~499.980 KR.~~ **TILBOÐ 449.980 KR.**

BETRA BORGAR SIG

Opið virka daga 10 - 18 · Laugardaga 11 - 16




RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Í dag verður fremur hægur vindur á landinu og verður sólríkt á Suðaustur- og Austurlandi. Í öðrum landshlutum má reikna með lítils háttar skúrum og viðast hvar verður hiti mældur í einum tölustaf.



Fimmtudagur

Reykjavík 6° → 8	Ísafjörður 3° ↗ 6	Akureyri 4° → 6
Egilsstaðir 3° → 9	Kirkjubæjarkl. 6° ↗ 2	Hveravellir -0° → 7

Föstudagur

Reykjavík 8° ↗ 15	Ísafjörður 5° ↗ 19	Akureyri 5° ↗ 18
Egilsstaðir 5° ↗ 13	Kirkjubæjarkl. 6° ↗ 13	Hveravellir 1° ↗ 20

LÉTT

4		3	9	2				
8							7	
1	2					4	6	
		1		8	3	7	9	
2			9	4			8	
		7	6	1				
	6		4				7	
				3	9	8		
7	9	2				1	4	3

MIÐLUNGS

5				7		2	
	9	1		5		4	
2	3	4			9	5	
				5		4	9
4	2			6	7		1
6							
	4	7	1			3	2
6	8		9				

ÞUNG

	8	4		1				
							7	8
			1				3	
6		8	5					9
9			2	7				4
	5		9					
		6				7		2
				3				6
					2	9		1

Krossgáta

LÁRÉTT

- högni
- lélegur
- í rööð
- riki í Afríku
- átt
- mismunur
- bak
- ökryrð
- tínsla
- skráning

LÓDRÉTT

- sárasótt
- rannsaka
- mælieining
- andin
- ódæll
- óbeinlinis
- lúka
- pípa
- tveir eins

1	2	3	4		
5			6	7	
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. högni, 2. lélegur, 3. í rööð, 4. ríki í Afríku, 5. átt, 6. mismunur, 7. bak, 8. ökyrð, 9. tínsla, 10. skráning, 11. högni, 12. lélegur, 13. í rööð, 14. ríki í Afríku, 15. átt, 16. mismunur, 17. bak.

Skák Gunnar Björnsson

Thiermann átti leik gegn Schmitt í Bad Kissingen árið 1954.

1. Ha6! Dxa6 2. Rc7+1-0.

www.skak.is: Ólympískakmótíð er hafið. Á skak.is verða allar upplýsingar um hvernig sé best að fylgjast með skákunum.



9	3	6	2	5	7	1	4	8
2	1	4	8	6	9	3	7	5
5	7	8	1	3	4	9	2	6
3	4	5	7	8	1	2	6	9
6	2	1	9	4	5	7	8	3
7	8	9	6	2	3	4	5	1
8	9	2	3	7	6	5	1	4
4	6	3	5	1	2	8	9	7
1	5	7	4	9	8	6	3	2
1	3	5	2	7	6	9	4	8
7	6	8	3	4	9	1	2	5
9	4	2	5	1	8	3	6	7
8	5	9	4	3	1	2	7	6
2	1	4	6	8	7	5	9	3
6	7	3	9	5	2	8	1	4
3	8	1	7	2	4	6	5	9
4	2	6	8	9	5	7	3	1
5	9	7	1	6	3	4	8	2
8	5	7	9	1	4	3	6	2

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri nju reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Geljan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

X-LÍNA OPEL ER FULLKOMNUÐ

Nýr Grandland X fullkomar flokk sportjeppinga frá Opel. Hver þeirra þriggja hentar þér best?

Opel Grandland X
Verð frá: 3.990.000 kr.
Frumsýningartilboð:
Verð frá: 3.790.000 kr.

UPPSELDUR!
Nýsýndingaverntilg.

Opel Mokka X
Verð: 4.990.000 kr.
Tilboðsverð: 4.490.000 kr.

Opel Crossland X
Verð frá: 3.090.000 kr.
Tilboðsverð frá: 2.890.000 kr.

Reynsluaktu Opel fyrir 30. sept.
Þá ferð þú í pottinn og átt möguleika á að vinna Opel Karil til afnota í heilt ár.

Opel Crossland X er áttuggettur bíll frá 2017. Opel Mokka X er áttuggettur bíll frá 2017. Opel Grandland X er áttuggettur bíll frá 2017.

Vönduð húsgögn og hurðir

- fyrir hótél, gistiheimili og smábúðir



Hótelhurðir
- allt að 47dB og EICS90



- Náttborð
- Höfðagaflar
- Rúm
- Skrifborð
- Skápar
- Töskustandar
- Stólar
- Sófar

Ítölsk gæðahönnun og framleiðsla á hagstæðu og góðu verði. Vandaðar, sérhannaðar lausnir sem uppfylla allar kröfur og staðla. Fjölbreytt úrval í útliti og litum. Viðaráferðir með sterku og endingargóðu yfirborði.

FRÉTTAHLADIÐ MENNING

TEMPUR-DAGAR

25% AFSLÁTTUR

KOMDU NÚNA!




AD SOFA ER EITT
AD HVÍLAST ER ANNAD

ALLT ÞAD NÝJASTA FRÁ TEMPUR ...

TEMPUR-DAGAR

... MEÐ 25% AFSLÆTTI Í BETRA BAKI Í SEPTEMBER

TEMPUR® Hybrid

Hönnuð fyrir sneggra viðbragð



TEMPUR® Original

Hönnuð fyrir meiri stuðning



TEMPUR® Cloud

Hönnuð fyrir meiri mykt

Nýjar gerðir
og fjölbreytt úrval


heilsukodda

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566


Ábendingahnaðinn má
finna á www.barnaheill.is



SAFTI



Nær fullkomin heild

BÆKUR

**Reykjavík um 1900 með
augum Benedikts Gröndals**

★★★★★

Útgefandi: Sögur útgáfa
Ritstjórn: Illugi Jökullsson
Blaðið: 260

Reykjavíkurlýsing Benedikts Gröndals, sem hann skrifaði um aldamótin 1900, birtist fyrst í Eimreiðinni en hefur ekki komið út í sérstakri bók fyrr en nú. Sú bók, sem Sögur útgáfa senda frá sér, er hin veglegasta, eins og Gröndal á skilið, og sérlegur fengur er að þeim fjölmörgu myndum sem hana prýða.

Í bókinni lýsir Gröndal Reykjavík síns tíma og segir frá íbúum, húsum og hverfum, oft mjög ítarlega. Hann fjallar sömuleiðis um götullif, menntalíf, listir, söfn, félagslíf, trúarlíf, skemmtanir og fleira. Hin leiftrandi stílgáfa Gröndals nýtur sín íðulega mjög vel eins og í lýsingu á finum herrum sem Gröndal segir vera „í hinu hærra veldi tilverunnar á flaksandi flugnakapum eins og stórkostlegir leðurblökuvængir, sem fylla loftið með vindi og framfarastormi, og svo má ekki gleyma að hafa staf til að slá í kringum sig – líklega til að ryðja í burtu öllu því sem er sjö eða átta ára gamalt, hvað þá eldra, því það er alítið óbrúkað og á eftir tímanum.“

Kannski hefur enginn Íslendingur verið afundinn á prenti á jafn skemmtilegan hátt og Bene-



dikt Gröndal. Viða í Reykjavíkurlýsingu hans eru meinyrtar athugasemdir um menn og málefni sem krydda verkið mjög. Nokkrum sinnum er lesandinn líklegur til að skella upp úr. Lesturinn er einfaldlega hin besta skemmtun, þótt höfundur hafi vissulega ekki ætlað sér að skrifa skemmtirit heldur rit til upplýsingar. Og upplýsingar um Reykjavík fær lesandinn sannarlega í stórum skömmtum. Sumt þar myndi reyndar eitt og sér virka á köflum sem of nákvæmt og full upptalningarlíkt. Kemur þá að þætti Ívars Gissurarsonar sem sá um myndritstjórn en fjölmargar ljósmyndir eru í verkinu af húsum, umhverfi og fólki í Reykjavík. Lesandinn hefur því Reykjavík þessara ára í mynd um leið og hann les fróðlegar lýsingar Gröndals um bæjar-

lífið. Áhrifamestu myndirnar eru af fólki og ber þá sérstaklega að nefna mynd sem tekin er í októbermánuði árið 1901 af drukknum manni sem liggur í götunni. Önnur býsna athyglisverð er af hinni svipsterku og lifra-reyndu Gunnu Gillarsa í skautbúningi. Vert er að minnast á myndartextana sem eru afar upplýsandi. Reyndar má segja að þessi bók sé prýðilegt dæmi um það þegar texti og myndir vinna vel saman og skapa nær fullkomna heild.

Ýmiss konar ítarefni er í bókinni. Þar er til dæmis að finna stutt brot úr Dægradvöl, hinni leiftrandi skemmtilegu sjálfssævi-sögu skáldsins. Einnig er birt stutt grein frá árinu 1900 þar sem Matthías Jochumsson skrifar um þessa Reykjavíkurlýsingu Gröndals. Auk þess eru í bókinni minningarljóð og erfljóð um Gröndal. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, skrifar aðfarað og Illugi Jökullsson, sem sá um ritstjórn, skrifar skemmtilegan formála. Verulega gaman er að sjá þegar bókaforlög vanda til verka eins og hér er gert.

Kolbrún Bergþórsdóttir

NIDURSTADA: Einstaklega eiginleg bók með Reykjavíkurlýsingu Gröndals og myndum sem fullkomna hana. Bók sem er fallega gerð úr garði.

Magnaðir hápunktar framkölluðu gæsa húð

TÓNLIST

★★★★★

**Verk eftir Strauss og Tsjajkovski.
Sinfóníuhljómsveit Íslands lék.**
Einsöngvari: Þóra Einarssdóttir.

Stjórnandi: Petri Sakari.

Eldborg í Hörpu
fimmtudaginn 20. september

Þegar skákeinvígi aldarinnar stóð yfir hér olli Bobby Fischer mikilli hneykslun með því að hella úr kökflösku yfir skyr og borða með bestu lyst. Þar blandaðist saman eitt helsta táknið íslenskrar menningar og bandarískur þjóðarósómi. Mér datt þetta í hug á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið. Fyrsta verkið á dagskránni var Till Eulenspiegel eftir Richard Strauss, um mann sem uppi var á 14. öld. Hann var sagður mikill þakkarari og ólíkindatöl, og um hann spunust ótal ævintýri. Í verkinu blandast saman algerar andstæður alvarlegrar fagurtónlistar og kæruleysislegra barnalaga, rétt eins og skryðið og kókið hans Fischers.

Till Eulenspiegel er kröftug tónsmíð sem kemur stöðugt á óvart. Alls konar stef renna saman og magnast upp, en svo er þeim gefið langt nef, og eitthvað allt annað tekur við. Þetta kallar á snerpu og nákvæmni í flutningi, og stóð Sinfóníuhljómsveit Íslands fyllilega undir því. Hornleikurinn var hreinn og hnitmiðaður, og dillandi klarinettusólu var pottþétt. Samspil ólíkra hljóðfærahopa var flott og hljómsveitin í heild lék af sannfærðandi innlifun undir stjórn Petris Sakari.

Ekki síðri voru hinir svokölluðu Fjórú síðustu söngvar eftir Strauss, sem á eftir komu. Þar söng Þóra Einarssdóttir einsöng. Yrkisefnið er dauðinn og eru tákmyndir úr nátt-



„Söngur hennar var tilfinningarrikur og margbrotinn.“ FRÉTTAHLADIÐ/GVA

úrinni áberandi. Yfirbragð tónlistarinnar er angurvært, og Þóra gerði henni fullkomin skil. Söngur hennar var tilfinningarrikur og margbrotinn, röddin gædd ótal litbrigðum. Hljómsveitin spilaði líka fallega. Áferðin var draumkennnd og styrkleikahlutföll einsöngs og hljóðfæraleiks voru eins og best verður á kosið. Fiölu-einleikur konsertmeistarans var sérlega fagur.

Eftir hlé var flutt fimmta sinfónían eftir Tsjajkovski. Hún byrjar mjög alvarlega. Tsjajkovski hugsaði mikið um örlögin, hann þjást oft af þunglyndi, og samkynhneigð, sem hann fór leynt með, olli honum sálarangist. Í sinfóníunni heyrst sama stefið aftur og aftur í fleiri en einum kafla, og gengur í gegnum talsverðar umbreytingar. Það er þungbúði í inngangi fyrsta kafla, en þegar það birtist í lokakaflanum er það orðið sigri hrósandi. Stefið hefur verið kallað örlagastefið, því tónskáldið kallaði innganginn „algera uppgjöf

fyrir örlögunum“ í glósabók áður en hann fór að semja sinfóníuna.

Tsjajkovski var þarna undir áhrifum ungverska tónskáldsins Franz Liszt sem endurtók oft sömu stefin í ólíkum köflum sömu tónsmíðarinnar. Hann skapaði þannig áhrifameiri heildarsvip. Sinfónían eftir Tsjajkovski er makalaust verk, fullt af ásamlegum melóðium og svo mögnuðum hápunktum að maður fær gæsa húð aftur og aftur. Flutningur hljómsveitarinnar var í fremstu röð undir öruggri stjórn Sakari. Hornsólið í hæga kaflanum var himneskt, og blásararnir voru allir með sitt á tæru. Strengirnir voru hnausþykkir og munúðarfullir, og tulkunin var gædd ákæfð og spennu sem var einstaklega ánægjuleg. Útkoman var stórbrotin og gripandi; Sinfóníuhljómsveit Íslands var greinilega í toppformi. Jónas Sen

NIDURSTADA: Framúrskarandi flutningur á Tsjajkovski og Strauss.

Gagnsæi og gegndarlaus spilling

LEIKHÚS

Svartlyng



Tjarnarbíó

Leikhópurinn Gral

Höfundur: Guðmundur Brynjólfsson

Leikstjóri og hljóðmynd: Bergur Þór Ingólfsson

Leikarar: Sveinn Ólafur Gunnarsson, Sólveig Guðmundsdóttir, Benedikt Karl Gröndal, Þór Tulinius, Valgerður Rúnarsdóttir og Ragnheiður Eyja Ólafsdóttir

Leikmynd, búningar og gervi: Eva Vala Guðjónsdóttir

Ljósahönnun: Magnús Arnar Sigurðsson og Hafliði Emil Barðason

Sviðshreyfingar: Valgerður Rúnarsdóttir

Ættartengslin sem yfirgnæfa íslenskt samfélag. Einstaklingar sem virðast vera með puttana í öllum kökum. Skúffufyrirtæki sem rekin eru af fjölskyldumeðlimum ráðamanna. Dularfull gögn sem hverfa í skjóli nætur. Afsökunarbeiðnir sem hljóma eins og ávitur. Hljómar eitthvað af þessu kunnuglega? Ef ekki þá býður Leikhópurinn Gral upp á hressilega upprifjun á íslenskum raunveruleika í Tjarnarbíó þar sem leikverkjið Svartlyng var frumsýnt síðastliðinn föstudag.

Fyrir rúmu ári ríðaði þáverandi ríkisstjórn til falls. Ástæðan var trúnaðarbrestur en rötin var ótrúlegt hugrekki ungra kvenna andspænis yfirgnæfandi stjórn-sýslukerfinu. Höfundur verksins, Guðmundur Brynjólfsson, tæklar fólkið í filabeinsturninum með



„Svartlyng er einstaklega gott dæmi um hversu mikilvæg sjálfstæða senan er í leiklistarflórinni.“ segir í dómnun.

surrealismann að vopni. Margt gott er að finna í verkinu sem blandar saman sápuóperu, súrurum húmor og háðrama. Textinn hittir stundum beint í mark en er óþarflega langur, persónur þróast takmarkað og hlutverk sögumannsins hefði mátt úthuga betur.

Um leikmynd, búninga og gervi sér Eva Vala Guðjónsdóttir sem gætir þess að leikritið fái að njóta sín með því að einfalda umgjörðina, einungis fimm stóla og tvo plexí-glerkassa má finna á sviðinu. Rýmið

er síðan fyllt af klósettrúllum sem þjóna bæði sem leikmunir af ýmsu tagi og myndlíking fyrir drullusvaðið sem stjórnmalafólk veður.

Sveinn Ólafur Gunnarsson leikur ráðherra ónefnds stjórnmalaflokks, sem allir áhorfendur ættu að geta nefnt með nafni. Sýninguna byrjar hann vel þegar kómikín er allsráðandi en dalar þegar dramað tekur yfir eftir hlé. Síðustu árin hefur Sólveig Guðmundsdóttir verið að sækja í sig veðrið á sviðinu. Með sanni er hægt að segja nú að hún sé ein besta

leikkona starfandi á íslensku sviði um þessar mundir. Hún er óttalaus, bráðfyndin og einlæg í sinni nálgun á hlutverki skrifstofustjórnar sem hefur afneitunina að atvinnu.

Skrifstofublökinu og millistjórnanda innan flokksins sem enginn man hvað heitir leikur Benedikt Karl Gröndal. Örvæntingarfullar tilraunir hans til að ganga í augun á ráðherra gerir hann vel og líkamsbeitingin er smellin. Allt of langt er síðan Þór Tulinius sást á sviði og hefur hans verið sárt

saknað. Hann hefur engu gleymt en fær því miður of lítið að gera sem undirmálsmaðurinn sem flokkurinn ræður til að þvo glugga í nafni gagnsæis. Valgerður Rúnarsdóttir fer með hlutverk blaðakonu en fær líka fát að gera. Þó á hún heiðurinn, í samvinnu við Sólveigu, af einu fyndnasta dansatriði sem dúkkað hefur upp á sviðinu í langan tíma. Að lokum er nauðsynlegt að nefna hina ungu Ragnheiði Eyju Ólafsdóttur sem fer með smátt hlutverk en kannski það mikilvægasta í sýningunni sem hún leysir á afskaplega áhrifamikinn hátt.

Líkt og handritið spilar Bergur Þór fram mörgum hugmyndum í sýningunni, kannski of mörgum. Svo virðist sem allar hugmyndir sem lagðar voru á borðið hafi endað á sviðinu. Grunnurinn er súrrealísk kómik brotinn upp með nístandi ádeilu. Húmorinn er allsráðandi bróðurpartinn af sýningunni sem hittir stundum í mark en hefði þolað agaðri nálgun. Dramatískari augnablik eru römmuð inn þannig að áhrifin fjölfaldast. Sýningin er upp á sitt besta þegar Bergur Þór leggur hjartað á sviðið. Höggjö út í sal er nánast líkamlegt þegar ráðherrann les upp úr bókinni dularfullu.

Svartlyng er einstaklega gott dæmi um hversu mikilvæg sjálfstæða senan er í leiklistarflórinni. Sýningin er kannski köflótt að gæðum en mikilvægt og skjótt viðbragð við þeim súrrealíska sýndar-leik sem íslensk pólitik er örðin.

Sigríður Jónsdóttir

NÍÐURSTADA: Bútasamur af bráðskemmtilegum senum og skerandi ádeilu sem skortir agaðri nálgun.

RÝMI
OFNASMÍÐJAN



Hillur
í bílskúrinn,
geymsluna
og lagerinn

CONSTRUCTOR
Storage solutions since 1947



Lyftarar og léttitæki

Brettatjakkar

Lyftigeta: 2500 kg
Verð: 43.179 kr. m/vsk



Rafmagnstjakkar

Lyftigeta: 1500 kg
Verð: 282.897 kr. m/vsk



Rafmagnsstáflarar

Lyftigeta: 1000 kg
Lyftihæð: 2,4 m og 3 m
Verð: 589.000 kr. m/vsk



Búdapest

Frá kr.
49.995

4. OKTÓBER
4 NÆTUR



19. OKTÓBER
4 NÆTUR

Frá kr.
64.995



Prag

Frá kr.
59.995

27. SEPTEMBER
4 NÆTUR



5. OKTÓBER
3 NÆTUR

Frá kr.
49.995



DAGSKRÁ

Miðvikudagur

STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.20 Lina Langsokkur
07.45 Strákarnir
08.15 The Middle
08.35 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.20 Spurningabomban
11.20 Jamie's 15 Minute Meals
11.50 Deception
12.35 Nágrannar
13.00 Masterchef The Professionals Australla
13.45 The Heart Guy
14.35 The Night Shift
15.20 Leitinn að uppruninum
15.55 Léttir sprettir
16.15 The Bold Type
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
18.55 Island í dag Skemmtilegur og fjölbreytt dægurmálaþáttur.
19.10 Sportpakinn Íþróttarfréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
19.20 Fréttayfirlit og veður
19.25 Vikingalottó
19.30 The New Girl
19.55 Einfalt með Evu Nýir matreiðsluþættir úr smíðju Evu Laufeyjar og nú leggur hún áherslu á einfaldan og hollan mat sem hentar nútíma fjölskyldum þar sem ekki gefst alltaf mikill tími til eldamennsku. Lögð er áhersla á gott hráefni fyrst og fremst og leiðir til þess að elda bragðgóðan mat sem nærir líkama og sál á skömmum tíma.
20.20 Swiped: Hooking Up in the Digital Age
21.45 Nashville
22.30 Orange Is the New Black Sjötta þáttur af þessum verðlaunaþáttum um Piper Chapman og samfanga hennar í Litchfield-fangelsinu í New York. Ekki missa af þessum hörkuspennandi þáttum.
23.25 Lethal Weapon
00.10 Animal Kingdom
00.55 Ballers
01.25 Pure Genius
02.10 Pure Genius
02.55 Sinister
04.30 StartUp
05.15 The Middle

STÖÐ 2 SPORT

07.55 Oxford - Manchester City
09.35 Manchester United - Derby
11.15 Inter - Fiorentina
12.55 Espanyol - Eibar
14.35 Atletico Madrid - Huesca
16.15 Messan
17.15 Pepsi-mörkin
18.35 Liverpool - Chelsea
20.45 Valur - Breiðablik
22.25 Napoli - Parma

STÖÐ 2 SPORT 2

09.00 Bologna - Roma
10.40 AC Milan - Atalanta
12.20 Frosinone - Juventus
14.00 Itölsku mörkin
14.30 Liverpool - Southampton
16.10 Brighton - Tottenham
17.50 Messan
18.50 Tottenham - Watford
21.00 Celtic - Rosenborg
22.40 Leganés - Barcelona

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Ríó
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
 FM 96,7 Létt Bylgjan
 FM 97,7 X-ió

FM 98,9 Bylgjan
 FM 99,4 Útvarp Saga
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

EINFALT MEÐ EVU

EINFALT MEÐ EVU
KL. 19:55

Skemmtilegir og gírnilegir matreiðsluþættir úr smíðju Evu Laufeyjar þar sem hún leggur áherslu á einfaldan og hollan mat sem hentar nútíma fjölskyldum í dagsins önn.

Frábær miðvikudagur

Fáðu þér áskrift á **stod2.is**



HBO

SWIPED: HOOKING UP IN THE DIGITAL AGE
KL. 20:20

Stórgóð og áhugaverð heimildarmynd frá HBO um stefnumótamarkaðinn á stafrænni öld. Rætt er við þá sem nýta sér þessar þjónustur og sérfræðinga í þessum geira.

NASHVILLE
KL. 21:50

Allra síðasti þáttur um frábæru kántrí-söngkonurnar Raynu Jaymes og Juliettu Barnes sem eiga í stöðugri valdabaráttu.

ORANGE IS THE NEW BLACK
KL. 22:35

Skemmtilegir verðlaunaþættir um Piper Chapman og samfanga hennar í Litchfield-fangelsinu í New York.

BRIDGET JONES'S BABY
KL. 19:55

Frábær gamanmynd um hina seinheppnu Bridget Jones sem er nú komin á fimmtugsaldurinn og ófrísk af sínu fyrsta barni.



Allt þetta og meira til á **stod2.is**

stod2.is

STÖÐ 3

19.10 Great News
19.35 The Big Bang Theory
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 Two and a Half Men
21.15 The Newsroom
22.10 The Hundred
23.20 Great News
23.45 The Big Bang Theory
00.30 Friends
00.55 Tónlist

STÖÐ 2 KRAKKAR

07.24 Svampur Sveins
07.49 Lalli
07.54 Rasmus Klumpur og félagar
08.00 Strumpanir
08.25 Ævintýraferðin
08.37 Gulla og grænjaxlarnir
08.48 Hvellur keppnisbill
09.00 Stóri og Litli
09.13 Tindur
09.23 Mæja býfluga
09.35 K3
09.46 Grettir
10.00 Dóra könnuður
10.24 Mörgæsinnar frá Madagaskar
10.47 Doddi litli og Eyrnastór
11.00 Áfram Diego, áfram!
11.24 Svampur Sveins
11.49 Lalli
11.55 Rasmus Klumpur og félagar
12.00 Strumpanir
12.25 Ævintýraferðin
12.37 Gulla og grænjaxlarnir
12.48 Hvellur keppnisbill
13.00 Stóri og Litli
13.13 Tindur
13.23 Mæja býfluga
13.35 K3
13.46 Grettir
14.00 Dóra könnuður
14.24 Mörgæsinnar frá Madagaskar
14.47 Doddi litli og Eyrnastór
15.00 Áfram Diego, áfram!
15.24 Svampur Sveins
15.49 Lalli
15.55 Rasmus Klumpur og félagar
16.00 Strumpanir
16.25 Ævintýraferðin
16.37 Gulla og grænjaxlarnir
16.48 Hvellur keppnisbill
17.00 Stóri og Litli
17.13 Tindur
17.23 Mæja býfluga
17.35 K3
17.46 Grettir
18.00 Dóra könnuður
18.24 Mörgæsinnar frá Madagaskar
18.47 Doddi litli og Eyrnastór
19.00 Paddington

GOLFSTÖÐIN

08.00 Tour Championship
14.00 Tour Championship
20.00 Champions Tour Highlights
20.55 Golfing World
21.45 Estrella Damm Mediterranean
00.45 Champions Tour Highlights

STÖÐ 2 BIÓ

11.20 Isabella Dances Into the Spotlight
13.00 Collateral Beauty
14.35 Bridget Jones's Baby Skemmtileg mynd frá 2016 með Renée Zellweger, Colin Firth og Patrick Dempsey ásamt fleiri stórgóðum leikurum. Sagan um hina skemmtilegu en seinheppnu Bridget Jones heldur hér áfram.
16.35 Isabella Dances Into the Spotlight
18.15 Collateral Beauty
19.55 Bridget Jones's Baby
22.00 The Boss Stórskemmtileg gamanmynd frá 2016 með Melissa McCarthy og Kristen Bell.
23.40 The Revenant
02.15 For Those in Peril
03.45 The Boss

RÚV

13.00 Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2008-2009
14.00 Úr Gullkistu RÚV: Halldór um ...
14.30 Úr Gullkistu RÚV: Gott kvöld
15.20 Hyggjur og hugtök - Tilvistarstefna
15.30 Úr Gullkistu RÚV: Útdúrur
16.15 Úr Gullkistu RÚV: Á tali við Hemma Gunn
17.00 Úr Gullkistu RÚV: Vesturfarar
17.45 Táknálsfréttir
17.55 Disneystundin
17.56 Úti í umferðinni
17.59 Gló magnaða
18.21 Sigildar teiknimyndir
18.28 Sögur úr Andabæ - Hinn ókleifi tindur, Mánt Neverest!
18.50 Krakkafréttir
18.54 Vikinglotto
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Kiljan
20.40 Norðurlandsjakinn
21.10 Rivieran
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Vietnamstríðið
23.20 Vegir Drottins
00.20 Kastljós
00.35 Menningin
00.45 Dagskrárlök

SJÓNVARP SÍMANS

08.00 Dr. Phil
08.47 The Tonight Show
09.35 The Late Late Show
10.25 Siminn + Spotify
11.45 Everybody Loves Raymond
12.09 King of Queens
12.34 How I Met Your Mother
12.57 Dr. Phil
13.41 Rise
14.31 Ný sýn
15.03 Með Loga
16.14 Everybody Loves Raymond
16.37 King of Queens
17.01 How I Met Your Mother
17.23 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show
19.00 The Late Late Show
19.45 American Housewife
20.10 Amazing Hotels: Life Beyond the Lobby
21.10 Kevin (Probably) Saves the World
22.00 Elementary
22.50 The Tonight Show
23.35 The Late Late Show
00.15 NCIS
01.00 Station 19
01.45 Billions
02.45 The Handmaid's Tale
03.40 Siminn + Spotify



Mörgæsinnar frá Madagaskar, 10.24, 14.24 og 18.24

Glæsileg íslensk hönnun og smíði á skrifstofuna



Fyrir Á Guðmundsson starfa íslenskir hönnuðir sem hafa þróað húsgögn og hönnunargripur sem skapa notalegt andrúmsloft. Hver hlutur ber einkenni klassískrar hönnunar en er einnig fallegur smíðisgripur sem er þægilegt að nota og sómir sér vel á skrifstofunni.



Táknrænt hrunafmæli í boði Lífsins

Árshátíð Stjórnar-ráðsins var felld niður vegna þess að hún átti að fara fram á 10 ára afmæli hrunsins. Í stað þess að fella niður partíið væri auðvitað tilvalið að halda upp á afmæli hrunsins með almennilegri veislu.

Aðalskemmtiatriði kvöldsins yrði að sjálfsgöðu rapparinn 50 Cent sem myndi ríffa upp sögur úr afmæli Björgólfss Thors á milli laga. Það fræga afmæli fór fram í borginni Miami en veislan færi fram á skemmtistaðnum Miami.

Matseðill kvöldsins inniheldi ekki neinn eiginlegan mat heldur yrði að sjálfsgöðu einungis um ætt gull að ræða.

Hannes Hólmsteinn lét sjá sig og læsi upp úr hrunskýrslunni, jafnvel tæki hann nokkra sjóðheita kafla sem kannski voru klipptir út, eins konar „director's cut“. Improv-Ísland krakkarnir yrðu á svæðinu og tülkuðu lesturinn leikrænt.

Við inngöngu í veisluna fengu allir gestir kúlulán að eigin vali og einungis með plagg upp á slíkt yrði hægt að njóta veitinganna.

Þyrla yrði til taks allt kvöldið og flýgi með fólk beint í Bauluna þar sem hægt er að kaupa pylsu með öllu.

Við lok veislunnar yrði kostnaðinum skipt niður á alla gestina og hann auðvitað mjög hár – þar yrði þá bæði táknrænt og eiginlegt hrun sem yrði undirstrikað með því að hægt væri að lýsa yfir gjaldproti með mjög auðveldum hætti í bás fyrir utan veislusalinn. stefanthor@frettabladid.is



Þyrla myndi flytja fólk í pylsu með öllu í Baulunni.

50 Cent tæki sín þekktustu lög auk þess sem hann myndi segja gamansögur úr góðærinu.



Skemmtistaðurinn Miami væri heppilegur vettvangur veislunnar.



Sírka svona yrðu veitingarnar.



Kúlulán á hvern einasta gest.



Hannes Hólmsteinn myndi lesa valda kafla úr skýrslunni sinni.



Improv-krakkarnir myndu taka spuna byggðan á góðærinu og hruninu.

Pylsa með öllu beint úr Baulu er toppurinn á menningu vorri.



**Opinn fundur í Gróubúð,
Grandagarði 1,
27. september 2018 kl. 20**

Viltu gefa af þér og vera partur af skemmtilegum hópi slysavarnafélaga?

Slysavarnaeildin í Reykjavík
www.slysavarnaeild.is



VELJUM GÆÐI VELJUM ÖRYGGI



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

27. SEP 19:30 AUKATÓNLEIKAR

28. SEP 19:30 ÖRFÁ SÆTI LAUS!

29. SEP 17:00 ÖRFÁ SÆTI LAUS!

UPPISTAND!

ARI ELDJÁRN OG SINFÓ


Á uppistandstónleikum Ara Eldjárns og Sinfóníuhljómsveitar Íslands fléttast saman óborganleg kímigáfa og meistaraverk tónlistarinnar svo að úr verður sannkölluð eðalskemmtun fyrir alla fjölskylduna. Hljómsveitarstjóri er Bernharður Wilkinson.

Tryggðu þér sæti!



TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



Aðalstyrktaraðili :
GAMMA



NÝ VEFVERSLUN

HUGINN MUNINN SKYRTUR

HUGINN MUNINN

www.huginnmuninn.is



VIÐ SJÁUM UM BRÚÐKAUPIÐ ÞÚ ÞARFT BARA AÐ SEGJA JÁ!

Við leigjum og seljum
Tjöld, borð og stóla, uppblásna sófa, hljóðkerfi, ljósakerfi, skjávarpa og sýningartjöld, confetti sprengjur.

Sláðu á þraðinn ef eitthvað af þessu er að vefjast fyrir þér. Það eina sem þú þarft að gera er að skemma þér.

EXTON REYKJAVÍK
S: 575-4600
EXTON@EXTON.IS

EXTON AKUREYRI
S: 575-4660
AKUREYRI@EXTON.IS

EXTON
Ljós - Hljóð - Mynd
www.exton.is



weber gæði... ending... ánægja.

skoðaðu úrvalið á Weber.is



30 ÁRA
2018

Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágræða flisum

Flisabúðin
Stórhöfða 21 | s: 543 3300 | flis.is

Finndu okkur á facebook



Arni Theodór Long bruggmeistari og Finnur Malmquist, sem hannaði umbúðirnar, opna sér einn svekkaldan.

Hönnunarverðlaun til Ástríks

Íslenskir bjórar eru ekki aðeins góðir heldur líta þeir líka vel út. Það var staðfest þegar Ástríkur, bjór Borgar brugghúss, vann til hönnunarverðlauna á alþjóðlegu World Beer Awards-hátíðinni.

Ástríkur, hinsegin bjór-dós Borgar brugghúss, var valin besta dósahönnunin á World Beer Awards. Dósin skartar regnbogalitunum en bjórinn er bruggaður árlega í samstarfi við Hinsegin daga. Ástríkur hefur verið árlegur partur af Hinsegin dögum allt frá 2013 og hefur dósin vakið athygli um allan heim. Hafa fleiri framleiðendur fengið hugmyndina lánaða hjá Borg.

Finnur Malmquist, grafískur hönnuður á Ennemm, sem hannaði dósin, segir að það sé alltaf gaman að fá viðurkenningar. „Þetta eru auðvitað umbúðir eins og hvað annað. Í sjálfu sér er ekki mikil hönnun á bak við dósin. Þessi hugmynd, að ljá þessu málefni lið, kemur fyrst árið 2013. Þá var spurning hvort við myndum ekki gera dós í litum Gay Pride-flaggins.

Snúningurinn var að búa til jákvætt nafn. Lendingin var Ástríkur. Við vorum líka að tengja við teiknimyndahetjurnar Ástríkur og Steintrík. Töldum þá vera Belga en höfundarnir eru reyndar franskir. Þess vegna er hann bruggaður í belgiskum stíl.

Svo snerum við heitinu og öllum upplýsingunum á hvolf – til að tengja h in segin daga við dósin,“ segir Finnur.

Arni Theodór Long, bruggmeistari á Borg, segir að það sé forrættindi að taka þátt í einhverju sem skipti raunverulega máli og Hinsegin dagar séu klárlega þar á meðal. „Við höfum bruggað Ástríkur frá 2013 og hann vekur jafnan mikla umræðu og athygli. Það er sérstaklega gaman að kynna hann erlendis og fara yfir beina og óbeina merkingu nafnsins Ást-ríkur og útskýra tengingu nafnsins við Hinsegin daga, en það snýr jú hinsegin á dósinni, eða á hvolfi – en á ensku heitir hátíðin auðvitað bara Reykjavík Pride – sem getur komið manni í alls konar útskýringarvand-ræði. Eftirspurnin hefur aukist ári frá ári og Ástríkur selst alltaf upp, þrátt fyrir aukna framleiðslu árlega.“
benediktoas@frettabladi.is



Ástríkur er belgiskur bjór og er nú um 4,6% en fyrsta útgáfan var um 10%.

Baráttubjór

Hinn upphaflegi Ástríkur var maltríkt öl í belgiskum klaustur-stíl með styrkleika upp á heil 10%. Það þýddi að verðið var hátt, þökk sé íslenska áfengisskattinum. En tímarin breytast og Ástríkur hefur orðið sífellt stærri hluti af gleðinni á Hinsegin dögum. Í fyrra var hann formlega orðinn hluti af hátíðinni sem styrktaraðili. Ástríkur hefur nú verið færður í aðgengilegri, budduvænni og hressari belgiskan pale ale stíl og hefur létt sig aðeins og mælist nú með styrkleika upp á 4,6%.

„Ég get þó fullyrnt eitt að ofarlega á listann minn yfir það sem gerir lífið þess að virði að lifa því er að hafa tekið þátt í sýningunni „Allt sem er frábært“ í Borgarleikhúsinu.“
MK. Viðsjá

★★★★★
„Hugnæm sýning um grafalvarlegt málefni þar sem Valur Freyr sýnir krafta sína á sviðinu enn á ný.“
SA. Fréttablaðið

★★★★★
„Valur Freyr er eins og fiskur í vatni í þessari sýningu þar sem hann leikur, syngur og dansar léttilega í gegnum vandmeðfarinn efniviðinn.“
SBH. Morgunblaðið

„Það leikur enginn vafi á því að Valur Freyr vann hjörta áhorfenda með smitandi leikgleði og orku, söng og dans.“
Kastljós. HA

Allt
sem er
frábært



BAKÞANKAR

Davíðs
Porlákssonar



Lögmaður númer 109

Dómsmálaráðuneyti auglýsir laus til umsóknar tuttugu leyfi til að stunda lögmenntu á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum og þrjú leyfi á Akureyri. Það er erfitt að ímynda sér nútímalegt vestrænt ríkisvald sem myndi láta sér detta í hug að senda frá sér svona auglýsingu. Eða hvað? Íslenska ríkið auglýsti reyndar síðastliðinn fimmtudag laus til umsóknar tuttugu leyfi til leiguaksturs fólksbifreiða á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum og þrjú á Akureyri.

Leigubílstjórar eru eina starfstéttin á Íslandi sem nýtur verndar með fjöldatakmörkunum. Þessar reglur er nefnilega ekki settar neytendum til hagsbóta, heldur þeim nokkrum hundruðum sem hafa leyfi til að aka leigubílum. Engum hefur tekist að útskýra hvernig stendur á því og af hverju lögmál um framboð og eftirspurn ættu ekki að gilda um þessa atvinnugrein. Aðrir atvinnubílstjórar, svo sem sendi- og rútubílstjórar, virðast ekki vera í vandræðum með að rata um öngstræti hins frjálsa markaðar.

Afnám hindrananna myndi hafa margvisleg jákvæð áhrif í för með sér fyrir neytendur og efnahagslífið í heild. Dyr myndu opnast fyrir farveitur, eins og Uber og Lyft sem hafa það að markmiði að greiða fyrir umferð, til að koma inn á markaðinn. Verð mun lækka, þjónusta batna, engin þörf verður fyrir leigubílastæði, sveigjanleiki og öryggi eykst auk þess sem afnámið mun fela í sér þjóðhagslegan ábata.

Eftirlitsstofnun EFTA er þúin að benda íslenskum stjórnvöldum á að þetta fyrirkomulag standist ekki. Samkeppni og frjáls markaður á nefnilega erindi alls staðar. Það gilda engin sérstök hagræðilögmál um íslenska leigubílamarkaðinn sem kalla á aðgangshindranir.



Opið allan
solarhringinn
í öllum verslunum

Iceland

Októberfest



Finndu okkur á



PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

EINFALDARI JÓLAINNKAUP

LONDON FRÁ

4.999 kr.*

Tímabil: okt.–des.

EDINBORG FRÁ

4.999 kr.*

Tímabil: okt.–des.

BERLÍN FRÁ

6.499 kr.*

Tímabil: okt.–des.

DUBLIN FRÁ

6.499 kr.*

Tímabil: okt.–des.

MÍLANÓ FRÁ

7.999 kr.*

Tímabil: okt.–des.

STOKKHÓLMUR FRÁ

4.999 kr.*

Tímabil: okt.–des.

KAUPMANNAHÖFN FRÁ

5.499 kr.*

Tímabil: okt.–des.

PARÍS FRÁ

6.499 kr.*

Tímabil: okt.–des.

BRUSSEL FRÁ

6.499 kr.*

Tímabil: okt.–des.

Búðu þig undir jólin í Evrópu. Ljúktu við jólainnkaupin í Stokkhólmi, þræddu götumarkaðina í Dublin eða fáðu þér julefrokost í Köben. Kláraðu jólaundirbúninginn og slappaðu af á aðventunni.

WOW
air